# Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fyrra bindi

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Hrönn Konráðsdóttir

FS789-12023
Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík
2020

*Forsíðumyndin er af Tættum ÁR-515:010, fjárhúsum í landi Gljúfurholts. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© Fornleifastofnun Íslands 2020

Bárugata 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður 5.-7. áfanga aðalskráningar fornminja í Ölfusi. Skráningin fór fram sumrin 2016-2018 og voru skráðar minjar á 25 lögbýlum auk fornleifa sem ná yfir fleiri en eina jörð. Þetta er þriðja og síðasta skýrslan um aðalskráningu fornleifa í Ölfusi og með henni lýkur verkinu. Alls voru skráðar 600 fornleifar í þeim þremur áföngum sem skýrsla þessi fjallar um. Skráningin í Ölfusi hófst 2012 og hafa frá upphafi samanlagt verið skráðar 1412 fornleifar í allri aðalskráningunni. Á svæðinu voru skráðar mjög fjölbreytilegar minjar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög og ummerki um efnistöku eins og mógrafir og torfristu.

Ástand minja á skráningarsvæðinu er í meðallagi og er rúmur helmingur minjastaða horfinn af yfirborði. Í flestum tilvikum hafa minjar horfið í túnasléttun og aðra ræktun. Slíkt kemur ekki á óvart á landbúnaðarsvæði þar sem byggð hefur haldist tiltölulega stöðug.

*Efnisorð:* Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, landbúnaðarminjar, byggðasaga, Sveitarfélagið Ölfus

## Summary

This report provides the results of a general archaeological survey undertaken in Ölfus, southern Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2016 to 2018 and comprised the last part of a general survey within the community which started in 2012. Since the begining 1412 sites have been surveyed but of these, 600 were recorded between 2016 and 2018 on 25 farms. A wide range of archaeological sites was identified, including farm mounds, outhouses, various types of animal folds, as well as peat and turf cuttings.

The preservation of the archaeology within this assessment area was fairly bad, as about half of the sites are no longer visible on the surface. Most of the sites had disapeared due to homefield levelling in the 20th century.

*Keywords:* Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, general survey, agricultural sites, local history, Sveitarfélagið Ölfus

Efnisyfirlit

## Fyrra bindi


1. Inngangur 9
2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi 12
3. Framkvæmd skráningarinnar og fornleifaskrá 14
4. Fornleifaskrá 17
   ÁR-486 Alviðra 18
   ÁR-487 Tannastaðir 39
   ÁR-488 Laugarbakkar 57
   ÁR-489b Fjall 67
   ÁR-490 Árbær 73
   ÁR-491 Þórustaðir 75
   ÁR-492 Hvoll 80
   ÁR-493 Kirkjuferja 91
   ÁR-494 Kirkjuferjuhjáleiga 101
   ÁR-511 Kotströnd 103
   ÁR-513 Gljúfur 113
   ÁR-514 Sogn 121
   ÁR-515 Gljúfurholt 142

Heimildir 145

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 152

Viðauki II: Minjakort 162


## Seinna bindi


4. Fornleifaskrá 9
   ÁR-527 Núpar 9
   ÁR-528 Eystri-Þurá 31
   ÁR-529 Ytri-Þurá 45
   ÁR-530 Þóroddsstaðir 49
   ÁR-531 Riftún 63

| | | |
|---|---|---|
| ÁR-532 | Bakki | 67 |
| ÁR-533 | Hjalli | 81 |
| ÁR-534 | Lækur | 101 |
| ÁR-535 | Bjarnastaðir | 105 |
| ÁR-536 | Þorgrímsstaðir | 111 |
| ÁR-537 | Krókur | 115 |
| ÁR-538 | Gerðakot | 119 |
| ÁR-720 | Fornleifar á fleiri en einni jörð | 120 |

5. Fornleifar og byggðaþróun í Ölfusi 130
- Bæjarhólar, bæjarstæði og býli 133
- Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir 136
- Útihús, kál- og túngarðar 137
- Brunnar og vatnsból 141
- Kvíar og stekkir 142
- Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir 144
- Efnistökustaðir 147
- Samgönguminjar 149
- Landamerki 153
- Engjar og nýting þeirra 154
- Aðrar minjar 155

6. Samantekt 157

Heimildir 163

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 170

Viðauki II: Minjakort 180

Viðauki III: Örnefnakort 198

# 1. Inngangur

Árið 2012 gerðu Fornleifastofnun Íslands og Sveitarfélagið Ölfus með sér samning um aðalskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins. Í upphafi verks var áætlað að ríflega 1200 fornleifar væru óskráðar í sveitarfélaginu en áður höfðu um 500 fornleifar verið skráðar á völdum svæðum. Ástæður fyrri skráninga voru margvíslegar, þó var oftast um að ræða skráningu á afmörkuðum reitum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki var talin þörf á að heimsækja þessa minjastaði aftur og því var ákveðið að Fornleifastofnun kannaði einungis þá staði sem ekki höfðu verið skráðir áður. Samningurinn gerði ráð fyrir að minjarnar yrðu skráðar á sex árum og um 200 fornleifar á ári. Minjarnar reyndust hins vegar nokkuð fleiri en áætlað var eða 1410 og var því einu skráningarári bætt við samninginn. Í þessari skýrslu, sem er sú þriðja og jafnframt síðasta í röðinni, greinir frá niðurstöðum 5. - 7. skráningaráfanga sem fóru fram árin 2016-2018. Með útgáfu hennar er aðalskráningu á öllum jörðum í sveitarfélaginu Ölfusi lokið, utan Herdísarvíkur.[1]

Sumarið 2016 var fimmti áfangi aðalskráningar í Ölfusi unninn. Þá voru skráðar 211 fornleifar á jörðunum Tannastöðum, Laugarbökkum, Fjalli, Þórustöðum, Hvoli, Kirkjuferju, Kirkjuferjuhjáleigu, Kotströnd, Gljúfri og Gljúfurárholti. Sumarið 2017 var skráningunni



Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðum punktum. ©Landmælingar Íslands.

1 Samkvæmt beiðni sveitarfélagsins var sú jörð ekki skráð.

haldið áfram, nánast í miðju sveitarfélagsins. Þá voru skráðar 235 fornleifar á jörðunum Alviðru, Sogni, Núpum, Eystri-Þurá, Ytri-Þurá, Þóroddsstöðum og Riftúni. Sumarið 2018 var lokaáfangi skráningarinnar unninn og 129 minjar á jörðunum Bakka, Hjalla, Læk, Bjarnastöðum, Þorgrímsstöðum, Krók og Gerðakoti skráðar. Að auki birtast í skýrslunni upplýsingar um minjar sem teljast vera á fleiri en einni jörð sem í flestum tilfellum eru leiðir. Þessar minjar hafa verið skráðar jafn og þétt í gegnum árin og eru alls 25 talsins. Samtals voru því skráðir 600 minjastaðir í þessum þremur áföngum.

Að auki skal geta þess að árið 2009 fór fram fornleifaskráning á völdum svæðum í Ölfusi undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur.[2] Sú skráning var gerð vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi og náði til fimm jarða.[3] Í þeirri skráningu voru jarðirnar Hvammur og Árbær fullskráðar og ekki talin þörf á að heimsækja þær aftur. Hins vegar fundust minjar uppi á Ingólfsfjalli, í landi Árbæjar, sem voru ekki skráðar árið 2009. Þær voru skráðar og birtast í fornleifaskrá (kafli 4) í skýrslunni. Jarðirnar Kotströnd og Gljúfurárholt voru skráðar að hluta árið 2009, sú vinna var endurskoðuð eftir þörfum og lokið við að skrá jarðirnar. Af þeim sökum vantar inn minjar í hlaupandi númeraröð þar, þær voru ekki heimsóttar aftur.

Frá upphafi aðalskráningar í Ölfusi hefur Fornleifastofnun Íslands skráð 1412 minjastaði innan sveitarfélagsins. Ragnheiður Gló Gylfadóttir hafði umsjón skráningu þessara áfanga en áður hafði Stefán Ólafsson skráð bænhús og kirkjur á svæðinu. Að auki komu Lilja Laufey Davíðsdóttir, Hrönn Konráðsdóttir og Gylfi Björn Helgason að skráningunni. Skýrslan er í tveimur bindum. Í fyrra bindinu eru upplýsingar um jarðirnar Alviðru, Tannastaði, Laugarbakka, Fjall, Árbæ, Þórustaði, Hvol, Kirkjuferju, Kirkjuferjuhjáleigu, Kotströnd, Gljúfur, Gljúfurá og Sogn. Í seinna bindinu eru upplýsingar um Núpa, Eystri-Þurá, Ytri-Þurá, Þórodsstaði, Riftún, Bakka, Hjalla, Læk, Bjarnastaði, Þorgrímsstaði, Krók, Gerðakot auk minja á fleiri en einni jörð í Ölfushreppi. Við skráninguna var farið á jarðirnar, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn sé að finna og minjum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Allir staðsettir minjastaðir voru hnitsettir og merktir inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem sveitarfélagið Ölfus lagði til.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir ítarleg minjaskrá (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er annars vegar gert grein fyrir því hvenær jarðanna var getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum öðrum þeirra er getið, auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru, til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt

2 Margrét Hallmundsdóttir, 2009.

3 Þetta eru jarðirnar Hvammur, Árbær, Bakkárholt, Kotströnd og Gljúfurárholt.

frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í 4. kafla eru samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (5. kafli). Þar á eftir fylgir ítarleg heimildaskrá. Aftast í báðum bindum eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna á því svæði sem fjallað er um í hvorri skýrslu.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna á einn eða annan hátt. Nöfn allra heimildamanna má sjá í heimildaskrá.

## 2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

*a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,*
*b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,*
*c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,*

*d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,*

*e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*
*f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,*
*g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*
*h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,*
*i. skipsflök eða hlutar þeirra.*

*Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.*

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

## 3. Framkvæmd skráningarinnar og fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó að engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað.

Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði

má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.




**SF-175:009** *Sveinshlaða* tóft hlaða E: 528751 N: 352323

*Sveinshlaða 009, horft til norðurs*

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.
Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.
Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.


Túnakort Alviðru ÁR-486
Skýringar
bæjarhóll
horfinn minjastaður
tóft
gömul bygging sem stendur enn
mörk túns og garða
leifar túngarðs
traðir
Byggt á túnakorti frá 1920
005 útihús
025 túngarður
002 útihús
004 útihús
003 þúst
001 bæjarhóll
007 býli
021 vatnsból
038 klakhús
006 traðir
039 útihús
004 gryfjur
0
50
100
metrar

ÁR-486 Alviðra




"Jarðdýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum." JÁM II, 389.
1847: 12 hdr, bændaeign.
1487: Árið 1487 selur Hálfdan Nikulásarson Guðmundi Einarssyni jörðina Alviðru í Ölfusi fyrir jörðina Egilsstaði í Flóa. DI VI, 589.
"Alviðra er austasti bær í Ölfusi, nær land að hreppamörkum, við land Torfastaða í Grafningi [...] Landamerki: Norðan, úr Prestatanga við Sogið, bein lína í Hádegisholt, þaðan í Hádegisholtseggjar, þaðan lína í Inghól. Sunnan: úr Miðmarkasteini á Hrútasteinatanga við Sogið, bein lína til fjalls, yfir Tannastaðadali í Inghólshæðir uppi á Ingólfsfjalli. Austan: Sogið." Ö-Alviðra b, 1.
Jörðin er sameiginleg eign Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga frá 1. febrúar 1973. Íbúðarhúsið er í útleigu en jörðin er ekki nýtt að öðru leyti.
19120: Tún 6.6 ha, þar af c.9/10 slétt. Garðar 1545 m2.

**ÁR-486:001** Alviðra bæjarhóll bústaður 64°00.023N 20°59.034V
"Bærinn stendur á sama stað og hefir staðið í manna minnum," segir í örnefnaskrá. Bærinn í Alviðru er sýndur á túnakorti frá 1920, nánast í miðju túninu. Öll mannvirki sem eru sýnd á túnakortinu eru horfin. Bæjarhóllinn er mikið raskaður vegna bygginga, samt er enn hægt að greina hluta hans á yfirborði til suðurs. Stafnar bæjarins snéru til suðausturs, heygarður var þar í brekku niður af holtinu sem bærinn er á.


Bæjarhóll ÁR-486:001, horft til suðausturs.

Allt umhverfis bæjarhólinn eru gróin tún. Þau eru komin í órækt og ekki slegin síðustu ár. Fyrir sunnan núverandi útihús er kálgarður, þar er enn rabarbari að hluta. Fyrir austan hólinn er bakgarður núverandi íbúðarhúss. Þar er mikið af trjám.
Bæjarhóllinn er um 40x30 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Núverandi íbúðarhús er í austurhluta bæjarhólsins. Fyrir sunnan bæinn var kál- og heygarður samkvæmt túnakorti. Vesturhluti bæjarhólsins er undir úthúsum sem byggð voru um miðja 20. öld. Fyrir sunnan útihúsin sést móta fyrir kanti en mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjari var á ferðinni og hann illgreinilegur. Kanturinn tilheyrir 20. aldar útihúsunum, er 0,3-0,5 m á hæð



Teikning af minjum á bæjarhól Alviðru.

og fjarar svo út til norðurs. Þar er malarplan og núverandi heimreið að bænum. Kálgarðurinn er sunnan við kantinn og ekki sýndur á túnakortinu. Hann er 29x9 m að stærð, L-laga og veggirnir eru 2 m á breidd. Þeir mjókka upp og eru algrónir. Aðrar hliðar kálgarðsins eru horfnar. Veggirnir eru 0,5-1,2 m á hæð. Það glittir í 1-2 umför af grjóti í botninum. Ekki er langt síðan ræktun var hætt í kálgarðinum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 1; Túnakort 1920

**ÁR-486:002** tóft útihús 64°00.012N 20°59.029V
Á túnakorti frá 1920 er útihús staðsett rúmum 80 m norðan við bæ 001 og um 90 m sunnan við útihús 005. Þar er enn varðveitt tóft.
Tóftin er í fremur sléttu mólendi. Til norðurs og vesturs er ósamfelldur og fremur hávaxinn trjágróður áberandi.
Tóftin er 26x16 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er ferhyrnd og auðveldlega má greina 5 umför af stæðilegu grjóti í veggjum. Suður- og


Tóft útihúss ÁR-486:002, horft til vesturs.



Uppdráttur af tóft útihúss 002.

austurhluti tóftarinnar er kominn undir jörðu, en austur- og norðurveggir hennar eru vel varðveittir. Hleðslur eru grónar og er mesta veggjahæð 1,6 m og eru veggir 1,5-2 m breiðir. Sennilegt er að tóftin sé opin á vesturhluta norðurveggjar. Ekki er þó útilokað að hún hafi verið opin til suðurs- eða vesturs. Sá hluti tóftarinnar er mikið raskaður og af þeim sökum er ekki hægt að segja af eða á um það að svo stöddu. Botn tóftarinnar er á kafi í grasi og ekki sér móta fyrir garða, hlöðu eða frekari hólfaskiptingu innan hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:003** þúst útihús 64°00.046N 20°59.097V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús rúmum 60 m norðvestan við bæ 001 og 20 m sunnan við útihús 004. Þar er enn varðveitt þúst, fast vestan við vírgirðingu.

Svæðið er grasivaxið og slétt. Til austurs er vírgirðing sem liggur norður-suður og fer þvert í gegnum austurhluta þústarinnar. Fyrir innan girðinguna er lítill vísir að trjárækt.




Teikning af þúst 003.



Þúst ÁR-486:003, horft til austurs.

Þústin er 12x7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Búið er að slétta túnið og er þústin 0,2 m há. Hún er á kafi í grasi og er gróður þar áberandi frjósamari en umhverfið í kring. Það gæti bent til mannvistar undir jörðu. Ekki sér móta fyrir veggjum eða dæld á yfirborði. Ennfremur er ekkert grjót sjáanlegt í eða við þústina.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:004** heimild um útihús 64°00.057N 20°59.109V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 90 m norðvestan við bæ 001 og 20 m norðan við útihús 003. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.

Svæðið er grasivaxið og slétt. Til austurs er vírgirðing sem liggur norður-suður, fast austan við áætlaða staðsetningu útihússins. Fyrir innan girðinguna er vísir að trjárækt.

Engin ummerki um úthúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:005** heimild um útihús 64°00.109N 20°59.087V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 170 m norðan við bæ 001 og 90 m norðaustan við útihús 004. Það var í austurjaðri heimatúnsins, á mörkum holts og mýra. Það er horfið, líklega vegna sléttunar. Útihúsið var sunnan við náttúrulega brún í túninu, líklega gróna skriðu. Brúnin er 0,2-0,7 m á hæð og mýrlent undir henni. Mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjari var á ferðinni og ekki útilokað að einhver veggjabrot séu hér enn en verið hulin sökum gróðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:006** heimild um traðir 63°59.998N 20°58.964V

Á túnakorti frá 1920 eru traðir sýndar liggja frá bæ 001 til suðausturs, þær sveigja örlítið fyrir miðju og liggja þá nálega norður-suður. Það svæði sem syðri hluti traðanna lá eftir er talsvert raskað vegna túnasléttunar og hefur það ljóslega raskað tröðunum á þeim slóðum. Bakgarður núverandi íbúðarhúss er yfir norðurhluta þeirra.

Yfir norðurhluta traðanna er bakgarður núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Til suðurs er gróið, óræktað tún sem er deiglent að hluta.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði,
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:007** heimild um býli 64°00.017N 20°59.041V
"Það var byggð heyhlaða í Alviðru fyrir 60 árum. Hún var 23 álnir á lengd og 12 álna breið. Þegar grafið var fyrir tóftinni, kom niður á nokkrar hleðslur af húsum, sem þar höfðu verið gerð, en neðst var stór tóft sem lá til norðurs og suðurs. Hún var grafin í óhreyfða mold. Ofan í gólf þeirrar tóftar höfðu verið grafin ílát eða sáir. Fundum við þrjá sái. Þeir höfðu verið grafnir tæpan metra í jörð og látið undir og utanmeð 30 sentimetra lag af hreinum sandi til að verja fúa. Líka hafa þeir tekið minna pláss í húsinu er þeim var sökkt niður. Einnig hefur geymzt betur skyr og súr matur í þeim með því móti, að þeir voru grafnir í jörð. Það sá fyrir stöfum og botni eins langt og sandurinn náði. Það leit út fyrir, að í einum hafði verið skyr, en ofan í þá hafði fallið rofmold úr veggjum eða þaki. Líka fundust steinar úr hverahrúðri. Þeir höfðu verið hoggnir til, 45 sentimetra langir, 25 sentimetra breiðir, 15 sentimetra þykkir, allir eins, en nær annari hlið steinsins var höggvin í hann laut eða renna, og þegar að þeir voru bornir hver við annan, stemmdu þeir saman enda við enda, og mátti mynda með þeim rennu. Ekki veit ég, til hvers þeir hafa verið notaðir, nema þeir hafðu verið hafðir við rauðablástur eða járnbræðslu, að láta heita járnið renna eftir rennunni. Steinar þessir hafa verið sóttir á þann stað, sem hverir eru eða hverahrúður." Ekki er vitað hvar þessi heyhlaða var staðsett, hún var byggð milli 1900-1920 sé tekið mið af aldri örnefnalýsingarinnar. Á túnakorti frá 1920 er sagt að heyhlaða sé hluti af bæjarhúsunum, líklega er hér um sömu hlöðu að ræða. Ekki er ljóst hvort að þessar minjar eru varðveittar undir sverði, ný úthús voru byggð um miðja síðustu öld og röskuðu hluta af bæjarhúsunum. Þar er fjós sunnar og hlaða til norðurs. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar nánar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 3-4

**ÁR-486:008** *Ferjustaður* heimild um ferju 63°59.949N 20°58.560V
"Ferjustaður: Var rétt norðan við, þar sem Bæjarlækur rennur í Sogið um Bæjarmýri," segir í örnefnalýsingu Þórðar Ö. Jóhannssonar. «...þar sem flutt var yfir Sogið, áður en brúin kom,» segir í örnefnalýsingu Árna Jónssonar. «Er þar ofar [en Þrastalundur] Guddunef, þá Ferjustaður. Þar var flutt til forna og þar til að brúin kom á Sogið. Þar var góður ferjustaður, og fóru menn þar, er hvergi var fært á öðrum stöðum", segir í örnefnaskrá Öndverarness. Staðurinn er sýndur á örnefnakorti sem til er af Öndverðarnesi og fylgir örnefnaskrá þeirrar jarðar. Ferjan var um 400 m austan við bæ 001 og 340 m norðaustan við stekk 011. Þar sjást engin mannvirki né er ferjan merkt inn á Herforingjaráðskorti frá 1909.


Ferjustaður ÁR-486:008, horft til austurs.

Svæðið fyrir vestan Sogið er gróið og mýrlent. Þar sjást engar minjar, svæðið er mjög gróið og ekki nýtt til beitar. Kjarrgróður er ríkjandi á þessum slóðum, mýrlend svæði og mói eru inni á milli.
Engin ummerki ferjunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 1; Ö-Alviðra a, 15; Ö-Öndverðarnes, 6

**ÁR-486:009** *Stekkjarholt* heimild um stekk 63°59.767N 20°58.651V
"Stekkjarholt: Lítið holt niður við Sogið, sunnan Björgúlfsrima," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarholt er um 150 m suðaustan við Heimastastekk 022 og um 570 m suðaustan við bæ 001. Holtið er lítið og stakstætt, fast vestan við Sogið. Þar sjást ekki ummerki um mannvist á yfirborði og allt eins líklegt að örnefnið sé tengt Heimastastekk 022. En ekki er hægt að staðfesta það án frekari heimilda.

Þetta er móbergsholt, 1-2 m á hæð og er mosa- og grasivaxið. Holtið er lítið en sést vel í mýrlendi. Á því eru tvær fuglaþúfur og moldarflag á milli þeirra.
Engin ummerki um stekk sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 1

**ÁR-486:010** *Markaskurður* heimild um landamerki 64°00.882N 20°59.679V


Markaskurður ÁR-486:010, horft til vesturs.

"Markaskurður: Gömul skora eða uppgróið gil, n. Djúpalæks. Nafnið bendir til að þar hafi verið mörk," segir í örnefnalýsingu Þórðar Ö. Jóhannssonar. «Þá kemur Markaskurður, uppgróinn skriðufarvegur með grasi og lyngi. […] Þegar Þorvaldur Þorsteinsson var bóndi í Alvirðu keypti hann landspildu af eiganda Torfastaða, frá Markaskurði og norður fyrir Hádegisholt," segir í örnefnalýsingu Árna Jónssonar. Örnefnið bendir til þess að þarna hafi verið grafinn skurður eða hlaðinn garður úr skriðunni, við farveginn og um leið að landamerki Alviðru hafi verið önnur en nú. Markaskurður er sýndur á uppdrætti sem fylgir örnefnalýsingum, en þar eru tvær grónar skriður og ekki ljóst hver þeirra er umræddur Markaskurður. Hann er rúma 1,6 km norðan við bæ 001 og rúmum 400 m sunnan við Hádegisholt.
Vírgirðing er á milli giljanna. Svæðið er vaxið lyngi, lágu kjarri og víða eru stakstæð björg sem fallið hafa niður fjallshlíðina.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 3; Ö-Alviðra a, 10

**ÁR-486:011** *Inghóll* varða legstaður 63°59.727N 21°01.674V
Í mörkum á milli Hvamms og Alviðru er hóll sem Inghóll heitir, hár hóll, sérkennilegur, jafn vaxinn. Er af sumum talinn 200 faðmar að ummáli við rætur. Hann er í laginu sem uppmokaður haugur, ólíkur öllum hólum og hæðum sem eru á Ingólfsfjalli. Það er hlaðin grjótvarða á kolli hans. Hann er gerður að mestu úr klöppum og urðargrjóti og ekki líklegt, að menn hafi hlaðið hann upp nema að litlu leyti,» segir í örnefnalýsingu.

1641-42: "Kveðið ex tempore yfir haug Ingólfs landnámsmanns, að skipun biskups Brynjólfs, meðan hinir aðrir þénarar hlóðu vörðu yfir haugnum: Stóð af steindu smíði/staður fornmanns hlaðinn/ hlóðu af herrans boði/heiðiteikn yfir leiði;/haugur var hár og fagur/hrundin saman á grundu,/en draugur simmur og magur/drundi björgum undir." Stefán Ólafsson: Kvæði I, Kaupmannahöfn 1885, s. 73.

1703: "Þar fjallið er hæst, þó nokkuð norðar en á því miðju, er haugur Ingólfs Arnarsonar, fyrsta landnámsmanns, mældur við jarðveginn tvö hundruð faðmar í kring, nú graslaus með stórum hellum og mel, sums staðar mosa vaxinn. Haugurinn sést á allar síður á fjallinu nema að norðan. Magister Brynjólfur Sveinsson reið þangað eitt sinn norðan á fjallið að skoða hauginn, hvern hann lét mæla." Halfdan Jónsson, Lýsing Ölfushrepps, SSÁ, 245.

um 1750: "Udi Arness-Syssel imod Sydost paa Ingolfsfjeld ligger Ingolf den forste Landnamsmand begraven. Hans Hoj og Gravsted er hojt og stort, som klarligen kan sees af omrejsende Folk, so færdes om Olveset, eller og osterlig i Flooen." Jón Ólafsson frá Grunnavík, Antiqvariske Annaler II, 185-86.

1821: "Ingholl eda Ingolfs Arnarsonar Haugur; kallast mikid stór griothóll sem stendur nockud vestar enn uppa midiu sokólludu Ingolfsfialli; og er þess hærsti toppur. Vic: lógmadur E. Olafsson, hefr i hans R[ejse]besk[rivelse] sídara parti p:849 skrifad umm þessa Holls stærd. Líkur eru a því; eptir þvi sem su annars mistriggilega Ármans Saga ummgietur; ad Jngolfur Arnarson, sem bio a Reikium i Ólvesi; gamall og blindur þegar Armann kom ut hingad – hafi utvalid sér Legstad i þessum efsta toppi Jngolfsfialls sem Sionar holi; hvadann hann gat yferlitid allt Olvesid og miklu fleiri Hieród; umm Jngolf Singur Egiert i Mánamali – "nemur hatt vid Ský haugnuandi – … Sógusógn almuga umm Jngolf er su

ad hann hafi latid þræla sina tvo sem nefndust Kagi og Kallbakur og þionustu Stulku sem nefndist Ýma bera giersemar sínar og fiarmuni skómmu fyrir sitt andlat uppi Jnghól og grafa þær þar inni. – hafi sidann drepid óll þessi hiu so þau ecki giætu fra sagt ecki er ad óllu olíkleg sagann; þvi Órnefni ber Jngolfsfiall eptir þessumm Hiuumm, þarsem Jngolfur Hefdi att ad fyrirkoma þeim t d Jmu Skard, Kaga Gil og Kallbakur.“ FF I, 223-24.

1840: “Uppi á norðanverðu fjalli þessu er hóll, er kallast Inghóll, og er það almæli, að þar sé heygður Ingólfur landnámsmaður, er fjallið dregur nafn af. Hóllinn er ei mjög stór ummáls og ei merkilegur, ei heldur auðsén á honum mannaverk.” SSÁ, 195.

1873: “Á miðri langri bungu háfjallsins er hóll, - sjáanlegur frá öllum hliðum fjallsins nema að norðan – alveg eins og fornmannshaugur að lögun og einnig stærð að því er virðist; tilsýndar er útlitslíking furðulega mikil; hóllinn nefnist Inghóll. Segir almenn sögn að þar sé heygður Ingólfur fyrsti landnámsmaður Íslands. Sögnin er allgömul, Þórðarbók – og eitthvað svipað virðist gefið í skyn í Hauksbók – bætir viðtexta Landnámu (45) um Ingólf: “Hann var hinn þriðja vetur undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá”, orðunum “þar sem sumir menn segja að hann sé heygður”; … Auðvelt er að komast á fjallið að norðan og að hólnum, og er talið að þá megi sjá, að hann er aðeins gerður af klöpp, grjóti og möl, og öll gerð hans sýnir að hann er náttúrusmíð.”


Varða á toppi Inghóls ÁR-486:011, horft til norðurs.

1898: “Inghóll, eða eiginlega Ingólfshóll, heitir hóll sá á Ingólfsfjalli, sem almennt hefir verið álitinn haugur Ingólfs. Á hann að hafa sagt fyrir að jarða sig þar … bað eg Kolbein bónda Guðmundsson í Hlíð í Grafningi, sem eg vissi að hafði skoðað hólinn, að láta mig fá lýsingu á honum, og gjörði hann það góðfúlsega. Svo segir í bréfi hans: “Hóllinn er sporöskjumyndaður, flatur að ofan og liggur í norður og suður. Hann er um 55 fet á lengd og 35 fet á breidd að ofan. Á hæð er hann um 40 fet. Alstaðar hallar því nær jafnt út af honum. Mannaverk verða engin séð á hólnum nema varða á suðurenda hans, og virðist mér undirstaðan mjög forn. Efnið í hólnum er mest smágrjót, mosavaxið, þó er norðan í honum stórgrýti nokkuð. Að eins á litlum bletti uppá honum gengur járn nokkuð til muna í hann (um 1 ½ al. þar sem ég komst dýpst). Það var norðan til á honum miðjum, og þar var mosalaust. Hvergi gat ég séð merki þess, að grafið hefði verið í hann. – Inghóll liggur hér um bil á miðju Ingólfsfjalli, og enginn hóll honum líkur að lögun er þar nálægt. Í hólum umhverfis hann er tómt blásið stórgrýti og klappir. Alt fyrir það er Inghóll auðsjáanlega verk náttúrunnar.” Nú hefir mér sjálfum auðnast að koma upp á fjallið og sjá hólinn. Heg eg mjög litlu við lýsingu Kolbeins að bæta. Það er víst að hóllinn er verk náttúrunnar. … En varðan á hólnum er mannaverk, sem ef til vill hefir í fyrstu átt að vera minnisvarði Ingólfs – öllu fremur en leiði hans? – Hún er ferskeitt, nál. 1 föm. á hvern veg, en nú er hún ekki hærri en manni undir hönd. Auðséð er, að hún hefir hrunið ofan til og hrapað til norðurs, en lausagrjót er þó ekkert utan með henni. Er því líkast að hún hafi fallið ofan í sjálfa sig, og hefir hún þá verið hol innan. Grjótið í henni er fremur stórt. Um vörðu þessa mun séra Stefán Ólafsson hafa kveðið vísuna: “Stóð af steindu smíði”, og hefir hann þá álitið hana leiði Ingólfs. Nú er hún landamerkjavarða.” Brynjúlfur Jónsson 1899, 14-15. Varða er rúmum 5,8 km norðaustan við bæ 001, á Ingólfsfjalli og 3,5 km norðan við Þórustaðanámu, nálægt norður enda fjallsins. Varðan er upp á Inghól og rafmagnsgirðing liggur meðfram hólnum austanverðum. Útsýni er til allra átta. “Styrmir fróði, sem var uppi á 12. öld, segir, að sumir menn segi, að Ingólfur hafi veirð heygður í Inghól. Brynjólfur biskup í Skálholti fór upp á Inghól með menn með sér. Þar með Stefán Ólafsson skáld í Vallanesi. Hann orti vísu uppi á hólnum, sem er svona:

Stóðu að steindu smíði, staður fornmanns hlaðinn,
hlóðu að herrans boði
heiða teikn yfir leiði.
Haugur var hár og fagur
hrundin saman á grundu.
Draugur dimmur og magur

drundi í björgum undir.
Einar Arnórsson prófessor heldur því fram, að lærðir menn hafi, allt fram á 17. öld, trúað því, að Ingólfur hafi verið heygður í Inghól. Aldrei hefur annar staður verið nefndur legstaður hans. Er því allt, sem bendir til þess að þar hafi hann verið heygður. Því hafi veirðum annan stað að ræða, hefðu þær sagnir að sjálfsögðu getað geymzt, þar sem var um frægasta landnámsmann Íslands að ræða. Bendir því allt til þess, að Ingólfur hafi verið heygður í hólnum." Einnig skráður í landi Hvamms.
Hóllinn er líklega hæsti punkturinn á Ingólfsfjalli. Hann er að miklu leiti ógróinn og steinarnir í honum eru mjög stórir. Inn á milli steinanna vex gráleitur mosi.
Varðan er 1,5 x 1,5 m að stærð og fremur hringlaga. Hún er 0,7 m á hæð og sjást 4-5 umför af grjóti. Varðan er ekki vandlega hlaðin og virðist grjótið vera að lagt þar að handahófi í hrúgu en ekki hlaðið upp. Steinarinir í vörðunni eru ekki mosagrónir og greinilegt er að eintthvað hefur verið bætt í hana á seinni tímum. Það þarf því ekki að vera að hún sé gömul.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 1-2; Stefán Ólafsson, 73; SSÁ, 195, 245; FF I, 223-24; KK I, 56; BJ 1897, 14-15; Ö-Hvammur, 3

**ÁR-486:012** heimild um rauðablástur 64°00.464N 20°59.135V
"Fyrir neðan er Stekkjarmói, nú tún. Þar var rauðiblástur, brennt járn, og þar var viðarkolaaska og sindur," segir í örnefnaskrá. Minjastaðurinn er um 800 m norðan við bæ 001 og rúmlega 50 m sunnan við skurð 014a.
Á þessum slóðum er smáhæðótt og þýft. Jarðvegur er frjósamur og heildargróðurþekja mikil. Þegar því sleppir tekur við óræktað svæði. Búið er að slétta svæðið og við þær framkvæmdir fannst minjastaðurinn. Svæðið var gengið en það var erfitt yfirferðar. Landið er deiglent og vel gróið kjarrlendi. Það hamlaði sýn og vegna þess var erfitt að fulleita á svæðinu. Engin ummerki rauðablástursgerðar sáust á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 12

**ÁR-486:013** *Stekkatún* heimild um stekk 64°00.511N 20°59.342V
"Fyrir neðan [Lækjarhvamm] er Stekkjarmói, nú tún. [...] En undir Höfðanum, á flöt niður við Kúagil, var Stekkatún [...] [þar] var hlaðin fjárrétt ásamt stekk úr grjóti, sem sótt var í skriðuna, svo þarna var allmikill samanburður af grjóti. En þegar lögð var háspennulínan suður með fjallinu, tóku þeir allt grjótið til að fylla með staurunum í leyfisleysi, svo ég vissi ekki af, fyrr en það var horfið [...]. Sér því ekki fyrir, hvar Stekkjatúnið stóð. Þetta stekkjartúnsgerði og -skurð [sjá 014] gerði Árni afi minn og tveir bræður hans, Sigvaldi og Þorvaldur," segir í örnefnaskrá. Réttin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1909. Réttin var um 820 m norðan við bæ 001 og rúmlega 200 m vestan við rauðablástursstað 012.
Höfðinn er efst á Bekknum, gömlum sjávarkambi, við fjallsrætur Ingólfsfjalls. Höfðinn er áberandi í landslaginu og er gróðurþekja umhverfis hann lítil, sem engin.
Engin ummerki um stekk eða rétt sjást á yfirborði. Landið hefur tekið róttækum breytingum í kjölfar lagningu háspennulínu, eins og kom fram í örnefnalýsingu, og líkast til hefur allt byggingarefni stekksins verið notað til að fylla með staurunum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 12-13; Hkort 37 1:50000


Skurður ÁR-486:014, horft til austurs.

**ÁR-486:014** renna vörslugarður
64°00.482N 20°59.111V
"En undir Höfðanum, á flöt niður við Kúagil, var Stekkatún [013]. Þar var hlaðinn garður og gerður skurður niður í Sog, svo að stórgripir komust ekki yfir. Líka var gilið gert ófært fyrir stórgripi. Voru hestar og kýr látnar norður fyrir garðinn, svo að það færi ekki í slægjur, tún og engjar, er voru sunnar með ánni," segir í örnefnaskrá. Skurðurinn er merktur inn á uppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Vörslugarðurinn

er um 880 m norðan við bæ 001 og rúmum 220 m austan við stekk 013. Heimreið að sumarbústað liggur rúmum 50 m vestar.
Á þessum slóðum er þýft deiglendi og setur kjarrgróður sterkan svip á landið. Vísir af votlendisgróðri sést hér og þar og er talsvert mosalag í sverði.
Skurður og meint garðlag eru svæði sem er 220x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Var minjunum gefinn bókstafur til aðgreiningar í þessari lýsingu. Hún hefst að norðan, á skurði A. Hann er sjáanlegur sem renna á um 220 m löngum kafla og liggur svo að segja norðvestur-suðaustur í gegnum óræktað tún. Miðhluti rennunnar er mikið raskaður vegna vélgrafins áveituskurðar, sem og lagningu Grafningsvegar neðri 350. Að öðru leyti er rennan auðgreinanleg. Til vesturs er hún 0,5 m djúp en dýpkar örlítið er austar dregur og er mesta dýpt þar 0,9 m. Rennubotninn er að stórum hluta grösugur og rakur, en á köflum má sjá grunnvatn í honum, einkum upp við fyrrnefndan akveg. Gengið var á svæðinu en engar vörslugarðsleifar B voru sjáanlegar á yfirborði. Landið var allt á kafi í fremur hávöxnum kjarrgróðri, sem og þýft; vegna þess var erfitt að fullleita á svæðinu. Líkast til hefur garðurinn smátt og smátt runnið saman við þúfur í landslaginu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 13

**ÁR-486:015** *Hjáleigur* örnefni bústaður
"Hjáleigur eru sunnar en Stekkjarmói niður við skurð, sem er nýgerður [...]. Þar sem Hjáleigulækur kemur í Sogið, heita Hjáleigur," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Hjáleigur er merkt inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Hjáleigur eru fast vestan við Sogið, norðan við Kúagilstanga. Á þessum slóðum er vel gróið kjarrlendi og hálf deiglent. Örnefnið Hjáleigur gæti bent til kots sem var undirsett bæ 001. Skrásetjari gekk yfir svæðið, en það var erfitt yfirferðar vegna mikils kjarrgróðurs og þegar því sleppir tekur votlendi við. Ekki sáust nein ummerki minja á yfirborði og hinar almennu líkur benda til að ólíklegt sé að búið hafi verið á svo blautu svæði. Sennilegra er að minjasvæðið sé engjar kotbýlisins og hefur staðurinn dregið nafnið sitt af því, en án frekari heimilda er ekki hægt að segja af eða á um það.
Svæðið hallar lítillega til austurs. Landið er gróskumikið og er grasvíðir ráðandi í gróðri. Þegar austar dregur verður svæðið deigt til blaut.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 13

**ÁR-486:016** *Kvíakrókur* örnefni kvíar 64°00.240N 20°59.254V
"Þá kemur Gönguskarð, Bæjarfell, Brekkur, Kvíakrókur...", segir í örnefnalýsingu. Kvíakrókur er um 180 m norðan við Balakofa 017 og um 530 m norðan við bæ 001. Ekki eru ummerki um tóft eða önnur mannvirki á þessum slóðum. Ekki er vitað hvort að kvíarnar voru hlaðnar eða um færikvíar að ræða. Hafi svo verið er ekki mikilla ummerkja að vænta á yfirborði.
Slétt, ræktað tún. Það lækkar til austurs og þar er náttúruleg brún. Deiglendi er austan við brúnina. Túnið er komið í órækt og ekki nytjað. Gamall vegslóði liggur í túninu, líklega að sumarbústað sem er rúmum 200 m norðar.
Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 14

**ÁR-486:017** *Balakofi* þúst fjárhús 64°00.196N 20°59.243V
"Þá kemur Gönguskarð, Bæjarfell, Brekkur, Kvíakrókur [016], Flatir, Balakofi, þar voru fjárhús..." segir í örnefnalýsingu. Balakofi er tæpum 240 m norðvestan við Stöðulklett 018 og tæpum 370 m norðvestan við bæ 001. Hann er skammt norðan við heimatúnið, rétt austan við þjóðleið ÁR-720:010.
Raflína liggur fast vestan við veg 720:010, 20-30 m vestan við þústina. Annars er ræktað tún á þessu svæði. Það hefur ekki verið slegið lengi og komið í órækt.
Þústin er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Búið er að rífa eða slétta yfir mannvirkið, slétt þúst sem er 0,1-0,4 m á hæð er eftir. Þústin er grafinn inn í brekku til vesturs og skagar fram í túnið. Ekki er hægt að greina nákvæmara lag Balakofa, gróður var auk þess mikill þegar skrásetjari var á ferðinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Balakofi ÁR-486:017, horft til ASA.




Teikning af Balakofa 017.

**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 14

**ÁR-486:018** *Stöðulklettur* heimild um kvíar 64°00.142N 20°58.976V



Stöðulklettur ÁR-486:018, horft til norðurs.

"Þá kemur Gönguskarð, Bæjarfell, Brekkur, Kvíakrókur [016], Flatir, Balakofi [017], þar voru fjárhús; þá stöðulmói, Stöðulklettur, það er stór klettur, og var önnur réttin undir honum að sunnan, en hin að norðan. Voru þar ær mjólkaðar og var alltaf skjól í réttunum á ánum, því eftir því sem áttir voru, voru réttirnar notaðar," segir í örnefnaskrá. Stöðulklettur er tæpum 230 m norðan við bæ 001 og um 70 m norðaustan við úthús 005. Hann var rétt utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.
Allt umhverfis Stöðulklett er deiglendur og smáþýfður mói. Svæðið er framræst en ekki sléttað. Þrátt fyrir það eru báðar réttirnar horfnar.
Engin ummerki um kvíarnar fyrir norðan og sunnan klettinn sjást nú. Stöðulklettur er 1-2 m hár, hliðar hans eru brattar til norðurs og suðurs. Til vesturs kemur grjóthryggur upp úr sverði, náttúrulegur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 14

**ÁR-486:019** *Mógrafir* heimild um mógrafir 64°00.119N 20°58.948V
"Þar fyrir neðan [Bleiksvöll] eru Mógrafir. Þar var tekinn mór. Var mannhæðardjúpur ruðningur, en mór 5 stungur. Efst var mold, þá deigull, síðan deigulblandin mór, þá lyngmór með trjástofnum í, sumum 15 sentimetra gildum, en neðst var græn drulla með tágum, sem líktust mest einirtágum, ófúnum, hörðum og seigum, svo að beittar skóflur unnu illa á þeim. Sumt af deiglunum var hvítur jökulleir. Hann var stundum hnoðaður og látinn yfir skyrílát, er geymd voru til vetrar. Það var að mestu hætt að taka mó, er hætt var að elda í hlóðum, því þá komu eldavélar og kol," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru 50 m suðaustan við Stöðulklett 018 og tæpum 200 m norðaustan við bæ 001. Þurrt lækjardrag, meðfram gróinni brún er skammt norðar. Þetta er líklega gróin hraunbrún eða skriða.
Framræst, ræktað tún. Mógrafirnar sjást ekki, líklega var fyllt upp í þær eða jarðvegur sigið ofan í þær. Engin ummerki um mógrafirnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 14

**ÁR-486:020** náma mógrafir 63°59.599N 20°58.632V



Mógrafir ÁR-486:020, horft til suðurs.

"Það var tekin mór suðurundir mörkum, við Hrútasteinslæk. Var þar allgóður mór, en virtist búin. Það vottar fyrir mó í bökkum Sogsins, en er vondur og þótti ekki hirðandi," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru um 800 m suðaustan við bæ 001 og rúmlega 100 m norðan við stekk 028.
Svæðið er þýft deiglendi sem hallar smávægilega til austurs. Náttúrulegar, grasivaxnar klettabungur sjást hér og þar og til norðurs er kjarrgróður og grasvíðir áberandi.
Illgreinanlegar mógrafir eru á 60x30 m stóru svæði sem snýr nálega austur-vestur. Á umliðnum árum hefur svæðið verið ræst fram, þó sjást með ágætum vilja um 5-10 talsvert grónar mógrafir, sem sumar eru teknar að renna saman. Að auki má sjá grunnar lautir innan svæðisins, einkum á suðurhluta þess, sem gætu verið ummerki eftir mótak. Hin almenna regla innan svæðisins er að grafirnar eru ferhyrningslaga, 5x4m að stærð, og snúa nálega austur-vestur. Iðulega eru þær 0,2 m djúpar með algróinn og þurran botn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 14-15

**ÁR-486:021** *Bæjarlækur* lind vatnsból 64°00.004N 20°58.956V



Tjörn í Bæjarlæk ÁR-486:021, horft til SSA.

"Þá fer ég heim að bæ og að klakhúsi [038] við uppsprettu Bæjarlækjar. Lækur þessi sprettur upp úr klapparþró. Þar var vatnsbólið í Alviðru [001] frá fyrstu tíð. Er þar ágætt vatn. Ég setti vatnshrút við lækinn og spýtti hann vatninu í fjós og bæ svo tugum ára skipti. En svo var hann farinn að slitna," segir í örnefnaskrá. Bæjarlækurinn er um 70 m austan við bæ 001 og rúmum 50 m norðan við þúst 039. Lækurinn sést auðveldlega og er ekki nýttur lengur (2017).
Svæðið er grösugt og hæðótt. Slitróttur trjágróður með gróðurmiklum botngróðri er áberandi til austurs og norðurs.
Bæjarlækurinn rennur á tæpum 30 m löngum kafla til austurs-vesturs. Hann rennur undan grónum hól og út í tjörn sem myndast hefur í miðjum bakgarði núverandi íbúðarhúss Alviðru. Gott aðgengi er að læknum, sem er lítilfjörlegur og er hann bæði grunnur og vatnslítill. Hann er 0,3 m breiður og kaldur viðkomu. Engin ummerki um vatnshrút, sem nefndur er í örnefnaskránni, sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 15-16

**ÁR-486:022** *Heimastistekkur* tóftir stekkur 63°59.800N 20°58.804V
"Þá er vallendisrimi. Í honum eru tættur. Það heitir Heimastistekkur," segir í örnefnalýsingu. Á valllendisrimanum eru þrjár tóftir, allar mjög grónar. Þær eru rúmum 420 m suðaustan við bæ 001 og 160 m norðvestan við Stekkjarholt 009. Vélgrafinn skurður er 20 m vestar og raflína er fast austan við tóftirnar. Mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjarar voru á ferðinni og ekki útilokað að frekari minjar sé þarna að finna.
Gróinn, deiglendur mói. Til allra átta er framræst mýri, Bæjarmýri. Svæðið er ekki nytjað og langt um liðið frá því að þar var beitt. Kjarrgróður er víða, lækjardrög og blautar dælur. Svæðið er í halla til




Til vinstri er beitarhús ÁR-486:022c, horft til vesturs. Til hægri er beitarhús ÁR-486:022b, horft til NNV.



Tóft ÁR-486:022a, horft til vesturs.

austurs, niður að Soginu.
Á svæði sem er 50x30 m að stærð og snýr norður-suður eru þrjár tóftir sem hver fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft C er nyrst. Hún er 15x7 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Sé tekið mið af lagi og gerð tóftarinnar er þetta stekkur. Op er á milli hólfanna og veggirnir eru algrónir elftingu og grasi. Ekkert grjót sést í veggjum en þeir eru torf- og grjóthlaðnir. Hæð gróðursins ýkir veggjahæðina. Hólf 1 er austar. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Hólfið er opið til norðausturs og annað op er á miðjum vesturvegg, yfir í hólf 2. Það hólf er austar. Það er snýr norður-suður og er 4x2 m að innanmáli. Veggirnir eru eins og í hólfi 1. Tóft B er 14 m SSV. Hún er sigin, nánast um þúst að ræða. Hún er 11x7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er stórþýfð og ekkert hægt að segja til um nánara lag, op eða hólf. Gróður var mjög mikill og byrði mögulega sýn. Tóftin er 0,3 m á hæð en hvergi mótar fyrir innri brún veggja. Tóft A er 8 m suðaustar. Þarna sjást tvö byggingarstig, þúst með yngri tóft ofan á. Þústin er 14x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Óljós veggur sést í vesturhluta, þúfur sýna staðsetningu hans einna best. Hann er 0,2 m á hæð og algróinn. Uppi á vesturhluta þústarinnar er yngri tóft. Hún er 5x5 m á hæð og opin til austurs. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og um 2 m á breidd. Óljóst mótar fyrir öðru opi til vesturs.




Uppdráttur af minjum í Heimastastekk.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 18

**ÁR-486:023** *Áveita* garðlag áveita 63°59.631N 20°58.734V
"Dalur, Áveita, Miðmörk, Klapparhóll," segir í örnefnaskrá. Áveiturnar eru merktar inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Þrír flóðgarðar eru um 680 m SSA við bæ 001 og rúmum 190 m norðvestan við stekk 028. Raflína liggur þvert yfir svæðið og bílaplan er þarna nokkuð vestar, við þjóðveginn.

Svæðið er í gróskumikilli brekku sem hallar lítillega til austurs. Grónir og grunnir vatnsfarvegir eru sjáanlegir hér og þar. Landið er hálfblautt, vaxið störum, smárunnum og öðrum votlendisgróðri. Til norðurs tekur þurrlendi við og setur kjarrgróður þar sterkan svip á landið.



Flóðgarður ÁR-486:023a, horft til NNA.

Tvö veigalítil garðlög eru á svæði sem er 290x180 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Bæði garðlögin liggja í gömlum og nær algrónum vatnsfarvegum. Þau eru torfhlaðin og móta sér fyrir pælu vestan við báða garðanna, þar var byggingarefni þeirra tekið. Hverju mannvirki var gefinn bókstafur til aðgreiningar í þessari lýsingu og hefst hún til austurs, á garðlagi A. Garðurinn sést á 290 m löngum kafla og liggur NNV-SSA, en fyrir miðju tekur hann lítinn sveig til suðurs og liggur þá nálega norður-suður. Mesta hæð veggja er 0,4 m og eru þeir 0,2-0,4 m á breidd. Garðlag B er um 80 m vestar. Það er um 110 m langt og liggur nálega norður-suður. Mesta veggjahæð er 0,3 m og eru þeir 0,2-0,3 m breiðir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 20

**ÁR-486:024** *Klapparhóll* varða landamerki 63°59.547N 20°58.760V

"Dalur, Áveita [023], Miðmörk, Klapparhóll með vörðu á," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot er um 900 m sunnan við bæ 001 og rúmum 150 vestan við stekk 028. Hún er á landamerkjum Alviðru og Tannastaða (ÁR-487). Landamerkjagirðing með strengdum gaddavír liggur austur-vestur þvert yfir minjastaðinn. Vörðubrotið er á áberandi grasivöxnum hól í annars nánast flatlendu grasivöxnu svæði sem hallar lítillega til austurs. Til norðurs er gil og rennur lækur í því.



Vörðubrot ÁR-486:024, horft til SSA.

Vörðubrotið er 1 m í grunnfleti og 0,2 m á hæð. Mest má sjá eitt umfar af stórgrýti við jörðu, en grjót gæti hafa verið tekið úr vörðunni og sett undir fyrrnefnda landamerkjagirðingu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 20

**ÁR-486:025** garðlag túngarður 64°00.096N 20°59.212V

"Þá kemur Bæjarskriða og svo túngarður og Skriðuflöt heim að bæ [...]. En það skeði fyrir um 100 árum, að Bæjarskriðan sprengdi upp skafl, sem safnaðist í gilið upp við engjar. Tók snjóflóðið allan túngarðinn fyrir Suðurtúni," segir í örnefnaskrá. Túngarður er sýndur umhverfis heimatúnið á túnakorti frá 1920. Á því korti afmarkar garðurinn um 460x260 m stórt svæði sem snéri austur-vestur. Garðurinn er aðeins varðveittur til suðurs og vesturs, en hefur sennilega horfið til annarra átta vegna túnasléttunar.



Túngarður ÁR-486:025, horft til vesturs.

Túnið er mjög vel gróið með strjálingsþekju af mosum og er jarðvegurinn þurr. Garðurinn liggur við rætur Ingólfsfjalls og hallar svæðið lítillega til austurs. Víða má sjá stærðarinnar stakstæð, mosagróin björg,

jafnt innan sem utan túngarðsins.
Túngarðurinn er L-laga og afmarkar svæði sem er 800x200 m. Hann liggur nálega austur-vestur á 200 m kafla uns hann sveigir til norðurs og heldur sömu stefnu í 600 m uns hann hverfur undir svörð við upphlaðinn akveg frá seinni hluta 20. aldar, sem ekki (2017) er lengur í notkun. Til suðurs hverfur hann við kjarrgróður. Garðurinn er hlaðinn úr blöndu af smágrýti og stæðilegu grjóti sem tekið er að gróa hér og þar. Telja má 5 umför af grjóti í hleðslum sem eru 0,7 m á hæð og 0,5 m á breidd. Á fáeinum stöðum á vesturhluta garðsins má sjá að hann er reistur ofan á skriðum sem runnið hafa neðan úr Ingólfsfjalli.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 21; Túnakort 1920

**ÁR-486:026** heimild um leið
"Kirkjuvegur bæði illur og langur," segir í örnefnalýsingu. Alviðra átti kirkjusókn annað hvort til Reykja ÁR-517 eða Arnarbælis ÁR-500. Það er löng leið en ekki er vitað hvort að sérstök leið var farin, líklega var farið eftir þekktum þjóðleiðum svæðisins líkt og vegi ÁR-720:010.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 390

**ÁR-486:027** *Bæjarmýri* heimild um áveitu
"Þar er mýrin fyrir ofan kölluð Bæjarmýri, áveita úr Bæjarskriðu og Bæjarlæk," segir í örnefnaskrá. Bæjarmýri er framræst og er fyrir austan Biskupstungnabraut og nær allt að Soginu. Þar sjást engin ummerki um áveitu. Núverandi skurðir eru 2-3 m á dýpt og hluti mýrarinnar er undir ræktuðu túni.
Svæðið fyrir vestan Sogið er gróið og mýrlent. Þar sjást engar minjar á yfirborði, svæðið er mjög gróið og ekki
Engin umerki um áveitu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 17

**ÁR-486:028** tóft stekkur 63°59.569N 20°58.577V
"Dalur, Áveita [023], Miðmörk, Klapparhóll [024] með vörðu á, Hrútasteinn með með þúfu á, stærsti steinninn, sem er í Dalnum. Í honum er mörk á milli Tannastaða [ÁR-487] og Alviðru. Þar var haft stekkatún frá Alviðru," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft á mörkum áðurgreindra jarða er um 900 m suðaustan við bæ 001 og rúmlega 90 m sunnan við mógrafir 020.
Tóftin er efst á grasivöxnum og fagurgrænum hól. Þegar hólnum sleppir tekur við þýft graslendi og er gilskorningur til norðurs sem lækur rennur í.
Tóftin er 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hrútasteinn afmarkar tóftina til suðurs. Tóftin stendur að hluta til á náttúrulegum hól, en hann er mjög sennilega að einhverju leyti uppsafnaðar mannvistarleifar. Með ágætum vilja má skipta tóftinni í tvö hólf og fá þau tölustaf til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Hún hefst til vesturs, á hólfi 1. Það er 3x3 m að innanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir, en ekki sér til umfara



Stekkur ÁR-486:028, horft til SSV.




Teikning af stekknum.

vegna gróðurs, þó glittir í grjót í veggjum. Mesta veggjahæð er 0,5 m og eru veggir 1 m á breidd. Hólfið er opið til austurs. Hólf 2 er austan við hólf 1 og er innangengt á milli hólfanna. Hólf 2 er 4x3 m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru grjóthlaðnir og telja má 4 umför af smágrýti í suðurveggnum. Hleðslur eru signar og er mesta veggjahæð 0,3 m til norðurs. Veggir eru 0,5-0,8 m breiðir. Dyr eru á hólfinu til austurs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 20

**ÁR-486:029** heimild um landamerki
"Í suður af Inghól eru Ingólfshæðir. Þar er varða sem er í mörkum millum Tannastaða [ÁR-487], Alviðru og Hvamms [ÁR-512]. Hún er í suður frá Inghól, á hryggnum þar sem Fjallið er hæst," segir í örnefnaskrá. Varðan er teiknuð sunnan við Ingólfshæðir á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Uppdrátturinn er ekki í réttum hlutföllum; því er staðsetning hennar ekki nákvæmlega merkt inn á uppdráttinn. Gengið var um svæðið en engin ummerki um vörðu sáust á yfirborði. Hugtakið suður getur haft víðtaka merkingu, og vegna stærðar þess svæðis sem um ræðir er ekki hægt að hnitsetja staðinn innan 50 m skekkju án frekari upplýsinga.
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 4

**ÁR-486:030** heimild um landamerki 63°59.549N 20°59.599V
"Yfir þá liggja mörkin millum Alviðru og Tannastaða [ÁR-487], beina leið úr vörðunni austur í markvörðu á Miðleitiseggjum," segir í örnefnaskrá. Varðan er sýnd inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnalýsingu. Varðan var 1 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 560 m suðaustan við vörðu 043.
Varðan er á brún Ingólfsfjalls. Mosi er ríkjandi á svæðinu, en víða stendur grjót upp úr mosanum.
Engin ummerki um vörðu sjást á svæðinu. Búið er að reisa girðingu á mörkum fyrrgreindra jarða og ekki er óhugsandi að grjótið úr vörðunni hafi verið tekið og sett undir girðinguna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra, 4

**ÁR-486:031** heimild um landamerki 64°01.112N 20°59.888V
"Fyrir norðan Hádegisholt eru [landa]mörkin [milli Alviðru og Torfastaða, ÁR-485] um vörðu á móa," segir í örnefnaskrá. Staðsetning vörðunnar er sýnd á uppdrætti sem fylgir örnefnaskrá. Varðan var rúma 2,1 km norðan við bæ 001 og rúmlega 550 m norðaustan við Gönguskarð 033. Landamerkjagirðing úr vír liggur á mörkun Alviðru og Torfastaða, og jafnframt eru það hreppsmörk milli gamla Grafningshrepps (Grímsnes- og Grafningshreppur) og gamla Ölfushrepps (sveitarfélagið Ölfuss).
Á þessum slóðum er þýft mosagróið graslendi sem hallar lítillega til austurs. Jarðvegur er deiglendur og víða sér til rofsára.
Engin ummerki um vörðu sjást á yfirborði. Ekki er ósennilegt að grjót hafi verið tekið úr vörðunni og sett undir áðurgreinda landamerkjagirðingu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 6

**ÁR-486:032** heimild um landamerki 64°10.997N 21°00.390V
Varðan er teiknuð inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Skrásetjari gekk yfir svæðið en engin ummerki um vörðu fundust. Samkvæmt uppdrættinum var varðan á fjallsbrún Ingólfsfjalls, um 2,3 km norðvestan við bæ 001 og tæpum 450 m vestan við vörðu 031.
Á þessum slóðum er mosi og annar fléttugróður ríkjandi.
Ekki sér til minja á yfirborði.
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 7

**ÁR-486:033** *Gönguskarð* gata leið 64°00.060N 20°59.767V
"Gönguskarð: Skarð í Eggjunum. Miðaftanseggja. Þar var fært upp á fjallið," segir í örnefnaskrá. Gönguskarð er merkt inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Gönguskarð og tvær litlar vörður eru um 580 m vestan við bæ 001 og tæpum 900 m norðan við vörðu 030. Leiðin er stikuð og er enn (2017) í



Varða ÁR-486:033b, horft til austurs.



Varða ÁR-486:033c, horft til norðausturs.

notkun. Hún er vörðuð og eru vörðunnar skráðar undir þetta númer. Vörðurnar eru fremur unglegar í ásjón, en fá að njóta vafans; vegna þess eru þær með í þessari fornleifaskrá.
Leiðin liggur í fremur brattri fjallshlíð þar sem heildargróðurþekja er lítil. Gróðurblettir eru sjánlegir hér og þar.



Horft til austurs, efst í Gönguskarði ÁR-486:033.

Gönguskarð og tvær vörður við fjallsbrún Ingólfsfjalls eru á svæði sem er 310x40 m að stærð og snýr svo að segja norðaustur-suðvestur. Til aðgreiningar fá minjarnar bókstaf í þessari lýsingu. Hefst lýsing þessi að austan, á Gönguskarðinu. Það er 280 m á lengd og liggur svo að segja austur-vestur upp Ingólfsfjall. Leiðin er 0,5 m þar sem hún er breiðust. Gróðurþekja er lítil en botn leiðarinnar er vel gróin og er yfirborð nokkuð stöðugt við fjallsrætur. Þegar ofar dregur minnkar gróðurþekjan og yfirborð verður óstöðugra. Allra efst er búið er festa járnkeðju til aðstoðar göngufólki upp seinasta spölinn. Varða B er um 20 m sunnan við vesturhluta Gönguskarðs. Hún er fremur illa hlaðin og er 0,5 m í þvermáli og 0,3 m á hæð. Hún er strýtulaga og greina má 3 umför af flötu grágrýti í grjóthleðslum. Varða C er um 20 m suðaustan við vörðu B. Hún er betur hlaðin samanborið við vörðu B og er 0,7 m í þvermáli. Telja má 5 umför af smágrýti, sem ná mest 0,6 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra b, 2

**ÁR-486:034** gata leið 64°00.191N 20°59.014V
Leið sést liggja til vesturs frá Sogsbrú og sameinast leið 720:010, norðan við heimatún Alviðru á herforingjaráðskorti frá 1909. Þetta er gömul þjóðleið en hennar er ekki getið í örnefnalýsingum Alviðru. Deiglent, framræst svæði. Þarna eru tún og móar. Svæðið er mjög gróið og ekki nýtt lengur. Hér og þar eru stór björg sem hrunið hafa úr fjallinu og grjót sem kemur upp úr sverði.
Það mótar fyrir lægð, sem liggur austur-vestur, fast norðan við náttúrulega brún í túninu. Það er mögulega gróin skriða. Þarna sést enn ein rás sem hlykkjast líkt og lækur. Hún er 0,3-0,4 m á dýpt og algróin. Leiðin sést á 12 m löngum kafla, á milli túna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-486:035** gata leið 64°00.783N 21°00.123V
“Fyrir norðan Heiðareggjar er skora, þar sem gott er að ganga upp á fjall,” segir í örnefnaskrá.



Leið ÁR-486:034, horft til vesturs.



Leið ÁR-486:035, horft til vesturs

Heiðareggjar eru merktar inn á örnefnauppdrátt
sem fylgir örnefnaskrá. Leiðin er um 1,7 km norðvestan við bæ 001 og rúmlega 550 m suðvestan við vörðu 031.
Svæðið er í gróðursnauðri og brattri fjallshlíð. Smágrýti er áberandi, en litlar gróðurþekjur má sjá til norðurs og suðurs. Gróður þéttist er fjær dregur fjallsrótinni.
Leiðin er náttúruleg og liggur nálega austur-vestur, í örlitlum hlykkjum, upp Ingólfsfjall á rúmlega 220 m löngum kafla. Hún er illgreinanleg í landslaginu og er fjallið snarbratt á þessum slóðum. Því til viðbótar er mölin laus í sér og erfitt er að fóta sig á leiðinni. Af þeim sökum treystu skrásetjarar sér ekki til þess að ganga hana án leiðsagnar.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 5

**ÁR-486:036** *Miðlátur* heimild um lögn 64°00.401N 20°58.827V
"Fyrir norðan Kúagilsskriðu, við Sogið, er lögn, sem heitir Miðlátur. Þar er stangaveiðistaður, því að rétt við land er djúpur áll, en fyrir utan hann er grunn, sem laxinn hefur oft legið á," segir í örnefnaskrá. Lögnin er sýnd inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Hún er um 1,1 km norðaustan við bæ 001 og rúmlega 220 m norðan við lögn 037A.
Lögnin var fast upp við árbakka. Þegar árbakkanum sleppir tekur við deiglent svæði þar sem gróðurþekja er breytileg, á skiptast kjarr-og votlendisgróður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 12



Lögn ÁR-486:037, horft til norðurs.



Miðlátur ÁR-486:036, horft til VSV.

**ÁR-486:037** heimild um lögn 64°00.528N 20°58.879V
"Á Kúagili, við lækinn, eru oft 2 lagnir. Þar var aðallaxalögnin til forna. Var hlaðin lítil bryggja úr

hnausum, og helst veitt seinni part sumars, er nótt tók að dimma," segir í örnefnaskrá. Hér er verið að skrá lögnina til forna og torfbrúnna, um 90 m norðaustan við bæ 001 og rúmlega 230 m norðaustan við rauðablásturstað 012.
Á þessum slóðum skiptast á algróin svæði og urð. Gróður er helst fjær vatni.
Lögn og brú eru á svæði sem er 10x10 m að stærð. Til aðgreiningar fá minjarnar bókstaf í þessari lýsingu sem hefst að vestan, á lögn A. Ekki er lengur (2017) veitt á staðnum þar sem aðallaxalögnin til forna var. Lítilsfjörlegur lækur rennur fyrir eyrinni miðri út í Sogið, þar var lögnin. Torfbrú var austan við lögnina. Engin ummerki um brú sáust á yfirborði. Líklegt er að með tíð og tíma hafi Sogið tekið torfhlöðnu bryggjuna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 12

**ÁR-486:038** heimild 64°00.004N 20°58.950V
"Þá fer ég heim að bæ að klakhúsi við uppsprettu bæjarleikjar [021] [...]. Byrjaði 1922, til 1949 [...]. Síðan var kofinn rifinn við Hrútasteinslæk [sjá 044] og byggður kofi heim við bæ í Alviðru, sem var mun stærri," segir í örnefnaskrá. Klakhúsið er merkt inn á örnefnauppdráttsem fylgir örnefnaskrá. Klakhúsið er um 80 m austan við bæ 001 og rúmlega 40 m norðan við þúst 040. Klakhúsið telst ekki til fornleifa samkvæmt laganna bókstaf, en er hins vegar merk heimild um fisknytjar hreppsbúa og því tekinn með í þessa fornleifaskrá. Leitað var á svæðinu en engin ummerki mannvirkis sáust á yfirborði. Líkast til vísar hugtakið fremur til staðar þar sem laxaseiðin voru geymd en e-s konar veigamikils mannvirkis. Er kofinn sem nefndur er í örnefnalýsingunni því líklega meira í ætt við skýli en byggingu. Frekari heimildar þarf þó til að staðfesta það.
Svæðið er í bakgarði núverandi íbúðarhúss jarðarinnar. Tjörn er þar fyrir miðju og er ósamfelldur og hávaxinn trjágróður með gróðurmiklum botngróðri áberandi til austurs og norðurs.
Engin ummerki um klakhús sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 12

**ÁR-486:039** þúst útihús 63°59.979N 20°58.962V
Þúst er um 70 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m sunnan við Bæjarlæk 021. Þústin er innan heimatúns eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920. Ekkert mannvirki er merkt inn á túnakortið á þessum slóðum og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð kortsins. Þústin er í fremur sléttu og óræktuðu túni. Slitróttur trjágróður er sjáanlegur til norðurs.


Þúst ÁR-486:039, horft til norðurs.



Uppdráttur af þúst 039.

Þústin er 8x6 m að stærð og er ferhyrningslaga. Hún snýr svo að segja norður-suður. Hún er slétt að ofan og er um 0,7 m á hæð og brött til allra átta. Hvorki mótar fyrir dæld né öðru sem gefur lögun hennar nánar til kynna. Þústin er gróin og ekki sést grjót í henni. Miðað við fjarlægð frá heimabæ og stærð þústarinnar er sennilega um útihús að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:040** gryfja útihús 63°59.961N 20°58.968V

Tvær gryfjur eru um 90 m sunnan við bæ 001 og rúmlega 30 m sunnan við þúst 039. Gryfjurnar eru innan heimatúns bæjar 001, eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þær hafa gegnt en líklegt er að þær séu af útihúsum þar sem þær eru í heimatúninu. Þær kunna einnig að vera leifar af heygryfjum.

Gryfjurnar eru á grösugu og flötu svæði, innan óræktað túns. Landið hallar dálítið til austurs og er jarðvegur þurr.

Tvær grónar gryfjur eru innan svæðis sem er 25x20 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstaf til aðgreiningar í þessari lýsingu og hefst hún að vestan, á gryfju A. Hún er ílöng og er 16x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,4 m djúp. Austur- og vesturbakkar hennar eru mjög brattir, en þeir eru




Teikning af gryfjum 040.



Gryfja ÁR-486:040a, horft til vesturs.



Gryfja ÁR-486:040b, horft til austurs.

meira aflíðandi til norðurs og suðurs. Gryfja B er um 10 m norðaustan við gryfju A. Hún er nálega ferhyrningslaga, 9x4 m að stærð og snýr norður-suður. Gryfjan er 0,3 m djúp og eru bakkar hennar brattir að undanskyldum austurbakki hennar. Botninn er smáþýfður og er gróið smágrýti þar sjáanlegt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-486:041** varða landamerki

64°00.750N 21°00.730V

Tvær vörður eru um 1,9 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 500 m vestan við leið 035. Þær eru ekki fornlegar í útliti, en fá að njóta vafans og því með í þessari fornleifaskrá. Vörðunar eru á merkjum Alviðru og Hvamms (ÁR-512), uppi á Ingólfsfjalli.

Vörðurnar eru efst á vel grónum fjallahrygg. Allmikil þekja af mosa er á svæðinu, en jafnframt sést víða í bert grjót.

Vörðurnar eru á svæði sem er um 25x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Er þeim gefin bókstafur í þessari lýsingu, og hefst hún að sunnan, á vörðu A. Hún er sæmilega hlaðin, um 2 m í þvermáli og 1 m á



Vörður ÁR-486:041, horft til suðausturs.

hæð. Mest má sjá átta umför af stórgrýti í grjóthleðslum. Varða B er um 5 m norðan við vörðu A. Hún er örlítið verr varðveitt og grjót má sjá í kringum hana, sem líklega hefur hrunið af vörðunni. Hún er 1,5 m í þvermáli, hlaðin 4-5 umför af stórgrýti í bland með smágrýti í hleðslum, sem eru 0,7 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-486:042** þúst fjárhús 64°00.211N 20°59.067V



Þúst ÁR-486:042, horft til vesturs.

Þúst er um 140 m austan við þúst 017 og 350 m norðan við bæ 001. Þústin er í sléttu túni, skammt norðan við heimatúnið eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920. Vírgirðing er skammt sunnan við þústina. Sé tekið mið af staðsetningu þústarinnar voru þetta fjárhús
Slétt, framræst tún sem komið er í órækt. Það er í aflíðandi halla til austurs. Hér og þar eru stakstæð björg í túninu sem fallið hafa úr Ingólfsfjalli.
Þústin er 13x11 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin og ekki mótar fyrir innri brún veggja. Hins vegar sjást þeir vel að utan. Þústin er 0,2-0,4 m á hæð, hæst til austurs og suðurs. Líklegast er að tóftin hafi verið rifin og sléttað yfir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-486:043** varða 63°59.696N 21°00.191V



Varða ÁR-486:043, horft til austurs.

Varða er uppi á Ingólfsfjalli, um 1,1 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 550 m norðvestan við vörðu 030. Varðan er fremur ungleg í ásjón, en fær að njóta vafans og er því tekin með í þessari fornleifaskrá.
Varðan er efst á fremur grýttum fjallahryggi, þó glittir í mosa í glufum og í skjóli við steina.
Varðan er 0,5 m í þvermáli og er hún 0,4 m á hæð. Hún er strýtulaga og hlaðin 3 umförum af flötu sem og litlu grágrýti. Hún er reist upp við fremur stóran stein, sem varnar því að hún hrynji. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-486:044** heimild 63°59.610N 20°58.894V
"Klakhús. Þar var klakið út fyrst 1922 [...]. Síðan var kofinn rifinn við Hrútasteinslæk og byggður kofi [038] heim við bæ í Alviðru, sem var mun stærri, og þótti hægara að hirða klakið þar," segir í örnefnaskrá. Klakhúsið er merkt inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnaskrá. Klakhúsið var um 750 m sunnan við bæ 001 og rúmlega 30 m vestan við Biskupstungnabraut 35.
Á þessum slóðum er grösugur og brattur árbakki og þegar því sleppir tekur við deiglendi, og grasigróið svæði sem hallar lítillega til austurs. Til norðurs rennur Hrútasteinslækur niður hlíðina.
Engin ummerki um klakhús sjást á yfirborði. Klakhús voru líklega veigalítil mannvirki og sennilega hefur allt húsið verið rifið og nýtt undir nýja klakhúsið við bæ 001, eins og segir í örnefnaskrá.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Alviðra a, 12

**ÁR-486:045** náttúrumin áfangastaður 63°59.599N 20°58.905V
Áningastaður er um 780 m sunnan við bæ 001 og rúmlega 30 m sunnan við klakhús 044. Gamla þjóðleiðin ÁR-720:010 er um 250 m vestan við minjastaðinn.

Staðurinn er á gróskumiklum sléttum bletti í annars fremur bröttu landslagi. Innan minjasvæðisins er jarðvegurinn þurr en þegar því sleppir verður hann deigur til hálfblautur.Til norðurs rennur Hrútasteinslækjur niður hlíðina.
Áningastaðurinn er 25x20 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Á þessum slóðum er sléttlent og þurrt í annars deiglendu svæði. Að auki er stutt og auðvelt aðgengi að vatni í Hrútasteinslæk, svo og er staðurinn nálægt gamalli þjóðleið eins og fyrr segir. Á hinn bóginn er víðfemt til allra átta og erfitt að leita skjóls gegn vindi. Á umliðnum árum hefur svæðið tekið umtalsverðum breytingum í kjölfar lagningu Biskupstungubrautar 35 og líklega hefur það raskað minjastaðnum að miklu leyti.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



Áningarstaður ÁR-486:045, horft til vesturs.

**ÁR-486:046** varða 64°00.443N 20°59.307V

Um 820 m norðan við bæ 001 og rúmum 140 m sunnan við stekk 013 er varða. Sumarbústaður er um 60 m norðan við vörðuna. Varðan er ekki fornleg að sjá, en hún fær að njóta vafans og höfð með í þessari fornleifaskrá
Varðan er efst á holti og er lynggróður ríkjandi, en heildarþekja mosa er einnig mjög mikil. Jarðvegur er þunnur og þurr og til austurs er brött hlíð, þar sem víða sést í bert grjót.
Varðan er strýtulaga, 2 m í þvermáli og 1 m há. Varðan er vandlega hlaðinn og mest má sjá 13 umför af flötu grágrýti í grjóthleðslum. Hlutverk vörðunnar er ekki ljóst. Hún er áberandi og sést víða að, en engar heimildir geta um leiðir þar í grennd eða landamerki.
**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-486:046, horft til austurs.

**ÁR-486:047** varða 64°00.673N 21°00.235V

Tæpum 1,6 km norðvestan við bæ 001 og um 280 m suðaustan við leið 035 eru 4 fremur illa hlaðnar vörður, uppi á Ingólfsfjalli. Þær eru unglegar á að líta, en fá að njóta vafans og eru því með í þessari skráningu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þær voru hlaðnar.
Vörðurnar eru við fjallsbrún Ingólfsfjalls. Heildarþekja mosa er mikill og þegar því sleppir tekur við víðáttumikið svæði þar sem á skiptast mosagróin svæði og gróðursnauðir blettir.
Á svæði sem er 80x55 m að stærð og snýr svo að segja austur-vestur sjást 4 vörður. Til aðgreiningar fá þær bókstaf í þessari lýsingu. Lýsing þessi hefst að norðan, á vörðu A. Hún er 0,3 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er illa hlaðin og fremur eins og blöndu af stór- og smágrýti hafi verið hrúgað saman; því er ekki unnt að telja umför. Varða B er um 50 m



Varða ÁR-486:047b er í forgrunni og varða ÁR-486:047a er fjær, horft er til suðurs.



Varða ÁR-486:047d, horft til suðurs.



Varða ÁR-486:047c, horft til suðausturs.

suðaustan við vörðu B. Hún er efst á grýttu holti og
er mosi í skjóli og glufum. Hún er nokkuð illa hlaðin og er 1 m í þvermál. Mest má sjá 3 umför af stór- og smágrýti í grjóthleðslum sem eru 0,5 m á hæð. Varða C er rúmlega 20 m sunnan við vörðu B. Hún er illa hlaðin úr smágrýti og stendur varla upp úr mosanum í kring. Mesta hæð er 0,2 m og er hún 0,4 m í þvermáli. Ekki er möguleika að telja umför af grjóti. Varða D er tæpum 30 m SSA við vörðu C. Hún er áberandi best hlaðin af framangreindum vörðum, og er hlaðin 4 umförum af smágrýti. Hún er 0,5 m í þvermáli og 0,6 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-486:048** varða 64°00.569N 21°00.093V



Varða ÁR-486:048, horft til NNA.

Ágætlega hlaðin varða er rúmum 1,3 km norðvestan við bæ 001 og tæpum 140 m sunnan við vörðu 037d. Hún er ekki fornleg á að líta, en fær að njóta vafans og er því með í þessari skráningu.
Varðan er efst fjallahrygg við fjallsbrún Ingólfsfjalls. Fléttuþekja er mikil, land er þó sums staðar nokkuð grýtt.
Varðan er 0,7 m í þvermál og er mesta hæð 0,8 m. Sjá má 2 umför af nálega ferhyrntu stórgrýti í hleðslum. Varðan er mjög áberandi, en ekki er ljóst hvaða tilgangi hún þjónaði og er hún hvorki reist við þekkta leið né landamerki.
**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-487 Tannastaðir




"Jarðardýrleiki x og so tíundast á fjórum tíundum." JÁM II, 390. 1847: 10 hdr, bændaeign. JJ, 74
1520: „Andrés Andrésson selr Sæmundi Eiríkssyni jörðina Tannastaði í Ölvesi fyrir tiu hundruð i lausafé." DI VIII, 548.
"Landamerki: Úr Hrútasteinstanga við Sogið, til vesturs í Miðmarkastein, þaðan bein lína til fjalls yfir Tannastaðadali í Ingólfshæðir. Sogið og Ölfusá að austan. Vestan (sunnan): Úr Einbúa við Ölfusá bein lína um Grákollu upp í Sandhæð, uppi á Ingólfsfjalli. Þaðan í Alviðruland í Ingólfshæðum." Ö-Tannastaðir, 1. Ekki er föst ábúð á Tannastöðum lengur og jörðin í eigu nokkurra aðila, íbúðarhúsið er leigt út og landið er nýtt til beitar að hluta.
1917: Tún 4.6 ha, allt slétt. Garðar 905 m2. "Kaldakinn. Snögglend brún, sunnan við Dimmutó og náði túnið ekki lengra 1836." Ö-Tannastaðir, 2.

**ÁR-487:001** *Tannastaðir* bæjarhóll bústaður
63°58.808N 20°59.174V
"Bærinn hefur staðið á sama stað og nú er," segir í örnefnaskrá Tannastaða. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var bærinn í miðju túninu og auk bæjarhúsanna var þar martjurtagarður og heyhlaða. Hluti af gamla bænum er enn varðveittur og enn er búið í íbúðarhúsinu. Enn eru uppistandandi sex hús. Syðsta húsið er skemma sem byggð var árið 1924. Við hliðina á skemmunni er íbúðarhús með tveimur burstum og var það byggt árið 1939. Norðan við íbúðarhúsið og sambyggt því er stór hlaða sem byggð var árið 1927. Nyrst eru svo fjós og annað geymsluhús. Fast sunnan við bæjarhúsin eru tóftir af eldri útihúsum og kálgarði sem eru 80 m frá þjóðveginum. Þétt austan við bæjartóftirnar og kálgarðana er braggi og geymsluhús, þar liggur heimreið til vesturs frá Biskupstungnabraut og beygir svo til norðurs í átt að bænum. Lítill olíutankur liggur nyrst í útihúsatóftunum, nálægt geymslunni.



Teikning af bænum á Tannastöðum.

# Túnakort Tannastaða ÁR-487



Bæjarhólinn er í sléttu túni og er vaxinn mjög háu grasi og kerfli. Vestan við bæjarhúsin er ræktað tún sem er slegið.



Bæjarhóll ÁR-487:001, horft til austurs.

Minjasvæðið er alls 74 x 50 m að stærð og snýr norður - suður. Núverandi byggingar eru byggðar á gamla bæjarhólnum og snúa þær norður-suður. Stafn bæjarins vísar í austur og stafn gamla bæjarins hefur að öllum líkindum einnig snúið svo. Bæjarhólinn sjálfur er 59 x 42 m og snýr norður-suður. Þar standa sex hús nyrst á hólnum og inn að syðri enda. Syðst á hólnum eru tóftir af eldra hesthúsi, fjósi og öðrum útihúsum, ásamt kálgarði. Tóftin sjálf er 50 x 36 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í 6 hólf. Hólf I var fjós og er það 9 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til tveggja átta, breitt op til austurs og mjórra op til suðurs. Það sést í 4-5 umför af hleðslugrjóti bæði að innan og utan. Hæð veggja er 1,5 - 2 m. Hólf II er 4x2 m að innanmáli og er opið til suðurs. Þar sést í 2-3 umför af hleðslugrjóti en hólfið er mjög gróið. Hæð veggja er 0,7-1 m. Hólf III var hesthús, er 5x2 m að innanmáli og er opið til suðurs. Það er mikið spýtnabrak, þakhellur og bárujárnsleifar í hólfinu. Veggjahæð er 0,1 -2,5 m. Hólf VI er 4x4 m að innanmáli og er frekar óljós L-laga dæld nyrst í tóftinni. Veggir eru aðeins 0,2 - 0,3 m á hæð. Hólf V er 8x5 m að innanmáli og tengist hesthúsinu (hólf III?) við hliðina. Syðsti veggurinn er grjóthlaðinn og er mun lægri en hinir, um 0,3-0,4 m á hæð. Hann er gróinn og sést í 1-2 umför. Hinir veggirnir eru 1,5-2 m á hæð og þar sést í 4-5 umför af grjóti. Þetta hólf gæti hafa verið hestagerði. Hólf VI var kálgarður sunnan við bæjarhúsin og er hann 50x22 m að stærð. Óljós inngangur inn í kálgarðana er á miðri suðurhliðinni. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og sést í 1-3 umför að vestan- og sunnanverðu og þar er hann 0,3-0,5 m á hæð. Að austan er hann 1-1,2 m á hæð og þar sést í 4 umför af grjóthleðslum. Að austanverðu stendur hann enn uppi en að sunnan og vestan er hann hruninn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 1; Túnakort 1920

**ÁR-487:002** hús útihús 63°58.838N 20°59.176V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 50-60 m norðvestan við bæ 001 og stendur það enn. Þetta voru fjárhús. Að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildamanns, hefur útihúsið verið endurhlaðið margsinnis og þar ægir saman mismunandi byggingarefni, -stílum og vinnubrögðum. Það er einmitt þessi sambræðingur ólíkra tíma og aðferða sem gerir það einkar áhugavert. Útihúsið er enn í notkun sem skemma og skrásetjari komst ekki þar inn. Fast sunnan við húsið er gámahús með sambyggðum sólpalli.



Útihús ÁR-487:002, horft til vesturs.

Útihúsið er í ræktuðu túni og mótar fyrir lágum hól undir því. Húsið sést vel frá Biskupstungnabraut sem liggur austan við heimatúnið.
Útihúsið er 20x13 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Það eru tvær burstir á eldri hluta fjárhúsanna og dyr á austurgafli. Hér í þessari lýsingu eru þau kölluð hólf I-II. Yngra fjárhús, byggt á 20. öld, er vestan eldri húsanna, þvert á stefnu hinna hólfanna. Hólf I-II eru 10x5 m að utanmáli hvort um sig og snúa austur-vestur. Nýlegar timburdyr eru á báðum burstum og þar má greina 4-6 umför af grjóthleðslu í veggjum. Veggirnir eru 1-2 m á hæð að utan og hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjótið í þeim kemur í fjallshlíðinni. Í þaki má sjá bárujárn, plast og timbur. Bárujárnsþak eru á báðum hólfum. Hólf III, yngsta fjárhúsið, er vestan við hólf I-II. Lofthæðin þar er mun meiri og er það enn nýtt undir kindur. Suðurveggurinn er hlaðinn en aðar hliðar eru bárujárnsklæddar. Lofthæð þar inni er 2,5-3 m.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-487:003** hleðsla traðir 63°58.804N 20°59.146V



Traðir ÁR-487:003, horft til norðvesturs.

“Vegurinn heim að bænum er og á sama stað síðan lagði þjóðvegurinn kom,” segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1920 sjást að traðirna liggja frá bænum til norðausturs. Enn sést móta fyrir tröðunum og eru þær rúmum 20 metrum austan við bæ 001. Þar liggja þær upp á bæjarhólinn en núverandi heimreið liggur beint upp með gömlu tröðunum en beygir svo til norðurs. Gömlu traðirnar halda hinsvegar áfram beint til vesturs upp að íbúðarhúsinu og skemmunni. Þær sjást sem hleðsla, 7 metrum norðan við norðaustur horn kálgarðsins.
Þar sem traðirnar eru er nú grasivaxið svæði en sömuleiðis vex mikið af fenniku. Fjallshlíðin er til vesturs og þjóðvegurinn til austurs.
Aðeins suðurhleðsla traðanna sést enn en norðurhlutinn er undir núverandi heimreið og líklega ekki mikið eftir undir sverði. Hleðslan er 11 m löng og liggur austur-vestur. Hún er mjög gróin en þó sést glitta í eitt umfar af steinum. Hleðslan er 0,4 m að hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 1; Túnakort 1920

**ÁR-487:004** *Ártalssteinn* áletrun 63°58.771N 20°59.309V



Áletrun ÁR-487:004, horft til vesturs.

Í örnefnalýsingu segir: «Ártalssteinn. Stór steinn í túngarðinum [032A] ofan (vestan) Gerðisins [033]. Á hann er letrað 3/10 1893. Mun vera með stærstu hleðslusteinum, sem sjást.” Steinninn er tæpum 130 m suðvestan við bæ 001 og rúmlega 15 m austan við háspennulínu, sem liggur vestan við heimatúnið. Steininn er hluti af suðvesturhluta túngarðs 032a.
Ártalssteinninn er í óræktuðu túni, sem hallar aflíðandi til austurs.
Ártalssteinninn er 1 m á hæð og 2 m á lengd. Sjálfur steinninn er áberandi stærri en aðrir hleðslusteinar túngarðs 032A á svæðinu. Áletrunin 3/10 1898 er meitluð fyrir miðju steinsins og er hún 0,3 m á hæð og 0,4 m á lengd. Hún ristir djúpt og sést vel úr fjarska. Að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildamanns, meitlaði bróðir Þórðar Sigurðssonar áletrunina á síðari hluta 19. aldar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 1

**ÁR-487:005** heimild um traðir 63°58.738N 20°59.268V
“Siðið er í Norðurtúni ofan til við þær gömlu traðir, sem sást votta fyrir, en hafa legið eftir endilöngu túninu,” segir í örnefnalýsingu. Minjastaðurinn er um 160 m suðvestan við bæ 001 og rúmlega 15 m austan við Kvíastein 008.
Á þessum slóðum er óræktað tún í aflíðandi brekku, sem hallar til austurs. Smáþýft graslendi er áberandi og víða má sjá mosagróið bjarg.
Engin ummerki um traðir sjást á yfirborði. Líklega hafa traðirnar horfið vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 1

**ÁR-487:006** *Borgarhóll* heimild um fjárskýli 63°58.838N 20°59.092V



Borgarhóll ÁR-487:006, horft til austurs.

"Borgarhóll: Hóll norður af Skiphól [031], "til landnorðurs frá bænum, dregur nafn af fjárborg, sem stóð þar í túnjaðrinum. Ég man eftir broti af tóftum,»» segir í örnefnalýsingu. Borgarhóll er rúmum 80 m norðaustan við bæ 001, fast við Skiphól 031. Hann er í austurjaðri heimatúnsins, rétt vestan við Biskupstungnabraut 35. Djúpur, vélgrafinn skurður er þar á milli. Ekki er sýnt mannvirki á þessum stað á túnakorti frá 1920.
Borgarhóll er 12x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er grasivaxinn en trjám var plantað í suðausturhorn hans fyrir alllöngu. Slétt tún er vestan við hólinn en gróin vegöxl til austurs.
Hvergi sér til minja á yfirborði á Borgarhól. Líklega voru tóftirnar vestan við klettinn, innan eða rétt við heimatúnið að sögn Jóns H. Gíslasonar heimildamanns. Vírgirðing liggur eftir vesturhlið hólsins.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:007** *Gnýputóft* heimild um útihús
"Gnýputóft. Stóð ofarlega í túninu og var stór steinn í tóftinni. Hefur að líkindum brotið húsið niður. Steinninn var sprengdur burt. Engin veit nú hvar sú tóft var, nema ég," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Gnýputóft stóð í túninu, sú þekking hvarf með Sigurði sem ritaði örnefnaskránna. Jón H. Gíslason, heimildarmaður, vissi einungis að hún var í vesturhluta heimatúnsins.
Heimatúnið er ræktað og slétt. Þar eru grónar skriður og nokkur stakstæð björg.
Engin ummerki Gnýputóftar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:008** *Kvíasteinn* heimild um kvíar 63°58.739N 20°59.280V
"Kvíasteinn. Er í Suðurgerðinu [033]," segir í örnefnalýsingu. Kvíasteinn er um 170 m suðvestan við bæ 001 og um 25 m norðvestan við suðurhluta túngarðs 032A. Ekki er ljóst hvort að um færikvíar eða hlaðnar kvíar var að ræða.
Kvíasteinn er áberandi mosagróið bjarg í óræktuðu túni. Svæðið námunda við hann er smáþýft graslendi og er gróður fremur hávaxinn. Til austurs er mýrlent og eru stór og stök björg þar á víð og dreif.
Ekki sér til minja á yfirborði. Túnið hefur verið sléttað og ekki er óhugsandi að það hafi skemmt kvíarnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:009** *Réttarbjarg* tóft rétt 63°58.817N 20°59.301V
Í örnefnaskrá Tannastaða segir: «Réttarbjarg. Stór steinn í túngarðinum vestur af bænum, þar er fjárrétt. «Þar var áður hrútakofi Jóns Guðmundssonar."" Rúmum 100 metrum vestan við bæ 001 og upp við túngarð 032 er fjárrétt. Skammt austan við réttina í túninu liggja rafmangslínur frá suðri til norðurs yfir túnið. Stór steinn er innan réttarinnar.
Á þessum slóðum er grasivaxið og óslegið tún sem liggur við rætur fjallsins.
Réttin er 14x9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Opið er til suðurs, í suðausturhorni. Hún er einföld og 12 x 7,5 m að innanmáli. Hleðsluhæð veggja er 1-1,2 m. Réttin er grjóthlaðin og það sjást 4-5 umför af steinumí veggjum hennar. Steinn með áletruninni 1888 [sjá 023] er í suðvesturhorni réttarinnar, í henni innanverðri. Réttin er nokkuð vel varðveitt og stendur enn að mestu leyti. Smávegis hrun hefur fallið inn í réttina úr austurvegg, alveg við opið. Innan í réttinni er nú geymd gömul rakstrarvél. Vesturveggurinn,



Rétt ÁR-487:009, horft til norðvesturs.




Uppdráttur af rétt 009.

sá sem liggur upp í fjallshlíðina, gengur lengur til suðurs en hinir veggir og virðist vera hlaðinn upp í grjótskriðu. Túngarðurinn stendur svo 2 metrum vestar, hærra uppi en réttin og virðist því sem túngarðurinn sé tvöfaldur á þessu svæði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:010** *Lambhúsmýri* heimild um lambhús 63°58.854N 20°59.154V
"Lambhúsmýri. Mýrarblettur sá, sem er norður af túninu," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsið var um 80 norðan við bæ 001 og rúma 150 m norðaustan við túngarð 032. Lamhúsið var eins að gerð og lögun og útihús 002, fyrir utan yngra fjárhúsið sem var byggt til vesturs. Lambhúsið var rifið, húsunum var rutt út á síðustu öld að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildarmanns. Lambhúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918. Slétt, ræktað tún. Hér er hólbarð í túninu og var lambhúsið þar.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:011** *Steinbogi* heimild um leið 63°58.753N 20°59.194V
"Steinbogi. Er sunnan við túngarðinn [032]. Þar var raðað flötum steinum í litlu mýrarviki, því heimreiðin var slæm, en vegurinn lá fast við túngarðinn að neðanverðu," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildarmanns, er ekki vitað hvar Steinbogi var nákvæmlega, hann var þó fyrir suðaustan túngarðinn. Steinbogi lá til norðausturs frá þjóðleið 720:010, sunnan við túngarðinn og að bænum. Hér er líklega um brú eða stiklur að ræða líkt og lýsingin gefur til kynna.
Sunnan og suðaustan við túngarðinn eru slétt, ræktuð tún sem voru ræst fram um 1960. Þau eru m.a. kölluð Langaslétta og Bali að sögn Jóns. Ekki sést móta fyrir leiðinni í túnunum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:012** *Grútareldhús* heimild um eldhús
"Grútareldhús. Gömul tóft í brúninni fyrir neðan bæinn, ber við ána, frá bænum að sjá. Þar var brætt lýsi" (sennilega selslýsi)," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar þessi tóft var staðsett en fyrir austan bæinn er þurrlendur rimi, þar liggur nú raflína. Þessi tóft var líklega þar, en austan við rimann taka við blautar mýrar allt að Ölfusá. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2

**ÁR-487:013** *Bæjarlind* lind vatnsból 63°58.808N 20°59.130V
"Bæjarlind. Er víst örnefni, þó lítið sé," segir í örnefnaskrá. Lindin hvarf um 1960 að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildamanns. Fram að þeim tíma var þarna lítil tjörn framan við uppsprettuaugu. Tröppur lágu að tjörninni og hús var byggt þarna yfir. Þegar lækurinn hvarf var þessum mannvirkjum rutt út. Nokkru seinna var ákveðið að leita að lindinni og fannst hún aftur. Í kjölfarið var hlaðinn brunnur sem

ennþá er nýttur, það er hús yfir honum.
Gróið svæði, neðan við bæjarhlaðið. Brekkan er 1-2 m á hæð og aflíðandi. Lækur sést renna frá brunnhúsinu sem er hvítt með rauðu þaki. Lindin sést ekki enda í notkun.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 2



Bæjarlind ÁR-487:013, horft til vesturs.

**ÁR-487:014** þúst 63°58.707N 20°58.960V

"Mýrarhæð fyrir neðan þjóðveginn, en norðan við Stjarnalæk. Þegar ég var uppkominn maður, tók ég fyrst eftir girðingu fornri á þessari hæð, hún er kringlótt og um 20 m þvert yfir," segir í örnefnaskrá Tannastaða. Um 260 m suðaustan við bæ 001, í þýfðu graslendi er hringlaga upphækkuneða þúst. Þústin er 90 m austan við Biskupstungubraut í óræktuðu graslendi. Vestan við tóftina liggja rafmagnslínur yfir svæðið.
Í kringum þústina er þýft graslendi og frekar flatlent. Brött brekka er rétt austan við sem nær alveg niður að Ölfusá.
Í þýfinu sést móta fyrir hringlaga þúst með óljósum veggjum. Innri og ytri brúnir sjást að einhverju leiti að sunnan og vestan til en verða óljósari og jafnvel hverfa annarstaðar. Þústin er 17x17 m að stærð og hæð veggja þar sem þeir sjást eru 0,3 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 3



Þúst ÁR-487:014, hoft til norðurs.

**ÁR-487:015** heimild um myllu

"Stjarnalækur: Kemur upp í Stjarnlækjarbotnum og rennur í Ölfusá vestan Harðhauss, fyrir neðan Sauðastein. Hann rennur í Ölfusá litlu fyrir norðan Króarhóla. Í honum var eitt sinn vatnsmylla og sá ég votta fyrir, þar sem hún hafði verið," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar myllan var staðsett nákvæmlega að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildarmanns. Skrásetjarar gengu meðfram Stjarnalæk, án þess að sjá greinileg ummerki um mylluna, hvorki tóft né skurð. Hluti Stjarnalækjar er í vélgröfnum skurði og gæti það hafa valdið raski á myllunni eða hún grafin í burtu. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.
Stjarnalækur rennur til austurs, frá þurrlendi við Ingólfsfjall. Hann fellur í Ölfusá en gil hans er nokkuð vítt á köflum en gróið.
Engin ummerki um mylluna sjást á yfirborði.
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 3

**ÁR-487:016** heimild um lögn 63°58.629N 20°58.712V

"Króarhólar: Hólar neðst (suðaustast) í mýrinni niður við ána, í suðurlandssuðri frá bænum. Þar er einkennilegt berg við ána, raðað fimmstrendum súlum hver við aðra. Þar var lögn og veiddist vel fyrir og um 1800," segir í örnefnalýsingu. Lögnin er um 330 m norðan við lögn 036 og rúmum 500 m suðaustan



Lögn ÁR-487:016, horft til norðurs.

við bæ 001. Hér er ennþá veitt, hægt er að kaupa veiðileyfi hjá eigendum jarðarinnar. Veiðistaðurinn er merktur með skilti, lögin var í ánni þar fram af. Króarhólar eru stuðlabergshólar og brattir við ánna. Lögnin var þar norðan við, þar eru lægri klettar og strengur í ánni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 3

**ÁR-487:017** heimild um stekk 63°58.532N 20°58.993V
„Stormholt: Gróið holt, nú ræktað, suðvestur af Króarhólum, "er fyrir norðan Tannastaðagil, lítið fyrir neðan þjóðveginn. Sunnarlega á því eru stekkjartóftir greinilegar...""", segir í örnefnalýsingu. Jón H. Gíslason, heimildarmaður, man ekki eftir greinilegum tóftum á þessum slóðum. Hann rámaði í óljósar minjar í suðvesturhorni Stormholts, um 540 m sunnan við bæ 001. Þær minjar sjást ekki né er hægt að gera sér grein fyrir nákvæmari staðsetningu þeirra.
Á Stormholti er nú ræktað, sléttað tún. Eftir því endilöngu liggur raflína. Fast austan við túnið, eru steinar, moldarfög og melur. Þjóðvegur er fyrir vestan holtið.
Engin ummerki um stekkinn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 3

**ÁR-487:018** heimild
"Stormholt: Gróið holt, nú ræktað, suðvestur af Króarhólum, "er fyrir norðan Tannastaðagil, lítið fyrir neðan þjóðveginn. Sunnarlega á því eru stekkjartóftir greinilegar [017] og litlu norðar ákaflega fornleg upphækkun.-," segir í örnefnalýsingu. Hér er verið að skrá upphækkunina. Ekki er vitað hvar hún var staðsett enda afar misjafnt hvað litlu norðar þýðir á milli einstaklinga. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 3

**ÁR-487:019** hleðsla fjárhús 63°58.461N 20°59.010V
"Móbarð: Er á syðri bakkanum á Tannastaðagili, dálítið ofar en Móflöt. Þar er gömul tóft og þar var vegur [045] yfir gilið," segir í örnefnalýsingu. Þarna sést enn hleðsla, ekki greinileg tóft. Hún er rúmum



Tóft ÁR-487:019, horft til norðurs.




Teikning af hleðslu 019.

130 m sunnan við stekk 017 og tæpum 670 m sunnan við bæ 001. Tóftin er nánast horfin, það eina sem eftir stendur er þetta óljósa veggjarbrot. Sé tekið mið af staðsetningu tóftarinnar var um fjárhús eða stekk að ræða.
Gróinn mói, nýttur sem beitarhólf. Fyrir sunnan Móbarð eru framræstar mýrar. Móbarð er þurr hryggur sem liggur austur-vestur, sunnan við Tannastaðagil.
Ekki er hægt að gera sér grein fyrir stærð eða nákvæmara lagi tóftarinnar. Það eina sem sést er óljóst veggjarbrot. Það er 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Veggurinn er algróinn og 0,2 m á hæð. Veggurinn er brattari til austurs en vesturs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 4

**ÁR-487:020** *Gvendarbrunnur* þjóðsaga vatnsból 63°58.383N 20°59.419V
"Gvendarbrunnur: Er lítil lækjarsytra, sem kemur upp við gamla veginn fyrir norðan Ytri-Hákon. Munnmæli herma, að Guðmundur Arason góði hafi vígt þennan læk, þegar hann var á ferðum sínum," segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er 400 m sunnan við Grænutóftir 022 og tæpum 820 m sunnan við bæ 001. Lækurinn rennur undan brekkurótum Ingólfsfjalls, skammt vestan við Biskupstungnabraut. Lækurinn er kominn í vélgrafinn skurð vestan þjóðvegarins.
Skriða er í fjallinu, Gvendarbrunnur kemur upp undan henni. Lækurinn rennur til austurs, á milli stórra, stakstæðra bjarga í mýrlendi. Hann er 1 m á breidd og vatnslítill.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 5


Gvendarbrunnur ÁR-487:020, horft til vesturs.

**ÁR-487:021** *Jónshellir* hellir 63°58.528N 20°59.588V
Í örnefnaskrá segir: «Jónshellir: Klettagjögur fremur neðarlega í fjallinu rétt fyrir sunnan Ytra-Gilið. Þar sá ég votta fyrir grjóthleðslu norðan með bjarginu. Er kenndur við Jón Guðmundsson forföður Ólafs prests í Hjarðaholti. Hellirinn er nú nær enginn.» Samkvæmt leiðarlýsingu Jóns H. Gíslasonar, heimildamanns, var hellirinn í sömu hæð og Skemmusteinn, en sunnan Ytra-Gils, á næsta leiti við stóran stein sem líkist þríhyrningi. Ekki var um eiginlegan helli að ræða heldur skúta. Hafði hellirinn fyllst af sandi í upphafi 20. aldar. Gengið var um svæðið en ekki sást í hellinn þegar litið var upp fjallið og engin ummerki um hann, eða grjóthleðslu, fundust á svæðinu sem heimildamaður benti á. Sennilegt er að hellirinn hafi skemmst vegna skriðu eða jarðskjálfta. Jónshellir var um 630 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 360 m vestan við Biskupstungnabraut 35.
Svæðið er í stórgrýttri fjallshlíð. Heildarþekja mosa er mikil og víða sést til bláberjalyngs.
Ekki sér til minja á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 5

**ÁR-487:022** *Grænutóftir* tóftir stekkur 63°58.583N 20°59.239V
"Gamalt stekkatún, "norðanvert við Tannastaðagil, lítið fyrir neðan gamla veginn. Þar hefur auðsjáanlega verið stíað, því þar er tóft mikil og greinilegur stekkur, kringlóttur laus við"," segir í örnefnalýsingu. Grænutóftir eru rúmum 420 m sunnan við bæ 001 og 220 m norðvestan við stekk 017. Tóftirnar eru tvær, um 30-40 m norðan við Tannastaðagil. Tóftirnar eru á flatlendi, skammt frá brekkurótum Ingólfsfjalls. Raflína er 100 m vestar.
Tóftirnar láta lítið yfir sér og sjást ekki fyrr en að þeim er komið. Þær eru á lágu hólbarði og líklega frekari mannvistarlög hér undir. Minjarnar eru óræktuðu túni sem ekki er nýtt.
Tóftirnar eru á svæði sem er 17x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Til suðurs er tóft A og var hún



Grænutóftir 022.

líklega fjárhús, lag og gerð hennar bendir til þess. Hún er 10x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Suður-langhlið er röskuð og útflött á köflum. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og hvergi sést glitta í grjót í þeim. Þeir eru hæstir til vesturs að innan. Tóftin er opin til austurs. Að innan, til suðurs, sést lítil upphækkun og gæti mögulega verið um veggjahrun að ræða eða ummerki um annað hólf. Tóftin er á hólbarði sem fyrr segir. Tóft B er 1 m norðaustan við tóft A. Hún er mun minni umfangs og ekki ólíklegt að hér sé um stekkinn að ræða. Tóftin er 7x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er opin til suðausturs og ekki virðast hafa verið fleiri


Tóft ÁR-487:022a, horft til vestus.


Tóft ÁR-487:022b, horft til vesturs.

hólf hér inni. Tóftirnar eru líklega frá sama tíma, ástand þeirra bendir til þess.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 5

**ÁR-487:023** áletrun 63°58.817N 20°59.292V


Áletrun ÁR-487:023, horft til vesturs.

Steinn með áletrun er tæpum 100 m vestan við bæ 001 og um 90 m norðan við Ártalsstein 004. Steinninn er hluti af vesturvegg réttar 009.
Steinninn er í aflíðandi brekku sem hallar til austurs. Land er mjög vel gróið, þegar því sleppir til suðurs tekur við ræktað tún.
Steinninn er 0,5 m á lengd, 0,4 m á hæð og á kafi í grasi. Hann er hlaðinn í kant og mosagróinn. Steinninn er hluti af neðstu grjóthleðslu vesturveggjar réttar 009 , eins og fyrr segir, og er ekki áberandi stærri en annað hleðslugrjót í kring. Ártalið 1888 er meitlað á hann fyrir miðju. Áletrunin er 0,25 m á hæð og um 0,3 m á lengd. Hún ristir ekki djúpt og er illgreinanleg úr fjarska. Samkvæmt Jóni H. Gíslasyni, heimildamanni, letraði bróðir Þórðar Sigurðssonar áletrunina á steininn við lok 19. aldar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-487:024** *Stöðulgerði* heimild um kvíar 63°58.890N 20°59.219V

“Stöðulgerði: Er kallað útnorðurshornið á túninu. Þar hafði verið mjólkaðar ær og kýr,” segir í örnefnaskrá. Stöðulsteinn og stöðulklettar eru bæði utan túns en Stöðulgerði er á hinn bóginn innan túns, tæpum 130 m norðan við bæ 001 og um 30 m vestan við Lambhúsmýri 010.

Á þessum slóðum er ræktað tún, sem hallar örlítið til austurs. Lítill blettur til vesturs, þétt upp við túngarð 032A, er á hinn bóginn í órækt.

Engin ummerki stöðuls sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 6

**ÁR-487:025** *Bláberjahæð* heimild um mógrafir 63°59.401N 20°58.519V

“Bláberjahæð: Hún liggur á milli Dalsins og Stórasunds. Af henni sést Alviðrubærinn [ÁR-486]. Þar var tekinn mór 1848,” segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru tæpum 280 m norðaustan við Pálstóft 026 og rúmum 1,2 km norðaustan við bæ 001. Að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildarmanns, voru mógrafirnar norðaustan og austan við hæðina. Þær eru horfnar.

Þetta svæði er mýrlent, í halla til austurs að Ölfusá. Lækjardrög renna undan Bláberjahæð og mikill mýrarrauði sést í þeim.

Engin ummerki mótekju sjást á yfirborði. Líklega hafa mógrafirnar fyllst af framburði úr mýrunum í tímans rás.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 7

**ÁR-487:026** *Pálstóft* tóft fjárskýli 63°59.319N 20°58.804V

“Pálstóft: Gamalt sauðahús austast í Þrísteinamýri. “Hefur verið allstór fjárborg, en fyrir löngu fallin saman. Hún er án efa kennd Pál Jónsson, sem bjó á Tannastöðum 1729 og fram yfir 1750, fæddur 1671»,» segir í örnefnalýsingu. Pálstóft er tæpum 280 m suðvestan við mógrafir 025 og tæpum 1 km norðan við bæ 001. Tóftin er á mörkum mýra og þurrlendis. Til vesturs er deiglendi en til austurs uppblásið svæði.



Tóft ÁR-487:026, horft til SSA.




Teikning af Pálstóft.

Raflína er 100 m vestan við tóftina. Allt umverfis er gróið svæði og það nýtt til beitar. Tóftin sést illa, í raun ekki fyrr en að henni er komið.

Tóftin er 8 x 6 m að stærð, einföld og algróin. Það glittir hvergi í grjót í veggjum og þeir gætu allt eins verið torfhlaðnir. Þeir eru 2-2,5 m á breidd, þýfðir og 0,2-0,3 m á hæð. Kindastígur liggur eftri eystri langvegg tóftarinnar og op er í suðvesturhorni. Norðvesturhorn tóftarinnar er nánast horfið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 8

**ÁR-487:027** *Stekkjarhóll* tóft stekkur 63°59.043N 20°58.598V

“Stekkjarhóll: Er til landnorðurs frá bænum [001]. Á honum eru tvær fuglaþúfur og var þar áður

refagildra [sjá 030] undir nyrðri þúfunni. Sunnan undir þúfunni var stekkjað um 1840 og eru glöggar tóftir síðan," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 630 m NNA við bæ 001 og um 200-250 m norðvestur við lögn 035.
Tóftin er í brekkurót Stekkjarhóls. Hóllinn er grasivaxinn, en stór moldarflagsblettur er norðaustan af tóftinni. Umhverfis hólinn er mýrlendi, vaxið störum og fleiri votlendisgróðri.
Stekkurinn er 17x7 m á stærð. Hann er tvískiptur, ferhyrndur og snýr nálega austur-vestur. Hólfum tóftarinnar voru gefin númer til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Lýsingin hefst að sunnan, á hólfi 1. Það er 6x4 m að stærð að innanverðu og snýr austur-vestur. Það er á kafi í grasi og eru veggir torfhlaðnir. Ekki er óhugsandi að þeir séu jafnframt grjóthlaðnir, grjót er sjáanlegt fyrir innan hólfsins á norðvesturvegg þess. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m. Kindagata hefur lítillega skorið suðausturvegg hólfsins, en op er sunnarlega á vesturvegg. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 7x3 m að stærð að innanverðu og snýr nálega austur-vestur. Innan hólfsins er kargþýft og eru veggir torfhlaðnir. Þeir eru 0,3 m á hæð og 1 m breiðir. Op er sunnarlega á vesturhlið hólfsins.



Teikning af tóft 027.


Tóft ÁR-487:027, horft til suðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 9

**ÁR-487:028** heimild
"Stekkjarhóll: Er til landnorðurs frá bænum [001]. Á honum eru tvær fuglaþúfur og var þar áður refagildra [030] undir nyrðri þúfunni. Sunnan undir þúfunni var stekkjað um 1840 og eru glöggar tóftir síðan [sjá 027]. En litlu norðar eru mjög gamlar tóftir eða vottur þeirra, sem vel gætu verið frá fornöld," segir í örnefnaskrá. Hér er verið að skrá tóftirnar sem teljast frá fornöld. Svæðið sem um ræðir er stórt, og var leitað eftir minjum á því en engar fundust. Ekki er unnt að hnitsetja minjastaðinn innan 50 m skekkju án frekari heimilda.
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 9

**ÁR-487:029** *Lambabyrgi* heimild um lambhús
"Lambabyrgi: Er uppi á Ingólfsfjalli við lítið berg í Stapagili, þegar það beygir til austurs, eftir að það kemur norður úr dölum," segir í örnefnalýsingu. Jón H. Gíslason, heimildamaður, kannaðist ekki við tóft í Stapagili. Þó gæti hún verið þar, en ekki áberandi. Stapagil er bratt, djúpt gil en hægt er að fara þar upp á fjallið. Skrásetjarar töldu það ekki óhætt án leiðsagnar. Tóftin er lílkega uppi fjallinu, frekar en í gilinu sjálfu. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 11

**ÁR-487:030** heimild um gildra 63°59.006N 20°58.558V
"Stekkjarhóll [027]: Er til landnorðurs frá bænum [001]. Á honum eru tvær fuglaþúfur og var þar áður refagildra undir nyrðri þúfunni," segir í örnefnaskrá. Svæðið var gengið án þess að refagildran fyndist. Minjastaðurinn var hnitsettur á stórum kletti á Stekkjarhól, um 680 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 30 m sunnan við stekk 027.

Stekkjarhóll er grasivaxinn og eru brekkur hans fremur aflíðandi. Land er vel gróið, bláberjalyng og annar lynggróður að uppistöðu. Víða sér til stórra klappa, sem sumar hverjar eru mosagrónar. Umhverfis hólinn er mýrlendi ef frá er talið moldarflagsblettir sem sjást til norðurs og vesturs.
Ekki sér til minja á yfirborði.
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 9

**ÁR-487:031** *Skiphóll* þjóðsaga 63°58.820N 20°59.087V
Í Frásögum um fornaldarleifar frá 1821, segir: «Skipholl er nefndur eirn holl i tuninu a bæjnum Tannastodumm austann undir sama Jngolfsfialli sem mikid likist skipi ad lógunn, hér umm 6 alnir a leingd enn miór til beggia Enda meinast ad vera holur; - ecki eru menn hér fúsir a ad forvitnast neitt umm þessa hóla.» Skiphóll er rúmlega 70 m austan af bæ 001 og um 15 m sunnan við Borgarhól 006. Tæpum 20 m til austurs er Biskupstungnabraut 35.
Á þessum slóðum hallar landið lítillega og jafnt til austurs. Svæðið er algróið og er gróður meðalhár.
Skiphóll er 13x12 m á stærð og um 2 m hár. Hann snýr austur-vestur. Hlíðarnar eru brattar á alla vegu og er hóllinn mosagróinn sem og þýfður. Þó glittir í smágrýti hér og þar. Lögun hólsins minnir á skip á hvolfi. Gaddavírsgirðing umlykur hann og er hávaxinn trjágróður með gróðurmiklum botngróðri innan og utan hennar.



Skiphóll ÁR-487:031, horft til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** FF I, 223-224

**ÁR-487:032** garðlag túngarður 63°58.891N 20°59.252V
Túngarður er merktur á túnakorti frá 1918 og umlykur garðurinn allt heimatún bæjar 001. Tveir túngarðar eru varðveittir. Túngarður A er sýndur á túnakortinu og túngarður B er innan hans til vesturs í túninu og varðveittur þar eingöngu. Túngarður B er ekki teiknaður inn á áðurgreint túnakort. Að auki ery veggir hans grónari samanborið við garð A. Það gæti bent til þess að garðurinn sé eldri og ekki verið í notkun er túnakortið frá 1918 var gert. Frekari rannsóknir þarf þó til að staðfesta það.
Garðlögin skilja að ræktað heimatún Tannastaða og austurbrekkur Ingólfsfjalls. Ingólfsfjallsmegin er landið gróið og smáþýft. Á þeim slóðum er einnig mikið um stór og mosagróin björg.
Minjasvæðið er 350x70 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Er minjum gefin bókstafur til aðgreiningar í þessari lýsingu. Hún hefst á garðlagi A, sem er vestan af garðlagi B. Það sem enn sést af túngarði A afmarkar norður-, vestur- og suðurhlið túnsins, en garðurinn hefur horfið af yfirborði til austurs. Til norðurs hverfur hann undir svörð við Lamhúsmýri 010 og ekki er óhugsandi að hann hafi sokkið þar í jörðina. Hluti af suðausturenda garðsins var rutt burt að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildamanns, þegar heimatúnið var stækkað á sjöunda áratug 20. aldar. Sá hluti garðsins sem enn sést afmarkar svæði sem er um 320x65 m að stærð en að öllu samamlögðu er túnið 320x180 m samkvæmt túnakorti frá 1918. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti af ýmsu tagi, eins og hnullungum, stór- og smágrýti og náttúrulegu bjargi, sem er mosagróið. Greina má 3-6 umför. Breidd veggja er 1-2 m og er vesturveggur garðsins breiðastur. Hæð garðsins er allt frá 0,5 m á norðurhlið til 2 m á vesturhluta. Túngarðurinn er opinn fyrir miðju á suðurhlið og er hlaðinn í kant til vesturs. Ofan á garðinum endilöngum hefur gaddavírsgirðingu verið komið fyrir. Þessu til viðbótar er



Túngarður ÁR-487:032, horft til austurs.

rétt áföst garðinum að vestanverðu fyrir miðju (sjá 009). Túngarður B er um 20 m austan við túngarð A. Garðurinn liggur í norður-suður á vesturhluta heimatúns 001. Garðurinn er hlaðinn úr stór- og smágrýti sem og hnullungum, sem er vallgróið. Eru 2-3 umför sjáanleg. Á köflum hverfur hann undir svörð en garðurinn er samtals 50 m á lengd. Hann er 0,5 m á breidd og 0,4 m hár.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-487:033** *Syðra-Gerði* heimild um tún 63°58.737N 20°59.238V
"Syðra-Gerði. Túnið suður af Dimmutó, syðsti hluti túnsins. "Þórður Erlendsson, sléttaði. Af því fengust 29 hestar af töðu"," segir í örnefnaskrá. Syðra-Gerði er um 150 m sunnan við bæ 001 og um 20 m norðan við suðurvegg túngarðs 032A
Minjastaðurinn er í óræktuðu túni. Landið er grasivaxið og smáþýft. Lítið til nokkuð hallandi til austurs og sjá má stóra mosagróna steina hér og þar á svæðinu.
Ekki sér til minja á yfirborði, en túnið hefur verið sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 1

**ÁR-487:034** *Efranef* heimild um lögn 63°59.145N 20°58.321V
"Efranef skagar austur í ánni, þar sem hún er ströngust. Fyrir Tannastaðalandi, þar er laxveiðilögn," segir í örnefnalýsingu. Lögnin var þar sem áin var ströngust, um 920 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 300 m norðaustan við stekk 027.
Efranef er hallalítill, grýttur árbakki, með lítilli gróðurþekju. Lynggróður er ríkjandi og þegar fjær dregur ánni þéttist gróðurinn
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 8

**ÁR-487:035** *Eyrin* heimild um lögn 63°58.981N 20°58.538V
Í örnefnaskrá Tannastaða segir um Eyrina: «Uppgróið flatlendi, [...] Þar var lengi aðdjúpt og tvær lagnir allgóðar og þar var aðalveiðin, þegar Gísli Gíslason bjó á Tannastöðum 1800-1804, en þar hefur nú mikið spillst.» Eyrin er um 600 m norðaustan við bæ 001 og liðlega 280 m suðvestan við mógrafir 043. Svæðið þar niður við ána er grasivaxið og smávegis sandfjara í víkinni.
Ekki sjást nein ummerki um lögninga á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 9

**ÁR-487:036** *Gilslátur* frásögn lögn 63°58.457N 20°58.618V



Gilslátur ÁR-487:036, horft til austurs.

Að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildarmanns, er Gilslátur út af svokölluðum Gilstanga, um 320 m austan við tóft 019 og 800 m suðaustan við bæ 001. Gilstangi er malartangi sem skagar til austurs út í Ölfusá. Þar er djúpur strengur við endann, þar var lögnin.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-487:037** *Gönguskarð* gata leið 63°58.846N 20°59.400V
"Gönguskarð: Er melflái í eggjum fjallsins fyrir ofan bæinn. Það liggur á snið upp og norður með

Miðaftanseggjum og tekur þar strax fyrir ofan," segir í örnefnaskrá. Eins og segir í örnefnalýsingunni þá er Gönguskarð beint ofan (vestan) við bæ 001 en þar sést ekki til gatna.
Ingólfsfjall er bratt fyrir vestan bæinn og hlíðarnar þaktar skriðum, steinum og björgum sem fallið hafa þar niður. Mosi og lyng eru áberandi inn á milli steina.
Farið er upp gróna tungu sem nær upp í miðjar hlíðar fjallsins. Stefnan er tekin á "gjögur" eða op undir eða á milli steina í brekkunni. Þar er farið til suðurs með klettum og rétt áður en kemur að malarskriðu er farið upp fyrir klettana og áfram undir Miðaftanseggjum upp á fjallið. Skrásetjarar fóru ekki upp á fjallið, það er mikið um laust grjót og mel á leiðinni og hætt við falli.



Gönguskarð ÁR-487:037, er fyrir miðri mynd, horft er til vesturs.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 11

**ÁR-487:038** *Klöppin* heimild um lögn 63°59.132N 20°58.312V
"Klöppin er lítið klapparnef syðst á Efranefinu, þar er lítil lögn," segir í örnefnaskrá. Klöppin er rösklega 900 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m sunnan við Efranef 034.
Á þessum slóðum er stórgrýttur árbakki og skammt hjá er lyngvaxið holt. Þar sem klöppin var er yfirborð hallalítið og gróðurþekja lítil, sem engin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 9

**ÁR-487:039** *Miðhæð* heimild um lögn 63°59.253N 20°58.378V
Í örnefnaskrá Tannastaða segir um Miðhæð: «Er lítið holt við Sogið, milli Stórasunds og Litlasunds. Þar var stundum lagt í net í Sogið.» Lögnin er tæpum 1 km norðaustan við bæ 001 og 100 m frá veiðikofanum sem stendur þar við ánna. Lögnin var við næsta tanga í ánni, norðan við veiðikofann.
Við árbakkann er frekar grýtt og mikið af hellusteinum Stöku lyng og kjarrgróður vex við jaðar grýtisins en tanginn sem lögnin var við er laus við allan gróður.
Ekki sjást nein ummerki um lögnina.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 8

**ÁR-487:040** náma mógrafir 63°58.436N 20°58.785V
"Mógrafalækur: Rennur um mótakið og austur í Tannastaðagil," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru rúmum 190 m austan við tóft 019 og um 770 m suðaustan við bæ 001. Mógrafirnar sjást enn og er um tvö aðskilin svæði að ræða.
Framræst mýri er vestan við mógrafirnar, til austurs eru holt og lágir hólar.
Mógrafirnar sjást enn, annað svæðið er vestar en hitt austar. Á milli þeirra rennur Mógrafalækur og skilur þau að. Vestara svæðið sést ekki á yfirborði, einungis á loftmynd. Heildarstærð svæðisins er 200x90 m að stærð og það snýr austur-vestur. Þær mógrafir sem enn sjást renna saman og lítið sést af stórum, stökum gröfum. Suðvesturhlið mógrafasvæðisins sjást einna best. Þar eru mógrafirnar 0,2 m á dýpt og rakar.



Mógrafir ÁR-487:040, horft til suðausturs.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 4

**ÁR-487:041** kantur varnargarður 63°58.783N 20°59.264V


Kantur ÁR-487:041, horft til vesturs.

Kantur er tæpum 90 m suðvestan við bæ 001 og 40 m suðaustan við túngarð 032A. Hann er innan heimatúnsins, hlaðinn fyrir skriðu, en ekki er að sjá mannvirki þar framan við. Mögulega var hér um túnahreinsun að ræða eða vörn gegn frekari skriðuföllum. Raflína er 20 m vestan við kantinn.
Heimatúnið er slétt, norðurhluti þess er nýttur til sláttar en syðri hlutinn er kominn í órækt. Þar eru grónar skriður og mikið gras.
Kanturinn er 6 m að lengd og 1 m á hæð. Hann liggur norður-suður og jarðfastur klettur er í norðurenda. Annars má sjá tvö umför af stóru grjóti. Tyrft er yfir brún kantsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-487:042** tóft rétt 63°59.100N 20°58.329V
Rétt er rúmum 870 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 290 metrum sunnan við Miðhæðarlögn 039. Hún er þétt upp við bakka Ölfusár og sést hvernig hrun frá veggjum tóftarinnar er næstum horfið út í ána. Réttin er á grasigrónu holti sem er nokkuð þýft á köflum en í því sunnanverðu má greina jarðvegsrof á


Tóft ÁR-487:042, horft til austurs.



Teikning af rétt 042.

köflum. Í holtinu er mikið af stöku grjóti og einnig má sjá þar lyng og kjarr á stangli.
Réttin er 12,5 x 6 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er opin til norðurs og meðfram opinu liggur þriggja metra langur veggur til norðurs, einskonar aðrekstrargarður inn í réttina. Réttin er einföld og innanmál hennar er 8 x 3 m. Réttin er grjóthlaðin og sést í 1-3 umför. Hæð veggja er 0,3-0,6 m. Réttin er hrunin til austurs, niður brekkuna og að árbakka Ölfusá þannig að aðeins eru aðeins 0,2-0,5 m að árbakkanum.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**ÁR-487:043** náma mógrafir 63°59.041N 20°58.643V
Mógrafir eru 610 m norðaustan við bæ 001 og 5 m vestan við tóft 027. Þær eru í mýrinni vestan við Stekkjarhól 027, hólinn sem liggur sunnan við malarveg niður að veiðikofanum. Þjóðvegur er tæpum 280 m vestar.
Þar er nú að parti til uppþornuð mýri en sést þó í bleytu af og til. Landið er flatt frá þjóðvegi að Stekkjarhól en lækkar hratt niður að Ölfusá. Flatlendið er grasivaxið og mikið um mýrargróður.
Mógrafarsvæðið er 43 x 25 metrar að stærð og snýr norður - suður. Mógrafirnar eru 15-20 talsins.



Mógrafir ÁR-487:043, horft til suðvesturs.



Brú ÁR-487:044, horft til vesturs.

Mógrafirnar eru mjög ólíkar, þær eru flestar grónar en margar hverjar ennþá hálfblautar. Sumar eru nánast þurrar en það seytlar vatn upp úr þeim þegar stigið er niður í þær. Einhverjar eru ógrónar og ekki blautar. Dýpstu mógrafirnar eru 0,6 m að dýpt en þær grynnstu eru um 0,3 m að dýpt. Mýrargróður vex upp úr flestum þeirra.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-487:044** kantur brú 63°58.576N 20°59.332V
Hlaðinn kantur er yfir hluta Tannastaðagils, skammt frá brekkurótum Ingólfsfjalls. Hér er líklega um brú á leið 720:010 að ræða en aðrir hlutar hennar eru fallnir ofan í gilið. Vegur 720:010 sést liggja að því til norðurs og suðurs.
Tannastaðagil er djúpt og klofnar sunnan við brúnna. Hleðslan er á norðurbrún, nyrðra gilsins, þar sem þau sameinast.
Brúin er 7 m að lengd og hleðslan "tunnulaga" eða ávöl. Kanturinn er hlaðinn framan við skriðu sem féll úr gili og vegurinn lá að öllum líkindum hér. Það má sjá 1-2 umför af stóru grjóti í kantinum og er hann 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-487:045** heimild um leið 63°58.450N 20°58.974V
"Móbarð: Er á syðri bakkanum á Tannastaðagili, dálítið ofar en Móflöt. Þar er gömul tóft [sjá 019] og þar var vegur yfir gilið," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Jóns H. Gíslasonar, heimildarmanns, var vegurinn norðan við gilið að öllum líkindum og fór á þessum slóðum yfir það. Hann man ekki eftir að hafa séð veginn en hann var líklega ruddur. Þarna er nú einungis kindastígur.
Þarna eru nú grónar, framræstar mýrar og lág holt.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Tannastaðir, 4

# Túnakort Laugarbakka ÁR-488




Byggt á túnakorti frá 1920

## ÁR-488 Laugarbakkar




"Annað býli af sömu jörðu [og Fjall ÁR-489b]. Dýrleiki þess er kallað vi lxxx álnior og so tíundast." JÁM II, 392.
1847: 10 hdr, bændaeign. JJ, 74.
"Landamerki I: Gagnvart Tannastöðum úr þúfu á Einbúa, er stendur niður við Ölfusá, sem hann er hæstur, beina línu í stein sem nefnist Grákollur neðri, og beina línu á Ingólfsfjallsbrún; úr vörðunni [026] beina línu í vörðu [027], sem er á melhrygg á miðju Ingólfsfjalli, sem er hornmark. II: Gagnvart Helli úr áðurnefndri vörðu [027] á melhrygg, beina línu í vörðu [030], sem stendur á vesturgilklofningsbrún á Brennu[dals]gili; þaðan niður Brennidalsgil í vörðu á Fjallstóttum [ÁR-489b:001] beina línu í Mígandaþúfu; úr Mígandaþúfu til Ölfusár." Ö-Laugarbakkar, 1.
1917: Tún 5.2 ha, þar af c. 1/3 slétt. Garðar 1041 m2.

**ÁR-488:001** *Laugarbakkar* bæjarhóll bústaður 63°57.879N 20°58.365V

"Bærinn var færður norður á syðri bakka Laugalækjar um og eftir 1930. […] Bæjarhóll. Hóll í túninu fyrir sunnan bæinn. Þar stóðu lambhúsin, mjólkurkofinn og smiðjan," segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn er rúmum 350 m sunnan við núverandi bæjarstæði og 50-60 m vestan við Ölfusá. Lítill tangi eða nes skagar út í ánna fyrir austan bæjarhólinn og ekki hætta á að áin flæði hér yfir. Sandhóll er fast vestan við bæjarhólinn, á milli bæjarins og árinnar. Smá lægð er á milli hólanna. Ekki er ljóst hvernig stafnar bæjarins snéru en traðir/leið 025 lá fast vestan við heimatúnið sem bendir til þess að stafnar hafi mögulega snúið til suðurs. Við plægingu hafa komið upp hellur, hleðslugrjót og fleiri mannvistarleifar.



Bæjarhóll ÁR-488:001, horft til suðurs.

Slétt, ræktað tún er allt umhverfis hólinn. Það er slegið og nýtt til beitar.

Bæjarhóllinn er 75x30 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er grasivaxinn, sléttur og þar eru ekki mannvirki að sjá á yfirborði. Bærinn sjálfur var á suðurhluta hólsins þegar túnakortið var gert árið 1920 og útihús 002 á nyrðri hlutanum. Traðir 025 lágu að bænum að suðvestan en þær sjást ekki. Bæjarhóllinn er ekki reglulegur í laginu og helst líkist hann tölustafnum átta, tveir hólar með lágu hafti í miðjunni. Uppi á hólunum eru lautir án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir nákvæmu lagi mannvirkja. Hóllinn er 0,3-1 m á hæð, hæstur til vesturs og norðurs. Sléttun hefur raskað hólnum mikið og erfitt að greina uppsöfnuð mannvistarlög frá náttúrulegum hólum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 1-2; Túnakort 1920

**ÁR-488:002** heimild um útihús 63°57.895N 20°58.363V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 25-30 m norðan við bæ 001, á norðurhluta bæjarhólsins. Þar sést enn hóll, ofan á bæjarhólnum. Bæjarhóllinn er brattur til norðurs frá áætlaðri staðsetningu útihússins. Það er horfið.
Slétt, ræktað tún er allt umhverfis hólinn. Það er slegið og nýtt til beitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirboði, fyrir utan hólinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-488:003** heimild um lögn 63°57.917N 20°58.225V
Sandhóll. Hóll sá, sem stendur fast við ána, fyrir austan túnhólinn. Þar er lögn í ánni, en aldrei veiddist þar vel," segir í örnefnaskrá. Lögnin er tæpum 30 m sunnan við lambhús 004 og um 60 m suðaustan við bæjarhól 001.
Við lendinguna eru sendnir bakkar Ölfusár með stórum steinum á víð og dreif. Lögnin er á tanga þar sem er strengur í ánni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:004** heimild um lambhús 63°57.874N 20°58.319V
Sandhóll. Hóll sá, sem stendur fast við ána, fyrir austan túnhólinn. Þar er lögn [003] í ánni, en aldrei veiddist þar vel. Uppi á hólnum, þar sem hann er hæstur, var lambhús. Man ég (Þ.S.) vel eftir tóftinni," segir í örnefnaskrá.
Hóllinn er flatur að ofan og smáþýfður, vaxinn grasi, elftingu og hvönn, rof er í honum austanverðum. Hóllinn er 45x15 m að stærð en erfitt er að greina hæð hans vegna áfoks. Hann er 3-4 metrum ofan við bakka Ölfusár. Ekki sést til minja á honum.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:005** náma 63°58.028N 20°58.932V
"Svartholt. Holt skammt vestan við túnið. Það er lágt með moldarflagi. Þar var nokkurt hellutak, en nú ert það þrotið," segir í örnefnaskrá. Holtið er rúmum 100 m sunnan við heimreiðina niður að bænum og tæpum 650 m norðaustan við stekk 011. Þar er nú stórt og skeifulaga hestaskýli sem byggt hefur verið úr skurðruðningum. Trjám hefur verið plantað í ruðningana.
Þar er nú grasi gróið lítið holt inn á milli framræstra túna.
Ekkert sést lengur til námunnar á yfirborði
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:006** *Gamlistöðull* heimild um kvíar 63°57.938N 20°58.481V
"Gamlistöðull er í túninu fyrir vestan Heimalækinn," segir í örnefnaskrá. Gamlistöðull var líklega einum 140 m norðvestan við bæ 001 og er þá miðað við staðsetningu Heimalækjarins.
Sléttað tún, framræst með skurðum. Heimalækurinn er farinn í skurð en þó sést móta fyrir honum þar sem hann hefur runnið í Ölfusá.
Ekki sést til minja á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:007** *Mógrafaslétta* heimild um mógrafir 63°57.854N 20°58.763V
"Mógrafaslétta. Nýtt tún úr gömlum mógröfum vestan við Gamlastöðul [006]," segir í örnefnalýsingu. Mógrafaslétta er rúmlega 320 m vestan við bæ 001 og um 500 m norðvestan við stekk 009.

Mógrafasléttа er fremur sléttlent svæði. Til vesturs er malarborinn akvegur en til norðurs er ræktað tún, sem nýtt er til hrossabeitar. Ekki langt undan í austurátt er Ölfusá.
Engin ummerki um mógrafir sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:008** *Kerið* heimild um rétt
“Kerið. Stórt og djúpt jarðfall fyrir vestan túnið. Lækur hefur brotið skarð í túnið í jarðbakkann við ána. Það var notað fyrir fjárrétt og gott að reka fé inn í það,” segir í örnefnalýsingu. Svipast var um eftir minjum á loftmynd og á jörðu niðri en engin ummerki fundust um réttina. Að auki vissu heimildamenn ekki hvar réttin hefði verið staðsett. Án frekari heimilda er ekki hægt að hnitsetja minjastaðinn innan 50 m skekkju.
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:009** *Stekkjarholt* tóft stekkur 63°57.641N 20°58.376V
“Stekkjarholt. Næsta holt suður af túninu, fast við ána. Þar hef ég (Þ.S.) séð eina tóft mjög forna,” segir í örnefnalýsingu. Tóftin er 440 m sunnan við bæ 001, á litlu holti 20-30 m frá Ölfusá. Um 50 m suðvestar er stærra holt þar sem nú er malarnáma.
Holtið er grasivaxið og þar er mikið af rofabörðum og rofnum svæðum. Sandur er í rofunum og mikið af hólum í kring.
Tóftin er að stórum hluta horfin í rof sem er á holtinu. Uppi á hólnum er einn veggur sem liggur suðaustur-norðvestur. Veggurinn er 7 m á lengd, 1,5 m á breidd og 0,6 m á hæð. Hann er greinilega rofinn til norðvesturs. Niður af hólnum til norðvesturs, norðurs og norðausturs sést mikið grjót í rofinu sem gæti hafa tilheyrt tóftinni. Tóftin gæti hafa verið opin til suðausturs en við þann enda veggsins sést


Stekkur ÁR-488:009, horft til norðvesturs.



Teikning af stekk 009.

ekki að hann sé rofinn. Tóftin hefur verið torf- og grjóthlaðin og sést enn glitta í eitt grjót í suðausturenda veggjarins sem enn er á sínum stað.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:010** heimild um lögn 63°57.628N 20°58.295V
“Stekkjarholt. Næsta holt suður af túninu, fast við ána. Þar hef ég (Þ.S.) séð eina tóft mjög forna. Við þetta holt var bezta lögnin á Laugarbökkum,” segir í örnefnalýsingu. Lögnin er um 470 m sunnan við bæ 001 og tæplega 70 m suðaustan við stekk 009. Tveir tangar koma til greina þar sem lögnin var og leiða má að því líkum að hún hafi verið valinn staður á nyrðri tanganum, þar er straumurinn þyngstur.
Á þessum slóðum er grýttur árbakki. Mosi í glufum og í skjóli við steina. Við árbakkann er ósamfelldur og fremur lágvaxinn trjágróður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 2

**ÁR-488:011** tóft stekkur 63°57.718N 20°59.299V

"Háholt. Langstærsta holtið í Laugarbakkalandi. Þar er skammt niður af fjallsklettum. Sunnan í því eru fornar stekkjatóftir," segir í örnefnalýsingu. Stekkur er um 820 m SSV við bæ 001 og um 770 m norðvestan við stekk 009.

Tóftin er á grónu holti, en víða sést í bert hraun og smágrýti. Umhverfis holtið er mýrlendi. Við austurbrún holtsins er aflíðandi brekka og er stór grasvarðarlausblettur þar fyrir miðju.

Tóftin er 8x6 m að stærð. Hún er einföld, ferhyrnd og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru mikið grónar, engu að síður sést glitta í 1 umfar af stæðilegu grjóti í veggjum. Veggir eru 2 m breiðir og






Stekkur ÁR-488:001, horft til norðausturs.

mesta hleðsluhæð 0,4 m. Austurveggurinn hefur hrunið lítillega fram og sker kindagata vegginn þar sem hann er hvað veikastur. Tóftin er opin til suðurs. Innan tóftarinnar er sléttlendi og gras allsráðandi. Ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu, jötum, görðum eða öðru innan í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 3

**ÁR-488:012** *Stekkjartún* heimild um stekk 63°58.089N 20°58.511V

"Stekkjartún. Brekka sunnan í Laugarholtinu. Þar stóð hænsnahús. Ég (Þ.S.) man eftir stekkjartóftum," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var rúmum 400 m norðan við bæ 001 og rúmum 90 m norðaustan við Laug 013, sunnan undir Laugarholti. Núverandi bæjarstæði er suðvestan við Laugarholt og þar eru nokkrar 20. aldar byggingar, m.a. hesthús. Þessar stekkjartóftir sjást ekki lengur.

Fyrir sunnan holtið er slétt tún en sjálft holtið er óræktað. Þar koma víð steinar og lágir klettar upp úr sverði.

Engin ummerki um stekkinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4



Laug ÁR-488:013. horft til norðurs.

**ÁR-488:013** *Laug* lind vatnsból 63°58.052N 20°58.587V

"Laug. Sú volga vatnslind, sem bærinn dregur nafn af. Hefir hún verið notuð í gamla daga og lögð þá rækt við hana. Í tíð Eiríks Jónssonar (1788-1867) fannst útskorinn setstokkur og þvottaklapp úr rauðavið, hvort tveggja mjög fornt," segir í örnefnaskrá. Laugin er 370 m norðvestan við bæ 001 og 15 m norðvestan við íbúðarhúsið sem byggt var 1930, við heimreiðina að bænum.

Búið er að planta rósarrunnum, reynitrjám og birkikvist norðan og austan við lindina en sunnan og

vestan við er heimreiðin.
Nú er lítið dæluhús yfir Lindinni og hún sést ekki á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4

**ÁR-488:014** *Vondarétt* heimild um rétt 63°57.999N 20°59.571V
"Vondarétt var hjá Klofnasteini; nú aflögð," segir í örnefnaskrá. Vondarétt var við hlíðar Ingólfsfjalls, um 20 m vestan við Biskupstungnabraut og 1 km vestan við bæ 001. Þar hjá er bílastæði en ekki er ljóst af hverju réttin er horfin, líklega var grjót borið úr henni.
Umhverfis er mói, grasivaxinn með arfa, sóleyjum og fíflum. Svæðið er nýtt til hrossabeitar og þar er mikið af stakstæðum steinum og björgum.
Ekki sést til minja. Nú er hér nútímalegt hestagerði úr málmi þarna við bílaplanið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 5

**ÁR-488:015** *Kvíadalur* örnefni kvíar 63°57.921N 21°00.084V
"Kvíadalur. Dæld í fjallsbrúninni beint fyrir ofan Fjallskletta. Dalurinn er girtur háu standbergi að austan og norðan. Að vestan eru illar eggjar, og að sunnan er illt uppgöngu í dalinn," segir í örnefnaskrá. Kvíadalur er í bergi/hömrum, efst í brún Ingólfsfjalls. Dalurinn eða kvosin sést illa, hann raskaðist mögulega í jarðskjálfta árið 2008. Afar ólíklegt er að hér sé átt við hlaðnar kvíar til að mjalta, fremur er átt við náttúrulegar kvíar eða kletta.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 6

**ÁR-488:016** heimild um ristu 63°57.800N 20°59.817V
"Háholtskrókur. Mýrarblettur útsunnan (SV) við Háholtið og vestur að Fjallslæk. Þar var ávalt skorinn reiðingur." […] Klakhús veiðifélagsins er í læknum [Fjallslæk], rétt fyrir neðan veginn," segir í örnefnaskrá. Ristan var rúmum 1,2 km vestan við bæjarhól 001, rétt norðan við Klakhús veiðifélagsins. Svæðið er innan hestagirðingar, í móa sem er framræstur, þýfður og grasi og mosavaxinn.
Ekki sést til ummerkja um torfristu á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 3

**ÁR-488:017** *Brennidalur/Brennudalur* heimild um kolagröf 63°57.809N 21°00.461V
"Brennidalur (Brennudalur) liggur næstum upp á fjallsbrún beint upp af Fjallstóftum [ÁR-489b]. Dalurinn má heita að sé umgirtur hömrum á alla vegu. Tilgáta um nafnið hefur verið sú, að þar hafi verið skógur og gert til kola. Þórður telur það óhugsandi, því að ekki sjást [neinar] leifar af skógi, en í dimmu veðri hafa menn séð loga í dalnum, og af því er nafnið dregið. (Sigurður notar orðmyndina Brennidalur, en Þórður faðir hans Brennudalur. Ég læt báðar koma fram)," segir í örnefnalýsingu. Brennidalur er um 1,7 km vestan við bæ 001 og um 300 m norðan við Suðurlandsveg 1. Aflögð malarnáma er í skriðu sem féll þarna niður. Sveitarfélagsmörk milli Árborgar og Ölfuss eru í Brennidal. Gengið var um svæðið en erfitt var að fulleita þar sökum mikils fjölda skriða. Engin ummerki kolagrafa fundust og ekki er ólíklegt að þær hafi skemmst í skriðu.
Stórgrýti er mikilsráðandi og eru fjölmargar skriður sjáanlegar til allra átta. Sú stærsta fer niður Ingólfsfjall til suðurs og sveigir til vesturs á miðri leið. Sums staðar má sjá grösuga bletti uppi með fjallinu.
Ekki sér til minja á yfirborði.


Brennudalur ÁR-488:017, horft til vesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 6

**ÁR-488:018** *undir Ingólfsfjalli* þjóðsaga bústaður
"…segja munnmæli að Ingólfur hafi dvalið [í Fjalli ÁR-489b] veturinn sem hann var undir Ingólfsfjalli …" segir í grein Brynjúlfs Jónssonar sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897. Þessi þjóðsaga er oftast tengd við bæinn Fjall ÁR-489b en einnig við Hólsstaði ÁR-492:007 sem eru í landi Hvols ÁR-492, í vesturhlíðum Ingólfsfjalls. Engin leið er að staðsetja þennan minjastað.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Brynjúlfur Jónsson, 18

**ÁR-488:019** varða 63°58.171N 21°00.271V
Tvær vörður eru uppi á Ingólfsfjalli, um 130 m suðvestan við landamerkjavörðu 026 og rúman 1,6 km vestan við bæ 001. Fyrir sunnan (neðan) vörðurnar er brött brún og dalverpi þar neðar, það nær allt fram á brún Ingólfsfjalls. Vörðurnar sjást ekki frá láglendi og líklega er um verk smala eða ferðamanna að ræða.
Ingólfsfjall er bratt, hlíðar þess eru alsettar skriðum, stórum steinum og klettum fyrir ofan Laugarbakka. Þó er hægt að fara þarna upp með staðkunnugum. Vörðurnar eru uppi brún, mosi og lyng eru áberandi á milli moldarflaga og klappa.


Varða ÁR-488:019a, horft til austurs.


Varða ÁR-488:019b, horft til norðausturs.

Varða A er sunnar og mun stærri. Hún er hlaðin á gjótklappir og er 2,5x,2,5 m að grunnfleti. Hún er 2 m á hæð og í henni má sjá 10-12 umför af stóru grjóti neðst. Ofar eru mun smærri steinar. Varðan er strítulaga en engu að síður mjög stæðileg efst. Varða B er 7 m norðar. Hún er mun minni, 2,5x2,5m að grunnfleti en 1 m á hæð. Það má greina 6 umför af stóru grjóti í henni. Hún er hlaðin á jarðfasta klöpp og hleðslan er ekki vönduð. Það virðist sem hún sé ekki fullkláruð, hún er flöt að ofan.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-488:020** varða
63°58.011N 21°00.512V
Tvær vörður eru á suðaustur brún Ingólfsfjalls. Þær eru um 2 km norðvestan við bæ 001, tæpum 220 sunnan við vörðu 028 og rúmlega 200 m austan við vörðu 030. Óvíst er hvort vörðurnar teljist til fornleifa eður ei. Og ekki er ósennilegt að þær séu nýlega hlaðnar. Aftur á móti fá þær að njóta vafans og eru því með í þessari skráningu.
Vörðurnar eru á klettabrún ofan á lítt grónum kletti. Til norðurs er gróðurmikil brekka þar sem bláberjalyngur setur sterkan svip á landið. Milli


Varða ÁR-488:020, horft til suðurs.

varðanna er stór steinn og mosahula þar skammt hjá.
Minjasvæðið er 12x5 m á stærð og snýr norður-suður. Til aðgreiningar er vörðunum gefin bókstafur og hefst lýsingin til vesturs, á vörðu A. Hún er illa hlaðin úr smágrýti og er líkara að grjótinu sé staflað saman fremur en hlaðið; því er ekki hægt að telja umför á henni. Hún er 1x1 m að stærð og 0,3 m á hæð. Varða B er tæpum 10 m norðaustan við vörðu A. Hún er 2x1 m að stærð og 0,5 m á hæð. Grjótinu er fremur hrúgað en staflað saman og af þeim sökum er erfitt að greina umför á henni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki vörðurnar hafa gegnt, en þær eru ekki við þekkt landamerki eða leiðir.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-488:021** gryfja útihús 63°57.891N 20°58.316V
Í Sandhól, nálægt svæðinu sem lambhús 004 voru er niðurgröftur, líklega ummerki um útihús. Gryfjan er 45 m norðaustan við bæ 001 og 30 metrum norðan við hæsta hluta hólsins, þar sem lambhús 004 var.
Hóllinn er flatur að ofan og smáþýfður, vaxinn grasi, elftingu og hvönn. Rof er í honum austanverðum.
Gryfjan er 3x2 metrar að stærð, U-laga og snýr í austur-vestur. Op er til austurs, þar sést lág. Gryfjan er mest 0,4 m djúp í vesturenda, aðrir hlutar eru grynnri.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs



Gryfja ÁR-488:021, horft til austurs.

**ÁR-488:022** heimild um nátthaga
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var nátthagi hjá bænum, ekki er vitað hvar hann hefur verið. Staðsetning og áttahorf nátthagans er ekki rétt á túnakortinu.
Sléttuð tún eru í kring um bæjarhólinn.
Ekki sést til minja.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-488:023** heimild um túngarð 63°57.922N 20°58.361V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var túngarður umhverfis heimatún Laugarbakka. Hann afmarkaði túnið til allra átta nema austurs, þar var Ölfusá látin ráða. Til norðurs var einnig lækur á mörkum heimatúnsins sem og til suðurs.
Slétt, ræktað tún er nú þar sem heimatúnið var. Núverandi tún er mun stærra er heimatúnið og umfangsmikil sléttun og aðrar breytingar á landslagi hafa átt sér stað.
Öll ummerki túngarðsins eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-488:024** tóft beitarhús 63°57.979N 20°59.772V
Neðarlega í austurhlíðum Ingólfsfjalls er reisuleg tóft og sést hún frá Biskupstungnabraut. Hún er 1,2 km vestan við bæ 001 og rúmlega 170 m vestan við Vondurétt 014. Engar heimildir eru um þessa tóft en lag og gerð hennar bendir til þess að um beitarhús sé að ræða.
Tóftin er staðsett í grösugum móa, með mikið af mosa og íslandsfíflum. Hún er í lítið eitt hallandi hlíð og er því hærri til norðvesturs.
Tóftin er 11x5 metrar að utanmáli og 8x3 metrar að innanmáli. Grjóthlaðin og reisuleg, hleðslur sjást bæði að innan og utan. Hún er einföld og snýr í norðvestur-suðaustur, op er á henni til suðausturs. Veggirnir eru 1,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir að utan (austan megin) og 1,6 m þar sem hleðslan stendur hæst að innan (vestan megin). Mest sjást fimm raðir af hleðslum við norðausturenda hennar, við opið. Við austurhornið á rústinni hefur hún verið byggð uppvið stein sem hefur verið þarna áður og



Tóft ÁR-488:024, horft til suðausturs.





Teikning af tóft 024.

eflaust hrunið úr fjallinu. Töluvert er af stóru grjóthruni í kring um rústina úr Ingólfsfjalli.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-488:025** heimild um traðir 63°57.873N 20°58.392V
Traðir lágu í suðvestur frá bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1918 og heimildarmanni sem segist hafa séð þær þegar túnin voru plægð. Veggirnir þeirra voru að öllum líkindum hlaðnir.
Nú er hér sléttað tún, grasivaxið og slegið.
Ekki sést til minja.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-488:026** heimild um landamerki 63°58.233N 21°00.199V
"… og beina línu í Ingólfsfjallsbrún; úr vörðunni beina línu í vörðu [027] sem er á melhrygg á miðju Ingólfsfjalli" segir í örnefnaskrá. Þessi varða sést ekki. Hún var rúman 1,6 km VNV við bæ 001 og tæpum 600 m austan við vörðu 027.
Varðan var á brún Ingólfsfjalls, sunnan við gil sem var á merkjum Laugarbakka og Tannastaða ÁR-487. Þar eru nú grónir melar, grjót og mosi. Það eru klettar efst í fjallinu og gilinu. Fjallsbrúnin er í "stöllum" en þar sást ekki varða.
Engin ummerki um vörðuna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 1

**ÁR-488:027** heimild um landamerki 63°58.183N 21°00.916V
" úr vörðunni [026] beina línu í vörðu sem er á melhrygg á miðju Ingólfsfjalli, sem er hornmark," segir í örnefnalýsingu. Þessi varða er horfin en hún var tæpum 530 m vestan við vörðu 026 og rúmum 2,1 km vestan við bæ 001. Þetta er landamerkjavarða sem var uppi á Ingólfsfjalli. Brennigil er skammt sunnan við áætlaða staðsetningu vörðunnar.
Mosagróin holt með smágrýti. Hér og þar glittir í mel og lyng.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirboðri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 1

**ÁR-488:028** varða
63°58.127N 21°00.442V
Varða er um 1,7 km VNV við bæ 001 og tæpum 170 m suðaustan við vörður 019. Ekki er óhugsandi að varðan sé nýlega hlaðin, en hún fær að njóta vafans



Varða ÁR-488:028, horft til suðurs.

og er því með í þessari fornleifaskrá.
Varðan er á suðausturbrún Ingólfsfjalls, efst á mosagrónu holti. Víðsýnt er til allra átta og sunnan hennar er aflíðandi brekka.
Varðan er 3x3 m að stærð og 0,6 m á hæð. Mest sjást fjögur umför af smágrýti í grjóthleðslum. Eitt umfar af smágrýtissteinum er jafnframt greinilegt hringinn í kringum vörðuna, en ekki er ljóst hvaða tilgangi það átti að þjóna. Þó svo að norðan vörðunnar séu fáeinar steinar, sem líklega hafa hrunið úr henni, þá er varðan nálægt sinni upprunahæð. Það liggur á huldu hvaða hlutverki varðan hefur gegnt.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-488:029** tóftir beitarhús 63°57.934N 20°59.833V
Tvær tóftir eru við rætur Ingólfsfjalls, í austurhluta svo nefndra Fjallskletta. Þær eru sýndar á herforingjaráðskorti frá 1908 og taldar tóftir Fjalls ÁR-489b, en sá bær er um 470 m suðvestar. Þetta eru beitarhús sem eru tæpum 1,2 km vestan við bæ 001 og rúmum 100 m vestan við Biskupstungnabraut.
Tóftirnar eru í norðausturjarðri Fjallskletta en þeir eru skriða sem féll niður Ingólfsfjall. Í skriðunni eru mörg björg og stakstæðir klettar og sumarbústaður er þar við þjóðveginn. Tóftin er í jaðri skriðunnar, til austurs og norðausturs er gróið, flatlent svæði sem nýtt er til beitar.
Á svæði sem er 30x18 m að stærð og snýr NNV-SSA eru tvær tóftir. Þær eru báðar grafnar inn í brekkurætur Ingólfsfjalls og sjást vel. Tóft A er sunnar og er óskýr vegna mikils gróðurs. Hún er 30x13 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólf. Austast er hólf 1. Það er 16x9 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 0,3-1,5 m á hæð. Þeir eru lægstir til suðurs. Það má sjá 1-4 umför af grjóti í þeim. Hleðslan er úr stóru grjóti en hún er hrunin



Tóftir ÁR-488:029.


Tóft ÁR-488:029b, horft til suðausturs.


Tóft ÁR-488:029a, horft til suðausturs.

að mestu, inn í hólfið. Hólfið er opið til suðurs, þar má greina einfalda grjótröð, mögulega undirstöður undir þil. Hólf 2 er norðvestan við hólf 1. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Gólfið er 0,6 m hærra en í hólfi 1, hlaðinn kantur er þar á milli hólfanna. Veggirnir eru 0,6-1,8 m á hæð og þar má sjá 2-3 umför af stóru grjóti. Einföld grjóthleðsla skilur á milli hólfa 2 og 3 en það er norðvestast í tóftinni. Hleðslan er 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og op til norðurs. Hólfið er 7x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Góflið er í sömu hæð og í hólfi 2. Veggirnir eru 1,5-1,8 m á hæð og það glittir í 1-3 umför af grjóti í gegnum gróðurinn. Hólfið er grafið inn í brekku að norðan. Grjótið í tóftinni er tekið úr skriðu, er stórt og óhentugt til vandaðar hleðslu. Tóft B er 5 m norðaustar. Hún er 7x6 m að stærð,

einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru líklega grjóthlaðnir, 0,2-0,4 m á hæð og það glittir í 2 umför í þeim. Tóftin er opin til suðausturs. Það er bratt til suðausturs frá henni, niður gróna skriðu eða brekku. Þetta var t.d. hrútakofi eða lambhús.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-488:030** varða landamerki 63°58.006N 21°00.763V



Varða ÁR-488:030, horft til suðurs.

"Landamerki I: Gagnvart Tannastöðum [ÁR-487] úr þúfu á Einbúa, er stendur niður við Ölfusá [...] beina línu í stein, sem nefnist Grákollur neðri, og beina línu á Ingólfsfjallsbrún; úr vörðunni [026] beina línu í vörðu, sem er á melhrygg á Ingólfsfjalli [027] [...] II: Gangvert Helli [ÁR-489b] út að áðurnefndri vörðu á melhrygg, beina línu í vörðu, sem stendur á vesturgilklofninfsbrún Brenni[dals]gili," segir í örnefnaskrá. Varða er á vesturbrún Brennidalsgils, tæpum 2 km vestan VNV við bæ 001 og rúmum 350 m suðaustan við vörðu 027. Ekki fannst önnur varða á þessu svæði og er hún nánast á merkjum Árborgar og Ölfuss.
Brennidalsgil er djúpt og miklar skriður hafa fallið þar niður. Ekki er að sjá neinn greinilegan klofning á gilinu, skriður gætu hafa breytt því.
Varðan er 2,5x2,5 m að grunnfleti og hleðslurnar eru hrundar. Varðan er 0,3 m á hæð og það má sjá 3 umför af enn, inn á milli hruns. Hluti af neðsta umfarinu er mosavaxið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 1

**ÁR-488:031** náma mógrafir 63°57.396N 20°59.553V



Mógrafir ÁR-488:031, horft til suðvesturs.

Mógrafir eru rúmum 1,3 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 600 m sunnan við stekk 011. Kristinn Valdimarsson, heimildamaður, fyllti upp í mógrafirnar vegna slysahættu. Þær eru beggja vegna við Hellisgil en sveitafélagsmörk Ölfuss og Árborgar liggja um gilið. Áður voru þarna mörk á milli Hellis ÁR-489 og Laugarbakka. Hellir er nú í Árborg.
Sunnan við Hellisgil, í landi Árborgar, er nú skógræktarsvæði og mógrafirnar sjást ekki. Það svæði mógrafanna sem er innan Laugarbakka er nýtt til hrossabeitar. Það er mýrlent og grasivaxið.
Mógrafirnar sjást einna best á loftmynd. Þar er svæðið 340x100 m að stærð og hlykkjast norðvestur-suðaustur, meðfram gilinu. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir nákvæmum fjölda mógrafa vegna fyllingar en það sést móta fyrir einni og einni mógröf. Þær sjást einna best sem grænar lágir.
**Hættumat:** engin hætta

*ÁR-489b Fjall*




„Hjer segja menn kirkja muni að fornu verið hafa, en enginn minnst að tíðir hafi hjer verið fluttar. Jarðardýrleiki XXX hdr og svo tíundast fjórum tíunudm. (...) NB. Þessi jörð er afdeild í fjögur býli, sem eru sundurgreindir fjórir bæir. Þeir heita so: Fjall. Þetta býli stendur í aðalstæði jarðarinnar og heldur því forna nafninu. Dýrleiki þessa partsins er talinn og tíundaður 6 hdr.“ JÁM II, 391.
Landnáma: “Hann var hinn þriðja vetur undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá.” ÍF, 45.
Þuríður Grímkelsdóttir “fæddist upp með þeim manni, er Sigurður múli hét; hann bjó undir Felli” Harðar saga, ÍF XIII, 4 sbr. 5 (Fjalli) og 35.
1397: “Kirkiann j Fjalli a tuær kluckur ad kirkiunni a Strond.“ DI IV,101. 1524: „selur Ögmundur biskup Snæbirni Gíslasyni hálft Fjall“. DI IX, 258.
Erlingur Gíslason átti Fjall í Ölfusi, Þorsteinn yngri son hans bjó þar og átti Halldóru Pálsdóttur, Eyjólfssonar frá Hjalla og Ásdísar Pálsdóttur, systur Ögmundar biskups – Bsk II, 298.
1604: Eydís Helgadóttir, móðursystir Odds biskups, var í Fjalli 1604 og átti Jón Ásgrímsson er þar bjó fyrst en varð eftir það bryti í Skálholti – Bsk II, 661. Á öðrum stað er þó sagt að Jón Ásgrímsson hafi fyrst verið bryti í Skálholti en síðar verið ráðsmaður fyrir Fjalls búi – Bsk II, 675.
“Bærinn hefir staðið fram á átjándu öld. Eftir að hann lagðist í eyði, lagðist landið til Hellis og Laugarbakka, svo að nú eru landamerki þeirra jarða um Fjallstún. Af JÁM sést að þá hefir heimajörðin Fjall verið komin í niðurlægingu, er jarðabókin var samin. Munu því mest hafa valdið skriðurennsli á túnið. Túnstæðið hefir upphaflega verið uppgróin skriðubunga, mynduð af gili, sem þar er uppundan í fjallinu. Það heitir Branddalsgil, og hefir nafn af lítilli dalkvo er Branddalur heitir, sem þar er uppi í gilinu, en sjest ekki fyrr en að er komið. Branddalur er enn grasi vaxinn; annars er gilið, og hlíðin öll, nú eintóm skriða. Er líklegt að nafnið sé dregið af kolabröndum og að þar hafi verið kol brennd meðan fjallshlíðin var skógi vaxin … enn heldur [gilið] áfram að hækka bunguna smátt og smátt; enda er hún nú að miklu leyti grjóti þakin, nema austan til. Þar er grasflöt, sem enn heitir Fjallstún. Á henni eru rústir bæjarins. … Hefir hjer verið gott til heyafla og tún eigi alllítið meðan bungan var í friði fyrir skriðum. Líklegra er, að þær hafi valdið eyðileggingunni smátt og smátt heldur en allt í einu; en auðvitað er, að

loksins heefir eitt skriðuhlaup riðið baggamuninn.”  Brynjúlfur Jónsson. 1897, bls. 18-19.

**ÁR-489b:001** *Fjall* bæjarhóll bústaður 63°57.735N 21°00.190V
„Fjallstún.  Skriðurunnin hæð; leifar af túni bæjarins Fjalls.  Fjallstóftir.  Gömul tóftarbrot austanvert í Fjallstúni, skammt fyrir ofan veginn.  Þar hefur verið mikill bær í fornum stíl og búið málmsmiður,” segir í örnefnaskrá Laugarbakka. Í örnefnalýsingu Hellis og Fossness ÁR-489c segir: „Austur merki Hellis eru við Fjall og segir í örnefnaskrá: “Landamerki: Að austanverðu er varða á Fjallstóftum.” Varðan er horfin.
Brynjúlfur Jónsson, fræðimaður frá Minna-Núpi, kannaði rústirnar og ritaði um niðurstöður sínar í Árbók fornleifafélagsins 1897. Þar segir hann að á grasflöt þeirri, sem heitir Fjallstún, séu rústir bæjarins, og sjái allvel fyrir bæjarrústinni. Bærinn hafi snúið framhliðinni móti suðaustri. Þó virðist hún í fljótu áliti, þegar litið sé á rústina alla, að hún snúi á  móti suðri. Það komi til að því, að byggingar hafi verið fram á hlaðinu, sem að austan til gangi lengst fram og myndist þar eins og lítil hólbrekka af gamalli hleðslu. Jafnframt segir Brynjúlfur: “Bæjartóftin snýr hliðinni fram, og er framhúsið nálægt 10 faðma langt frá norðaustri til suðvesturs. Dyr eru á framhliðinni vestan til miðri. Beint inn af þeim er inngangur í bakhús, er liggur samhliða hinu, og eru dyrnar á miðri framhlið þess. Það er rúmlega 3 faðma langt. Er sýnilegt að það hafi upp á síðkastið verið baðstofan en hitt framhýsi.” Við hvorn enda bæjartóftarinnar var sín hvor tóftin og snéru dyrum fram á hlaðið, og taldi hann það geta hafa verið skemma og smiðja. Vegurinn  hefur legið um hlaðið og hefur svo haldizt eftir að bærinn lagðist í eyði, og voru þar uppgrónar



Bæjarhóll ÁR-489b:001, horft til suðvesturs.




Uppmæling af bænum á Fjalli.

götur. En nú sagði hann veginn liggja bak við rústirnar. Brynjúlfur hafði sagnir af því, að bænhús hafi verið í Fjalli og hafði eftir Jóni bónda Árnasyni í Alviðru, sem var “fróður maður og vel að sér”. Taldi hann það hafa staðið frammi á hlaðinu fyrir framan veginn, en “hafi það verið austast og fremst, sem mér þykir liggja næst að ætla, þá hefir annað hús verið vestar á hlaðinu.” Við báða enda bakhússins virðist Brynjúlfi vera autt svæði, sem svara myndi rými fyrir dálítið hús. Var þetta svæði innlokað að garði fyrir allri bakhlið bæjarins og myndaði þar “húsagarð”. Þar sem Fjall stóð forðum, eru nú vallgrónar rústir fast við þjóðveginn ofanverðan, og voru þær friðlýstar 1927. Hefur þeim þó verið raskað, þegar nýi vegurinn var lagður með fjallinu.” Brynjúlfur teiknaði minjarnar sem hann sá og birti aftast í Árbókinni. Í bókinni Saga Selfoss er fjallað um Fjall. Þar segir: „Austurmörk Hellis eru um Fjallstóftir, sem síðar voru nefnd Fjallstún. Þar eru rústir eyðibýlisins Fjalls, alveg við þjóðveginn. [...] Meðan stórbýli var í Fjalli fyrrum hefur þar verið gott undir bú og tún eigi alllítil. En skriðurennsli úr Brennudalsgili spillti túnum smám saman og síðast er líklegt, að eitt skriðuhlaup hafi riðið baggamuninn og gert túnið að grjóturð og brotið bæinn. Hann stóð þó fram á 18. öld. Þórður hinn fróði Sigurðsson, sem er fæddur á næsta bæ, Tannastöðum, árið 1864 , og bjó þar langa æfi, lýsti rústum bæjarins 1931: “Ein tóft sést ennþá greinilega fyrir neðan veginn, en uppi á hátúninu sá ég glöggt fyrir fimm húsatóftum [sjá 008], hverjum við aðra, þegar ég var unglingur, en nú eru þær allar komnar undir skriðu fyrir nokkru. Líka tók ég þá eftir niðursignu túngarðsbroti [sjá 009] vestur við mýrarvikið, sem nær lengst upp að fjallinu.”” Minjarnar eru friðlýstar. Í skránni segir: “1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls. Sbr. Árb. 1897: 18-19. [...] . Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.” Friðlýsingarskilti

er á bæjarhólnum en er mjög máð. Bæjarhóllinn sést ennþá en honum var raskað ennfrekar við vegagerð á 20. öld. Ekið er um hlað bæjarins eftir Biskupstungabraut og tóftin sem var „neðan“ vegarins þar undir að öllum líkindum. Vegurinn liggur þvert yfir bæjarhólinn og vírgirðing þvert vestan hans.
Hægt er að greina hólinn sem allháa þúst í landinu en erfitt er að greina mismunandi byggingarþætti. Skriður úr Brennudalsgili fara austan og vestan við gamla heimatúnið og nærri bænum.
Bæjarhóllinn er greinilegur en tóftir hlaupnar í þúfur svo ekki hægt að greina nákvæmt lag þeirra. Bæjarhóllinn er 63x28 m að stærð, 0,3-0,8 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grasivaxinn og vegstæðið hefur raskað austastahluta hólsins. Eins og fyrr segir þá liggur núverandi þjóðvegur um bæjarhlaðið og minjum sem Brynjúlfur lýsir „fyrir neðan veginn“ eru horfnar. Uppi á bæjarhólnum eru tvær þústir og ein ógreinileg tóft. Þúst I er suðvestast á hólnum, næst veginum. Hún er 12x12 m að stærð og óljóst mótar fyrir dæld til austurs í henni. Þústin er 0,4 m á hæð og algróin. Þúst II er á miðjum hólnum og er 12x10 m að stærð, 0,4 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mótar fyrir dæld vestan í henni. Tóft III er norðaustast á hólnum. Hún er 16x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mótar fyrir 3 hólfum í henni, veggirnir eru 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Hólfin eru opin til suðvesturs.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4; ÞS, 123; BJ 1897, 18-19; Saga Selfoss I, 35, 53-54 og Ö-Hellir og Fossnes, 1; Friðlýsingarskrá, 77

**ÁR-489b:002** heimild um kirkju 63°57.733N 21°00.150V
“Fjallstóftir. Gömul tóftarbrot austanvert í Fjallstúni, skammt fyrir ofan veginn. Þar hefur verið mikill bær í fornum stíl og búið málmsmiður. Þar var kirkja, og liggur vegurinn um kirkjugarðinn,” segir í örnefnalýsingu Laugarbakka. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 segir: “Hjer segja menn kirkja muni að fornu verið hafa, en enginn minnist að tíðir hafi hjer verið fluttar.” Eina ritheimildin sem gæti bent til kirkju á Fjalli er máldagi Strandarkirkju í Selvogi frá 1397 en þar segir: “Kirkiann j Fjalli a tuær kluckur ad kirkiunni a Strond.” Í grein sinni um Fjall í Ölfusi í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1897 segir Brynjúlfur Jónsson: “Sögn er, að bænahús hafi verið í Fjalli; svo sagði mjer Jón bóndi Árnason í Alviðru, fróður maður og vel að sjer. Hefir þá bænahúsið án efa verið fram á hlaðinu, en hafi það verið austast og fremst, - sem mjer þykir liggja næst að ætla, - þá hefir annað hús verið vestar á hlaðinu.” Friðlýst af Matthíasi Þórðarsyni 5.5.1927 (sem kvöð á landi Hellis) samkvæmt friðlýsingarskrá. Þar segir: “1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls. Sbr. Árb. 1897: 18-19.” Ekki er vitað með vissu hvar kirkjan var staðsett, en líklega var hún á bæjarhólnum, austan við bæ 001. Brynjólfur gerði uppdrátt af minjum í Fjalli og birti í grein sinni árið 1897. Allt eins er líklegt að kirkjan hafi farið undir Biskupstungnabraut 35, skammt suðaustar en hnit var tekið. Þar voru minjar samkvæmt teikningunni. Kirkjan er rúmlega 50 m austan við bæ 001 og um 75 m suðvestan við útihús 008.
Minjastaðurinn er í aflíðandi brekku. Sé horft til austurs er mýrlendi allsráðandi en til norðvesturs, við rætur Ingólfsfjalls, er yfirgefin malarnáma.
Ekki er vitað hvar kirkjan var staðsett. Af lýsingum ritheimilda að dæma þá hefur kirkjan að öllum líkindum staðið þar sem nú (2016) er Biskupstungnabraut 35. Ummerki kirkjunnar hafa líklega farið undir veginn við vegagerð á 20. öld. Þó er ekki loku fyrir það skotið að mannvistaleifar séu undir jörðu.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4; JÁM II, 391; DI IV 100-101; Brynjúlfur Jónsson 1897, 19; Friðlýsingarskrá, 77

**ÁR-489b:003** *Fjóslág* örnefni fjós 63°57.741N 21°00.163V
“Fjóslág. Smádæld fyrir austan bæjaröðina í Fjalli,” segir í örnefnaskrá Laugarbakka. Ekki er vitað með vissu hvar eða hversu langt fyrir austan bæjarröðina Fjóslág var. Skrásetjari gaf sér að fjósið hefði verið hluti af bæjarhúsum og lágin norðaustan við bæjarhólinn. Ekki er hægt að sjá móta fyrir stökum húsum á bæjarhólnum, þar eru fremur þústir. Fjóslág var 60 m sunnan við útihús 008 og fast norðaustan við bæ 001. Í grein Brynjúlfs Jónssonar frá 1897 segir hann að fjósið hafði verið ofar í brekkunni, það eru útihús 008. Ekki er hægt að ganga út frá því með vissu og því eru þessi mannvirki aðskilin.
Á því svæði sem Fjóslág var samkvæmt örnefnalýsingu er nú vegur að malarnámu í Brennidalsskriðu. Vegurinn er gerður ofan á skriðunni og líklega fór hún yfir lágina. Gróið, óræktað tún er umhverfis

skriðuna, gamla heimatún Fjalls að stofni til.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði né vitað hvar það var staðsett með innan við 50 m skekkju.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4

**ÁR-489b:004** heimild um brunn
"Fjóslág. Smádæld fyrir austan bæjaröðina í Fjalli. Þar var bæjarbrunnurinn," segir í örnefnaskrá Laugarbakka. Ekki er vitað með vissu hvar eða hversu langt fyrir austan bæjarröðina Fjóslág var og engar nánari heimildir fundust til að staðsetja brunninn með innan við 50 m skekkju. Skrásetjari gaf sér að fjósið hefði verið hluti af bæjarhúsum og lágin austan við bæjarhólinn. Fjósalág var 60 m sunnan við útihús 008 og fast norðaustan við bæ 001, brunnurinn var á þeim slóðum.
Á því svæði sem Fjóslág var samkvæmt örnefnalýsingu er nú vegur að malarnámu í Brennidalsskriðu. Vegurinn er gerður ofan á skriðunni og líklega fór hún yfir lágina. Gróið, óræktað tún er umhverfis skriðuna, gamla heimatún Fjalls að stofni til.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4

**ÁR-489b:005** *Blómsturgerði* heimild
"Blómsturgerði. Gróin brekka fyrir ofan Fjallstóftir [001], við Brennidalsskriðuna. Þar hef ég (Þ.S.) séð votta fyrir hleðslu," segir í örnefnaskrá Laugarbakka. Ekki er vitað með vissu hvar Blómsturgerði var staðsett, það gæti hafa verið austan eða vestan við bæ 001, við skriðuna. Það er þó líklegra að þetta sé vestan við bæinn, skriðan er stærri þar. Í skýrslunni Aðalskráning fornleifa í Árborg 1 eftir Margréti Hallmundsdóttur segir m.a:. " Skammt norðan við Fjalltóftir, örlítið vestar, í Fjallstúni gamla, milli tveggja skriðufalla, austan megin við Brennidalsskriðuna, sér móta fyrir dæld í umhverfinu sem gæti verið leifar byggingar. Hraunnabbi er í miðju túniu 20 m norðan við dældina. (...) dæld í umhverfið sem gæti verið mjög óljós tóft, þar vottar fyrir hleðslu. Hleðslan er mjög sigin.» Í skýrslunni segir að hleðslan sé 0,2 m á hæð en ekkert um lengd eða nánari gerð. Ekki er ljóst hvort að um sama stað er að ræða.
Malarnáma var í Brennidalsskriðu og nýting hennar öllu nokkru jarðraski. Meðfram skriðunni er ennþá óræktað tún, í grunninn gamla heimatún bæjarins.
Brennidalsskriða klofnar fyrir ofan bæ 001, hluti hennar fer austan við bæjarhólinn. Í henni eru bæði stór björg, stakstæðir steinar og möl. Ekki er vitað hvenær sú skriða féll en það gæti verið eftir að örnefnaskráin er gerð. Engin ummerki sjást um hleðslu á þessum slóðum. Ekki var unnt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4; Margrét Hallmundsdóttir, 101-102


Saumakonuhellir ÁR-489b:006, horft til vesturs.

**ÁR-489b:006** *Saumakonuhellir* þjóðsaga
63°57.870N 21°00.058V
"Saumakonuhellir. Hellir í Fjallsklettum, ofan við þar sem Fjallslækur kemur upp. Sagt er, að kona sú, sem barnið ól hjá Sængurkonusteini, hafi hitt þar tvær stúlkur í hellinum, sem voru að sauma. Þær leyfðu henni ekki að koma í bæinn, en allt annað Fjallsfólk var við kirkju í Arnarbæli," segir í örnefnalýsingu Laugarbakka. Saumakonuhellir var rúma 270 m norðaustan við bæ 001 og 100 m VNV við sumarbústað sem er við Biskupstungnabraut. Hellirinn er staðsettur í skriðunni, ofan við Fjallslæk. Í skýrslunni Fornleifaskráning í Áborg I segir; "Þetta er ekki hellir í þeim skilningi heldur meira skjól myndað úr þremur vel grónum klettu. Sá sem er í miðjunni er stærstu og hvílir á hinum. Nokkup stórt bjarg hjálpar til við skjólmyndunina og er beint á móti hinum. Vel gróin dæld er á milli."
Fjallsklettar eru skriða, aðallega stór björg og steinar, sem féllu hér niður Ingólfsfjall. Sumir steinarnir eru 3-4 m á hæð. Skriðan er

nokkuð gróin og þetta svæði er nýtt til beitar.
Eini staðurinn sem kemur til greina sem Saumakonuhellir er smá gjóta sem þrír, stórir steinar mynda. Gjótan er opin í báða enda og ekki hægt að fara þar inn með góðu. Þessi steinar eru nánast í miðju Fjallskletta, ofarlega. Skútinn er mest 2 m á hæð og 4x2 m að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 4-5; Margrét Hallmundsdóttir, 102

**ÁR-489b:007** *Reiðingsklettur* heimild um ristu 63°57.878N 21°00.065V

“Reiðingsklettur er neðarlega í Fjallsklettum. Þegar skorin var reiðingur, var hann ævinlega reiddur upp í dálítinn skúta milli tveggja stórbjarga, og þornaði hann þar sjálfkrafa af vindsúg,” segir í örnefnaskrá Laugarbakka. Ekki er vitað hvar í Fjallsklettum Reiðingsklettur er hár klettur sem klofnar í þrennt og mynda lóðrétta gjá á milli sín. Ekki er vitað hvar ristan fór fram en líklega var það m.a. í mýrinni fyrir suðaustan Fjallskletta. Reiðingsklettur er um 350 m norðaustan við bæ 001 og 30 m norðan við sumarbústað sem þarna er í klettunum, nærri Biskupstungnabraut.


Reiðingsklettur ÁR-489b:007 er fyrir miðri mynd, horft til vesturs.

Fjallsklettar eru skriða, aðallega stór björg og steinar, sem féllu hér niður. Sumir steinarnir eru 3-4 m á hæð. Skriðan er nokkuð gróin og allt svæðið er nýtt til beitar.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Laugarbakkar, 5

**ÁR-489b:008** tóft útihús 63°57.785N 21°00.156V

Tóft er um 75 m norðaustan við bæ 001 og rúma 50 m norðvestan við Biskupstungnabraut. Brynjúlfur Jónsson lýsti tóftinni í grein sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897. Þar segir að efst á grasflötinni, nær upp við fjallið, sé fjós- og heygarðsrúst á austurjaðri bungunnar. Fjósið hefur snúið meir til austurs en bærinn, og taldi Brynjúlfur, að stærð þess væri ekki hægt að ákveða, því að svo væri að sjá, að það hafi verið hlaðið sundur að innanverðu eða það hafi verið stytt, þegar kúm fækkaði. Vestan við það var ein tóft en við eystri hliðarnar tvær, líklega geldneyta- og reiðhestahús. Þar á bak við var heygarðurinn með þremur heystæðum. Tvö þeirra voru næstum 10 faðma löng en hið þriðja nær hálfu styttra, þar sem fjóstóftin gekk inn í garðinn. Brynjúlfur gerði uppdrátt af þessum minjum sem er jafnframt í grein hans. Þetta er útihús frá bæ 001 og þá er tóftin friðuð. Í friðlýsingarskrá segir: “1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls. Sbr. Árb. 1897: 18-19. […] . Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.” Í Sögu Selfoss segir: „Þórður hinn fróði Sigurðsson, sem er fæddur á næsta bæ, Tannastöðum, árið 1864 , og bjó þar langa æfi, lýsti rústum bæjarins 1931: “Ein tóft [001-002] sést ennþá greinilega fyrir neðan veginn [720:010], en uppi á hátúninu sá ég glöggt fyrir fimm húsatóftum, hverjum við aðra, þegar ég var unglingur, en nú eru þær allar komnar undir skriðu fyrir nokkru.“ Hér er um sama stað að ræða í öllum tilvikum. Tóftin sígur niður í mýri til suðausturs og austurs og aflögðuð af þeim sökum. Hún er á þurrum rima er blautt er til austurs frá henni.
Tóftin er innan gamla heimatúns Fjalls. Á milli bæjarhólsins og þessara minja er hluti af Brennidalsskriðunni og rafmagnsgirðing. Tóftin er innan afgirts beitarhólfs og sést enn greinilega.
Tóftin er 30x30 m að stærð og algróin. Stafnar hafa snúið til suðausturs en það eru fjögur hólf sem gera það. Það má einnig greina 1-2 önnur hólf sem eru norðvestan þeirra. Öll þessi hólf eru afar óljós en tóftin er einna greinilegust til suðurs og norðvesturs. Mikill jarðvegur er yfir norðurhluta tóftarinnar og hún sígur niður í mýri. Tóftin er grasivaxin og mjög sigin. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og 3 m á breidd. Fjósið er austast og hér kallað hólf I. Það er opið til suðausturs, er 4,5 x 2,5 m að innanmáli. Hólf II er þar vestan við. Það er 4x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf III var þar vestan við.



Útihús ÁR-489b:009, horft til norðvesturs.




Uppmæling af útihúsinu.

Útveggur þess til suðausturs er 3 m að breidd og það er „gangur“ inn í hólfið þar nú. Hólfið er 7,5x4 m að stærð og í miðju þess er jarðvegur, mögulega á milli hólfa. Hólf IV er vestast. Það er 4,5x1 m að stærð og opið til suðausturs. Hólf III og IV voru geldneyta- og hesthús að sögn Brynjúlfs. Hlutverk þessara húsa voru ágiskun Brynjúlfs en án efa var hér um útihús frá Fjalli að ræða. Samkvæmt lýsingu Brynjúlfs voru heygarðar norðvestan við hólf I-IV og kemur það vel heim og saman við lag tóftarinnar. En sem fyrr segir er mikill jarðvegur yfir tóftinni til norðurs og þar mótar óljóst fyrir veggjum og 1-2 hólfum án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir stærð heygarðsins.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Brynjúlfur Jónsson, 18; Friðlýsingarskrá, 77; Saga Selfoss I, 53

**ÁR-489b:009** heimild um túngarð
Í Sögu Selfoss I segir: «Þórður hinn fróði Sigurðsson, sem er fæddur á næsta bæ, Tannastöðum, árið 1864 , og bjó þar langa æfi, lýsti rústum bæjarins 1931: «Ein tóft sést ennþá greinilega fyrir neðan veginn [001-002], en uppi á hátúninu sá ég glöggt fyrir fimm húsatóftum [sjá 008], hverjum við aðra, þegar ég var unglingur, en nú eru þær allar komnar undir skriðu fyrir nokkru. Líka tók ég þá eftir niðursignu túngarðsbroti vestur við mýrarvikið, sem nær lengst upp að fjallinu.” Ekki er ljóst hvar þetta mýrarvik er. Svæðið hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum ekki síst með tilkomu Biskupstungnabrautar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju.
**Heimildir:** Saga Selfoss I, 54

## ÁR-490 Árbær

“Jarðdýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.” JÁM II, 393. „34 hdr, bændaeign.“ JJ, 74.
1397: LXXX. Arbær. Kirkia ad Arbæ a .iiij. kyr. Jnnan sig kluckur .iiij. Mariuskriptter tuær. krossar .ij. kiertistika med kopar. paxspialld. Sacrarium. mvnnlaug. portio Ecclesiæ vmm næstu .x. är .xvij. aurar oc iij. Alnar.” DI IV, 92
1502: Stefán Skálholtsbiskup selur Þorvarði Erlendssyni lögmanni Árbæ. DI VII, 622-23
1546: Erlendur lögmaður Þorvarðarson seldi Gizuri biskupi jarðir og þar á meðal Árbæ. DI XI, 479-480.
“Landamerki. Ölfusá að sunnan. Vestan: úr Svörtubökkum við Ölfusá og til Ingólfsfjalls. Austan: úr Markakletti við Ölfusána og til Ingólfsfjalls. (Meiri upplýsingar gáfu heimildarmenn ekki).” Ö-Árbær, 1.
1917: ´Tun 8.3 ha, þar af c. 3/4 slétt. Garðar 2176 m2.

**ÁR-490:021** varða 63°58.028N 21°02.088V

Varða er uppi á Ingólfsfjalli, um 2,7 km norðan við bæ 001 og tæpum 720 m norðaustan við Djúpadal, þar sem helsta gönguleiðin er upp Ingólfsfjall. Ekki er vitað hvenær varðan er hlaðin. Hún er ekki fornleg, en hún fær að njóta vafans og er því með í þessari skráningu.
Varðan er á mosagrónu holti, í námunda við suðausturbrún Ingólfsfjalls.
Varðan er 2x2 m á stærð og 0,3 m á hæð. Smágrýti ásamt fáeinum stórum steinum hefur verið hrúgað saman í því skyni að búa til vörðu; vegna þess er ekki er unnt að greina umför á vörðunni. Það liggur á huldu hvaða hlutverki hún hefur þjónað.
**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-490:021, horft til norðurs.

**ÁR-490:022** varða 63°58.002N 21°02.006V

Varða er uppi á Ingólfsfjalli, um 2,6 km norðan við bæ 001 og tæpum 200 m norðan við vörður 023. Óvíst er með aldur vörðunnar, en hún fær að njóta vafans. Sökum þess fylgir hún með í þessari fornleifaskrá.
Varðan er á lítt grónum mel við suðurbrún Ingólfsfjalls. Mosaþemba er allt í kringum vörðuna, svo og á víð og dreif á melnum.
Varðan er 2x2 m að stærð og 0,2 m á hæð. Varðan er illa hlaðinn úr smágrýti og fáeinum stórum steinum, og er því ekki mögulegt að greina umför á henni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-490:022, horft til suðurs.

**ÁR-490:023** varða 63°57.928N 21°02.131V

Sex vörður eru uppi á Ingólfsfjalli, fjóra þeirra eru á blábrúninni. Ef vel er horft upp á fjallið sjást þær af láglendi. Vörðurnar eru um 2,5 km norðan við bæ 001 og 250 m sunnan við vörðu 022. Þær eru allar illa hlaðnar og líklega ekki mjög fornar. Þær fá þó að njóta vafans og taldar hér til fornleifa.
Uppi á Ingólfsfjalli eru melar, sléttar grjótklappir og mosaþemba. Það er mikið um holt uppi á fjallinu og eru vörðurnar á einu slíku.
Vörðurnar eru á svæði sem er 125x110 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vörður A og B eru 120 m NNV við hinar vörðurnar fjórar. Varða A er nyrst og er illa hlaðin á grjótklöpp. Hún er 0,5x0,5



Vörður ÁR-490:023c-f, horft til vesturs.

m að grunnfleti og 0,2 m á hæð. Það er ekki hægt að greina umför í henni. Varða B er 7 m sunnar. Hún er einnig hlaðin á grjótklöpp og mun umfangsmeiri en varða A. Hún er 1x1 m að grunnfleti og 0,4 m á hæð. Það eru 5-7 umför af grjóthleðslu í henni en hún er ekki vel hlaðin. Vörður C-F eru sem fyrr segir um 120 m SSA. Þær eru hlaðnar á brún Ingólfsfjalls í beinni röð. Þær eru á svæði sem er 23x3 m á stærð og þar er melur og smágrýti. Það sést vel hvernig grjót hefur verið tekið umhverfis vörðurnar við gerð þeirra, það er melur næst þeim. Varða C er austust en varða F er vestust en þær eru jafnframt hlaðnar í stærðarröð, varða C er minnst en Varða F er stærst. Varða C er 1,5 x 1,5 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð. Varða F er 2 x 2 m og 0,5 m á hæð. Hinar vörðurar tvær eru þarna á milli en ekki er mikill stærðarmunur á öllum vörðunum. Ekki var vandað til verka við gerð þeirra, vörðurnar líkjast frekar strýtulaga hrúgum fremur en hlöðnum mannvirkjum. Tilgangur er óþekktur en líklega er um verk ferðamanna að ræða eða smala.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-490:024** varða 63°57.909N 21°01.857V



Varða ÁR-490:024, hoft til suðurs.

Varða er á suðurbrún Ingólfsfjalls, tæpum 2,1 km norðan við bæ 001 og um 210 suðaustan við vörðu 022. Varðan er ungleg á að líta, en hún fær að njóta vafans og er því með í þessari skráningu.

Varðan er neðarlega á mosagrónu holti og er þverhnípt sunnan hennar.

Varðan er 3x2 m að stærð og 0,5 m á hæð. Hún er illa hlaðinn úr smágrýti og er strýtulaga. Ekki er hægt að telja umför á henni þar sem hún líkist fremur hrúgu en vörðu. Vafalaust hefur varðan hrunið í seinni tíð, en þó eru engir hrunsteinar sjáanlegir við vörðuna. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-491 Þórustaðir




"Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum." JÁM II, 394. „30 hdr, bændaeign." JJ, 74.

1546: „Erlendr lögmadr Þorvarðsson gefr í vald Gizurar biskups jarðirnar Árbæ, Þórisstaði og Fossnes í Ölvisi, svo og rekann á Skeiði fyrir Hraunslandi.Af bréfi Gissurar til Erlends 6. desember 1547 kemur fram að um er að ræða Þórisstaði í Hjallasókn" DI XI, 472. Það bendir til þess að þessi bær hafi þegar verið til þá.

"Landamerki: Úr Graflækjum (Giljum, Flugugili og Engjagili) við Ölfusá stutt fyrir austan ferjustaðinn á Kotferju. [...] Úr þessum giljum bein lína í stórann múla austan við Þunnubrekkur. Þessi eru mörk á milli Hvols og Þórustaða, fleiri upplýsingar voru ekki fyrir hendi." Ö-Þórustaðir, 1.

Þórustaðir skiptast a.m.k. tvö lögbýli í dag. Eitt er Garðyrkjustöðin Kjarr ásamt hrossarækt en á hinum hlutanum er rekið svínabú. Einnig er starfrækt kjúklingabú á syðsta hluta jarðarinnar.

1917: Tún 3 ha, þar af c. 5/6 slétt. Garðar 1456 m2.

**ÁR-491:001** *Þórustaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.953N 21°03.621V

"Bærinn stóð í miðju túni og sneri þiljum til suðurs," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar bærinn sem sýndur er á túnakorti frá 1920 var, ekki fannst heimildamaður fyrir jörðina nema að hluta. Sé tekið mið af fyrirliggjandi gögnum var bærinn líklega vestan og norðvestur af núverandi íbúðarhúsi eða nánast á sama stað. Íbúðarhúsið er því á bæjarhólnum enn í dag. Bæjarhóllinn er mikið raskaður, á honum eru hús til suðurs, núverandi íbúðarhús til suðausturs og byggingar tilheyrandi svínabúi til suðvesturs og vesturs.

Á milli mannvirkja á bæjarhólnum eru malbikuð plön, steyptir grunnar frá húsum sem hafa verið rifin og bakgarðar.

Engin ummerki um uppsöfnuð mannvistarlög sjást á yfirborði. Algjört þekkingarrof hefur orðið á Þórustöðum enda langt um liðið síðan föst ábúð var hér. Áður en jörðin var nýtt undir svínarækt og skipt upp í minni einingar voru ábúendaskipti tíð og fólk stoppaði stutt við. Síðustu áratugi hafa ábúendur verið bústjórar svínabúsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1; Túnakort 1920

**ÁR-491:002** heimild um útihús 63°56.980N 21°03.584V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 60 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m austan við traðir 003. Það er horfið.

Útihúsið var fast vestan við malarveg sem liggur að Þórustöðum II, þar sem kjúklingabúið er. Þar er gróið svæði milli vegar til austurs og skjólbeltis til vesturs.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs

# Túnakort Þórustaða ÁR-491



**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-491:003** heimild um traðir 63°56.982N 21°03.612V
"Traðir lágu frá bænum til norðausturs út fyrir túngarðinn [sjá 004]," segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru merktar inn á túnakort frá 1902 og lágu til norðausturs frá bænum. Traðirnar eru horfnar, þær lágu nánast á sama stað og núverandi malarvegur að bænum. Í norðurjaðri heimatúnsins voru þær eflaust skammt austar, þar er nú tjörnin Silungapollur sem er manngerð að hluta.
Beggja vegna við malarveginn eru skjólbelti og gróin tún.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1; Túnakort 1920

**ÁR-491:004** heimild um túngarð 63°57.002N 21°03.605V
"Traðir [003] lágu frá bænum til norðausturs út fyrir túngarðinn," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1920 og afmarkar þar allt heimatúnið. Þeir sem nytja jörðina (ábúendur á Kjarri og bústjóri svínabúsins) könnuðust ekki við að hafa séð nokkur ummerki um túngarðinn eða heyrt hans getið.
Gróin, framræst tún eru nú þar sem heimatúnið var og í framhaldi af þeim. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu svæði vegna jarðræktar og erfitt að átta sig á staðháttum.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1; Túnakort 1920

**ÁR-491:005** heimild um útihús
"Traðir [003] lágu frá bænum til norðausturs út fyrir túngarðinn [004]. Við traðirnar voru peningahús," segir í örnefnalýsingu. Hér er að öllum líkindum um sama stað og 002 að ræða. Einnig gætu þetta verið enn eldri hús og öll þekking um staðsetningu þeirra týnd. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja útihúsin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:006** *Tættur* heimild um fjárhús 63°56.940N 21°03.772V
"Tættur: Gömul hús, sem lögð voru í eyði vegna fjárkláða, vestast í túninu," segir í örnefnalýsingu. Tættur voru um 130 m vestan við bæ 001 og öll ummerki þeirra eru horfin. Skammt sunnan við áætlaða staðsetningu minjanna er þró sem nýtt er í tengslum við svínabú sem er starfrækt á jörðinni.
Á þessu svæði eru nú ræktuð, framræst tún, malarslóðar og skurðir. Hvar nákvæmlega í túninu fjárhúsin voru er ekki vitað.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:007** *Jarðbrýr* heimild um brú 63°56.569N 21°03.903V
"Jarðbrýr: Þær voru þrjár á læknum, notaðar til yfirferðar," segir í örnefnaskrá. Helgi Eggertsson, heimildamaður, taldi líklegt að ein hefði verið á þessum stað sem hér er hnitsettur en hinar væru týndar. Brúin hefur verið 740 m suðvestan við bæ 001 yfir lækjarfarveginn. Svæðið fyrir sunnan bæinn var ófær mýri áður fyrr og ekki margir staðir þar sem hægt var að fara yfir. Helgi taldi líklegt að brýrnar hefðu verið nærri Ölfusá, á þjóðleið ÁR-720:020 eða nær bænum.
Nú er hér vel gróinn mói með grasi, sóleyjum og njóla. Umhverfis eru framræst tún. Enn er lækur í lækjarfarveginum.
Engar minjar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:008** *Fjárhústún* heimild um fjárhús 63°56.882N 21°03.391V
“Fjárhústún: Mói (nú ræktaður) suðaustan við túnið. Þar var fjárhús og kuml (heytóft eða lítil heyhlaða) við,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega minjarnar voru suðaustan við bæinn. Engjar minjar eða hóll eru á þessu svæði í túninu. Líklega voru fjárhúsin um 240 m suðaustan við bæ 001, utan við heimatúnið sé tekið mið af örnefnalýsingu.
Fyrir suðaustan bæinn eru ræktuð tún allt að merkjum Árbæjar ÁR-490 og til suðurs að Ölfusá.
Engin ummerki um fjárhúsin sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:009** *Stekkatún* heimild um stekk
“Stekkatún: Lítill hóll neðst í Surtsteig,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Stekkatún var staðsett í Surtsteig né er hóll þar. Samkvæmt Helga Eggertssyni, heimildarmanni, er austari hluti Surtsteigs, andspænis kjúklingabúinu, einna þurrastur og líklegt að stekkurinn hafi verið þar. Ölfusá nær að flæða yfir aðra hluta þessa svæðis og óhentugt að hafa stekk þar. Stekkurinn var líklega sléttaður út fyrir löngu að hans sögn. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja stekkinn.
Þetta svæði er framræst og þar eru beitarhólf fyrir hross. Í norðurhluta Surtsteigs eru ræktuð tún.
Engin ummerki um stekkinn eru sjáanleg á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:010** *Litlavað* heimild um vað 63°56.363N 21°03.908V
“Litlavað: Vað á Þórustaðalæknum, [svo] næst ánni,” segir í örnefnaskrá. Litlavað var að öllum líkindum á þjóðleið ÁR-720:020 sem lá meðfram Ölfusá að sögn Helga Eggertssonar. Það var ekki fært á mörgum stöðum yfir lækinn áður en hann var grafinn fram að hans sögn. Þarna var ófær mýri, sunnan við bæ 001 og að ánni. Litlavað var rúmum 1,1 km sunnan við bæ 001, skammt suðvestan við kjúklingabúið. Þórustaðalækur er í vélgröfnum skurði að stórum hluta en gilið ennþá að hluta meðfram skurðinum.
Meðfram Þórustaðalæk eru framræst tún til beggja átta, alveg fram á gilbrúnina. Sú framkvæmd hefur breytt ásýnd svæðisins mikið.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:011** *Stóravað* heimild um vað
“Stóravað: Ofar á læknum,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Stóravað var yfir Þórustaðalæk. Helgi Eggertsson heimildamaður, taldi að vaðið hefði verið fyrir sunnan bæ 001, annað hvort alveg við bæinn eða nálægt Litlavaði 010. Það var ekki fært á mörgum stöðum yfir lækinn áður en hann var grafinn fram að hans sögn. Þarna var ófær mýri, sunnan við bæ 001 og að ánni. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.


Ýmuskarð ÁR-491:012, horft til norðurs.

Meðfram Þórustaðalæk eru framræst tún til beggja átta, alveg fram á gilbrúnina. Sú framkvæmd hefur breytt ásýnd svæðisins mikið.
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 1

**ÁR-491:012** *Ýmuskarð (Ímuskarð)* þjóðsaga
63°57.768N 21°03.652V
“Ýmuskarð (Ímuskarð). Skarð í eggjarnar austan Arnarnýpu og Hvolsmúla. Þjóðsaga er til í Ölfusi um að vinnukona Ingólfs Arnarsonar, sem Ýma (Íma) hét hafi farið um skarðið, hverra erinda fylgdi ekki sögunni. Líklega verið að koma frá “jarðaför” Ingólfs í Inghól,” segir í örnefnalýsingu. Ýmuskarð er rúmum 1,5 km norðan við bæ 001, í klettum efst í

Ingólfsfjalli. Skrásetjari fór ekki þar upp en að sögn Helga Eggertssonar, heimildamanns, er það hægt. Skarðið er skammt vestan við Þórustaðanámu, malarnámu í Ingólfsfjalli.
Hlíðar Ingólfsfjalls eru brattar malarskiður með klettabeltum efst. Ekki sér til neinna stíga þarna, hvorki eftir menn né dýr.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir, 2

**ÁR-491:013** hleðsla 63°57.860N 21°02.884V



Hleðsla ÁR-491:013, horft til norðurs.

Á leið upp Ingólfsfjall í Djúpadal er hleðsla. Hún er ofarlega í eystra skarðinu neðarlega. Ekki er ljóst hversu gömul hún er.
Hleðsland er staðsett í grónum fláka á milli kletta, gróin grasi stráum berjalyngi og mosa. Allt í kring eru grjótskriður úr fjallinu.
Hleðslan afmarkar dálitla laut í fjallinu sem er góður áningarstaður á leiðinni upp. Hún er 16 m löng, grjóthlaðin og liggur austur-vestur. Hleðslurnar eru ekki vandaðar þó þær sem eru vestan megin séu nokkuð heillegar. Þar er hægt að sjá þrjár raðir af grjóthleðslu sem eru 0,3 m á hæð en austan megin eru þær líkari steinahrúgu, um það bil 4-5 steina háar og um 0,3 metrar á hæð þar sem þær standa hæst. Þá eru þær um 2 metra breiðar á flestum stöðum. Göngustígur liggur þvert í gegnum hleðsluna, líklega var þarna op. Hún er 10 metra löng til austur og 5 m til vesturs, frá opinu. Göngustígurinn er lítið annað en troðningur eftir menn og dýr uppá fjallið og mótar fyrir því að hleðslurnar hafi legið alveg uppvið göngustíginn en engin merki þerra eru á stígnum sjálfum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**ÁR-491:014** heimild um tjaldstæði 63°56.340N 21°04.890V
"Á milli lækjanna er dálítil flöt, sem Ferjubóndi og Þórustaðabóndi notuðu sitt hvert árið til slægna. Þar tjölduðu ferðamenn, þegar þeir biðu ferjunnar," segir í örnefnaskrá Þórustaða. Tjaldsvæðið er 1,5 km suðvestan við bæ 001 og 1,4 km suðaustan við Kirkjuferju ÁR-493.
Þar er nú grasivaxið, framræst mýrlendi nýtt til beitar.
Ekki sjást nein ummerki eftir tjaldstæðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þórustaðir,1

## ÁR-492 Hvoll

"Jarðardýrleiki er xx og tíundast þó jörðin öngvum." JÁM II, 396. 1847, 20 hdr. JJ, 74. „Gömul jörð, 20 hundruð að fornu mati. […] Hvolshjáleiga er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1706.“ Sunnlenskar byggðir III, 393.
Ekki er til túnakort af heimatúninu.




**ÁR-492:001** *Hvoll* heimild um bústað 63°57.189N 21°05.898V



Bæjarhóll ÁR-492:001, horft til austurs.

"Bæjarhóll. Lítill, gróinn hóll. Þar stóð bærinn áður," segir í örnefnalýsingu Hvols a. "[...]. Bæjarhóll var þar sem Hvoll I er núna. Honum var rutt þegar nýja íbúðarhúsið var byggt, fyrir um það bil 35 árum," segir í örnefnalýsingu b. Bærinn var líklega fast vestan við íbúðarhús sem var reist árið 1963 á Hvoli þar sem bílastæði er nú (2016) og heimreið kemur að bænum. Ekki er til túnakort af jörðinni og þekkingarrof mikið. Það er því ekki hægt að staðsetja bæinn nánar en hér er gert. Einungis er hægt að geta þess að skv. herforingjaráðskorti frá 1908 lágu þjóðleiðir að bænum úr vestri og líklegt er að stafnar hafi snúið í þá átt. Á ljósmynd af bænum sem tekin er um 1980 og birt í Sunnlenskum byggðum III sést upphækkun fyrir norðan 20. aldar útihús. Þetta er suðvestan við íbúðarhúsið, ekki er ólíklegt að þetta sé uppmokstur vegna framkvæmda eða hluti af bæjarhólnum. Þessi hóll sést ekki lengur.
Á þessum slóðum er bílaplan, fjós og hestagerði núverandi íbúðarhúss jarðarinnar. Þessu til viðbótar er bakgarður umhverfis húsið og greina má hávaxinn og ósamfelldan trjágróður á því svæði.

Samkvæmt Ólafi H. Einarssyni, heimildamanni, komu mannvistarleifar í ljós þegar bygging áföst íbúðarhúsinu var reist á fyrsta áratugi 21. aldar. Ekki er ólíklegt að það hafi verið hluti af bæjarhólnum. Ekki er hægt að áætla stærð bæjarhólsins né hæð vegna jarðrasks.
**Hættumat:** hætta, vegna byggingar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 1; Ö-Hvoll b, 1; SB III, 393; Hkort 37 1:500000

**ÁR-492:002** *Kvíarflöt* heimild um kvíar 63°57.240N 21°05.815V
"Kvíarflöt. Túnið austan vegarins, til norðausturs frá bænum [001]," segir í örnefnalýsingu a. "[K]víar voru á Kvíarflöt, en ég veit ekki hvenær fráfærur lögðust af," segir í örnefnalýsingu b. Kvíarflöt er tæpum 120 m norðaustan við bæ 001 og rúmlega 120 m norðvestan við Miðmorgunsþúfu 004. Landamerki Hvols I og Kvíarhols, (nýbýli í landi Hvols) eru um vírgirðingu um 20 m til norðurs. Óvíst er hvort um færikvíar eða kvíar hafi verið að ræða.
Á þessum slóðum er ræktað tún. Til norðurs og vesturs er íbúðarhús og bílaplön.
Engin ummerki minja sjást á yfirborði og líkast til hafa þær horfið sökum túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 1; Ö-Hvoll b 1

**ÁR-492:003** *Varða* álagablettur 63°57.277N 21°05.704V
"Varða. Varða uppi á Hólnum norðanverðum. Úr henni mátti ekki taka stein, en bæta í (álög)," segir í örnefnalýsingu. Varðan er rúmum 220 m norðaustan við bæ 001, efst á hólnum rétt ofan við hesthúsin í Kvíarhóli. Varðan er innan lands Kvíarhóls sem er nýbýli byggt 1960. Rafmagnsgirðing liggur fast vestan við vörðuna og austan við hana er túngarður 018.
Uppi á hólnum er grasivaxið svæði, nokkuð óslétt, sem nýtt er til beitar. Lauftrjáreitur er nokkru sunnar.
Varðan er 3 x 3 m að stærð og 0,5 m á hæð. Hún er nánast flöt að ofan og mjög gróin þó að það sjáist glitta í litla steina í henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 1; SB III, 394.


Varða ÁR-492:003, horft til suðurs.

**ÁR-492:004** *Miðmorgunsþúfa* álagablettur eyktamark 63°57.198N 21°05.701V
"Miðmorgunsþúfa. Gróin þúfa, sunnan Háhóls. Þar mátti ekki slá (álög)," segir í örnefnaskrá. Miðmorgunsþúfa er rúmum 160 m austan við bæ 001 og 120 m suðaustan við Kvíaflöt 002. Miðmorgunsþúfa er syðsti hluti Háhóls, þar sést enn lítið hólbarð.
Slétt, ræktað tún er allt umhverfis Háhól. Hlutar túnsins eru nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Miðmorgunþúfa sést lítið sem ekkert á yfirborði og erfitt að átta sig á umfangi hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 1


Miðmorgunþúfa ÁR-492:004, horft til norðausturs.

**ÁR-492:005** *Fjósareitur* heimild um fjós 63°57.176N 21°05.917V
"Fjósreitur. Túnið vestan...," segir í örnefnalýsingu Hvols a. "Fjósareitur var fyrir sunnan fjósið," segir í örnefnalýsingu b. Fjósið var um 30 m sunnan við bæ 001, þar sem nú stendur vélageymsla, áður

útihús sem sést á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum III. Heimreiðin liggur á milli vélageymslunnar og núverandi íbúðarhúss.
Þar er flatlent og grasi vaxinn bakgarður með lauftrjám.
Ekki sést til minja á yfirborði, vélageymsla og samfast íbúðarhús var byggt þar sem fjósið stóð áður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 2; Ö-Hvoll b, 1

**ÁR-492:006** heimild um leið 63°57.317N 21°06.313V
Leið er merkt að Hvoli á Herforingjaráðskorti frá 1908. Hún lá til suðurs frá vegi ÁR-720:010, eftir svokölluðum Langamel. Fyrir sunnan melinn sveigði leiðin til suðausturs, yfir Brennimýri og að bæ 001. Leiðin kom að heimatúninu úr vestri ásamt leiðum ÁR-720:016 og ÁR-720:017, gera má ráð fyrir að traðir hafi verið þar en heimildir um þær eru ekki varðveittar. Leiðin er horfin
Leiðin lá að stórum hluta í Brennimýri. Þar eru nú framræst tún nýtt til beitar. Leiðin lá þar sem nýbýlið Sunnuhvoll er núna og að bæ 001 þar suðaustar. Á Langamel er nú þjóðvegur og leiðin sést ekki þar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-492:007** *Hólsstaðir* heimild um bústað 63°58.526N 21°04.744V



Hólsstaðir ÁR-492:007, horft til austurs.

"Hólsstaðir. Skriðuhæð, framburður Hólstaðagils (sjá Hvamm). Hólstaðir er dregið af bæ, sem þar stóð en eyddist í skriðuhlaupi, og því heitir mýrin norðan þjóðvegarins einu nafni Hólstaðamýri," segir í örnefnalýsingu Hvols. "...Hólstaðamýri er við rætur Ingólfsfjalls, og þar var talið, að Ingólfur Arnarson hafi haft vetursetu og byggt þar bæ, sem var nefndur Hólstaðir," segir í annarri örnefnalýsingu Hvols. Brynjúlfur Jónsson getur um þessa sögn sem afbrigði af þjóðsögu um að Ingólfur hafi búið í Fjalli: "þó nefnir önnur sögn til þess "Hólstaði"; það er grjótmelur vestan undir fjallinu, skammt frá Hvammi." Hólsstaðir voru rúma 2,6 km frá bæ 001, við rætur Ingólfsfjalls og rétt austan við nýlega sumarbústaðabyggð frá Akurgerði II. Skriður hafa hrunið niður úr giljum fjallsins og rafmagnsgirðing liggur upp á fjallið á svipuðum stað og bærinn stóð áður.
Þar er grasi- og lyngivaxið svæði og landið hallar niður frá fjallinu. Þar er mikið af grjóti úr skriðunum. Ekki sjást nein ummerki um fornminjar á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 2; Ö-Hvoll b, 2; Brynjúlfur Jónsson, 18

**ÁR-492:008** *Stekkur* tóft stekkur 63°57.924N 21°04.638V
"Stekkur. Rétt eða stekkur í Smjörbrekku," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er rúmum 700 m norðvestan við rétt 010 og 1,7 km norðvestan við bæ 001. Stekkurinn er neðarlega í vesturhlíðum Ingólfsfjalls, í norðurjaðri grjótskriðu. Stekkurinn er raskaður, tveir stórir steinar/björg féllu yfir suðurshluta hans, líklega árið 2008 í jarðskjálfta.
Smjörbrekka er gróinn og brött. Þar eru fjölmargir steinar og björg sem fallið hafa niður úr klettum efst í fjallinu í gegnum aldirnar. Neðan (vestan) við hana er þjóðleið ÁR-720:018.
Stekkurinn er hlaðinn upp að stórum steinum og björgum sem eru hluti af veggjum. Hann er grjóthlaðinn og efnið kemur úr fjallinu, allt frekar stórir steinar sem henta misvel til hleðslu. Stekkurinn er 13x8 m að stærð, tvískiptur og snýr NNV-SSA. Aðrekstrargarður liggur til suðvesturs frá stekknum, líklega var op þar. Til suðurs er hólf 1. Það er 8x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er óreglulegt í laginu, lagið tekur mið af steinum og brekkunni sem þrýstir á og aflagar veggina. Ekkert op sést hér inn en líklega var það á suðurhlið, smbr. aðrekstrargarðinn sem liggur þar að. Veggirnir eru 0,2 m á hæð



Stekkur ÁR-492:008, horft til suðausturs.




Teikning af stekk 008.

og það sést eitt umfar af grjóti. Í austurhluta hólfsins er stórt bjarg, 2,5 m á hæð. Suðurhluti hólfsins er skemmdur vegna grjóthruns og gæti opið hafa verið þar. Hólf 2 er norðar. Það er 4x3 m að innanmáli og var lambakróin. Hólfið mjókkar til norðurs og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og það má sjá 1-2 umför af grjóti í þeim ástamt stórum björgum. Ekkert op sést á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 3

**ÁR-492:009** *Smjörklif* gata leið 63°57.739N 21°04.471V
"Smjörklif. Gata neðan við Arnarnípu, milli Smjörbrekku og Klettabrekku," segir í örnefnalýsingu. Ennþá er gengið upp eftir Smjörklifi, þegar farið er upp á Silfurbergið. Þar er nú göngustígur suðvestarlega í Klettabrekku. Annar göngustígur liggur til VNV frá Ámundarétt 010 og sameinast Smjörklifi við Silfurbergið. Ekki er ljóst hver tilgangur leiðarinnar var, mögulega lá hún á milli stekks 008 og réttar 010.
Smjörbrekka er gróinn og brött. Þar eru fjölmargir steinar og björg sem fallið hafa niður úr klettum efst í fjallinu í gegnum aldirnar. Neðan (vestan) við hana er þjóðleið ÁR-720:010.
Gatan lá upp Klettabrekku fyrir norðan rétt 010 og þjóðveg ÁR-720:010. Ekki er vitað hvar nákvæmlega var farið enda líklega um rekstrarleið að ræða. Þegar komið var upp á Silfurbergið var farið í sneiðingum niður Smjörbrekku, nokkuð sunnan við stekk 008. Þjóðleið ÁR-720:018 liggur þarna einnig skammt vestar. Leiðin var um 650 m löng.



Smjörklif ÁR-492:009, horft til suðurs.

**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 3

**ÁR-492:010** *Ámundarétt* tóft rétt 63°57.607N 21°04.164V
"Ámundarétt. Stór klettur og hleðsla hjá skammt fyrir ofan veginn," segir í örnefnaskrá. Ámundarétt er rúmum 1,6 km fyrir norðaustan bæ 001 og rúmum 700 m suðaustan við stekk 008. Réttin er byggð upp við stakstætt bjarg, milli tveggja þjóðvega. Þjóðvegur ÁR-720:010 sem gerður var 1908 er fast norðan við tóftina en vegur frá 20. öld er 20-30 m sunnar. Réttin sést lítið fyrr en að henni er komið. Í skýrslunni Skráning menningarminja í Ölfusi sem var gerð um 1980 segir: "Ámundarétt. Gömul hleðsla við stóran klett. Sagnir herma, að Ámundi þessi hafi verið veinn þar. Erlendur á Strönd í Selvogi hafi verið þar að verki."
Réttin er í suðaustarlega, inn á milli kletta sem hafa fallið niður hlíðar Ingólfsfjalls. Ámundamúli er fast austan við réttina, á merkjum milli Hvols og Þórustaða ÁR-491. Brekkan er gróin.
Þjóðvegur ÁR-720:010 er fast við réttina og raskar henni nokkuð. Kletturinn myndar suðurvegg réttarinnar






Ámundarétt ÁR-492:010, horft til suðvesturs.

Ámundarétt 010

en að öðru leyti eru þeir grjóthlaðnir. Réttin er 21x14 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Ekkert op sést inn í hana á yfirborði. Norðausturhluti hennar er raskaður, líklega vegna þjóðvegarins. Veggirnir eru gerðir úr stórum steinum og sést enn eitt umfar. Grjótið er tekið úr Klettabrekku. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð. Kletturinn er 3 m á hár og snarbrattur inni í réttinni, hann lækkar til suðurs.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 3; Skráning menningarminja í Ölfusi, kafli 3.4

**ÁR-492:011** *Kögunarhóll/Knarrarhól* þjóðsaga legstaður 63°57.369N 21°04.816V



Kögunarhóll ÁR-492:011, horft til norðausturs.

Í bókinni Frásögur um fornaldarleifar frá 1821 segir: «... hier nærst ma teliast Knarar eda Kogunarholl, ad mestu allt umm kring grasivaxinn mikid stór holl sem stendur framann undir landsudurs horni a firrnefndu Jngolfs fialli, inn i þennan hól er sagt ad Ingolfur hafi att ad lata Skip sitt.» Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu frá 1840 segir: «Í útsuður fyrir neðan fjallið stendur upphár, ávalur, graslaus hóll, aðeins laus við það, en nú nefnist Kögunarhóll, en að fornu var kallaður Knörhóll, og lætur alþýða sér um munn fara, að Ingólfur hafi þar í sett skip sitt.» Í bókinni Íslenskir sögustaðir frá 1873 segir: «keilu- eða toppmynduð hæð, Kögunarhóll, sem áður fyrr á að hafa heitið Knörrhóll, þar sem munnmæli segja, að Ingólfur hafi sett skip sitt.“ «Kögunarhóll. Strýtumyndaður hóll, sunnan vegar, lítið gróinn nema að vestan. Af hólnum er mjög gott útsýni til flestra átta. Sérstaklega hefur vel sézt til mannaferða um Ölfusið, eins og leiðir lágu, áður en gerðir vegir komu [...] Þjóðsögur herma, að Ingólfs landnámsmanns sé heygður í hólnum og heiti hann Knarrarhóll. Engan hef ég heyrt bera sér það í munn sem lifandi örnefni.» Kögunarhóll stendur suðvestan við Þjóðveg 1, ekki langt frá rótum Ingólfsfjalls og rúmum 940 m frá bæ 001. Hóllinn er áberandi og Þjóðvegur 1 liggur fast norðan hans.
Hóllinn er stór og ekki mjög gróðursæll. Þar vex þó nokkurt gras en mikið er af berum malarsvæðum á honum, þá sérstaklega á toppi hólsins, þar sem gróðurþekja er mjög slitin.
Hóllinn er frekar hringlaga og mjög stór. Á toppi hans sést mjög vel til allra átta.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** FF, 223; SSÁ, 195-96.; KK I, 57; Ö-Hvoll a, 3-4

**ÁR-492:012** *Stekkatún* heimild um fjárhús 63°56.896N 21°05.426V
“Stekkatún... í Austurmýri, suðaustur af bænum,” segir í örnefnalýsingu Guðmundar Gottskálkssonar. “... ég man eftir, að þar voru fjárhús. Þau voru kölluð beitarhús, féð var við opið, sem kallað var. Kindurnar gátu farið út og inn eftir vild, og svo var gefið einu sinni á dag á veturna,” segir í örnefnalýsingu Jórunnar

G. Gottskálksdóttur. Stekkatún er fyrir suðaustan bæ 001, þar eru tveir sumarbústaðir. Ekki er vitað hvar nákvæmlega beitarhúsin voru staðsett, líklega á svipuðum stað og eystri sumarbústaðurinn eða sunnan hans. Minjarnar voru rúmum 660 m suðaustan við bæ 001. Ekki er vitað hvar stekkurinn var en líklega voru beitarhúsin byggð á sama stað.
Stekkatún er á lágu holti. Á suðurhluta þess eru ræktuð tún en uppblástur til norðausturs og suðvesturs. Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 4; Ö-Hvoll b, 3

**ÁR-492:013** *Hjallhólar* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°57.162N 21°05.464V
"Hjallhólar. Klettahólar og sandur á milli. Þar bjó huldu[fólk] (sögn ömmu heimildarmanns)," segir í örnefnalýsingu. Hjallhólar er um 350 m austan við bæ 001 og rúmlega 30-50 m suðaustan við nýlegt hesthús.
Allt í kringum minjastaðinn eru ræktuð tún og til suðurs er malarborinn akvegur. Hóllinn hefur verið girtur af með vírgirðingu.
Hjallhólar eru 20x15m á stærð og ná mest 2,5 m hæð á suðvestur og norðvestur enda. Hér er um einn hól eða holt að ræða. Hóllinn snýr austur-vestur. Hóllinn er grasivaxinn en inn á milli er sandblettir og möl. Hlíðarnar eru aflíðandi til austurs og vesturs en brattar til norðurs og suðurs. Hann er flatur að ofan og má sjá rúnaðar klettanibbur, sér í lagi til austurs. Við endimörk hólsins til suðvesturs er nýlegur reykkofi.


Hjallhólar ÁR-492:013, horft til vesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 4

**ÁR-492:014** heimild um mógrafir 63°57.300N 21°06.139V
"Mótak var norðvestur frá bænum séð, fyrir utan túngirðinguna. Tvær til þrjár skóflustungur voru ekki nytjaðar, því þær voru sandbornar, en mór var meira en mannhæð. Faðir okkar, sem stakk alltaf móinn, var hár maður, en við krakkarnir tókum á móti og bárum á þurrann stað. Það hafa verið ca. 10-12 skóflustungur. Það hefur sennilega verið hætt að taka mó milli 1940 og 1945, en 1950 kom rafmagnið," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru í mýri fyrir norðvestan bæinn, innan lands sem nú tilheyrir nýbýlinu Kvíarhól. Ekki er vitað hvar mótekjan fór fram, líklega um 300 m norðvestan við bæ 001.
Ekki fannst heimildarmaður sem mundi eftir mógröfunum eða hafði vitneskju um staðsetningu þær. Á þessu svæði er nú nokkur mjó og framræst tún sem nýtt eru til beitar.
Engin ummerki mótekju sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvoll b, 1

**ÁR-492:015** *Hvolshjáleiga* heimild um bústað
"Hjáleiga hefur verið með jörðinni, en nú í auðn yfir 20 ár en bygðist þó fyrri ei lengur en um 10 ára tíma og var kölluð Hvolshiáleiga." segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar hjáleigan stóð og frekari þarf upplýsingar svo að hægt sé að staðsetja hana með innan við 50 m nákvæmni.
**Heimildir:** JÁM II, 396

**ÁR-492:016** *Fjárhústún* tóft fjárhús 63°57.182N 21°05.728V
"Fjárhústún, sunnan í Hólnum, sunnan Hólbrekku," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin sjást enn, rúma 140 m austan við bæ 001 og tæpa 40 m suðvestan við Miðmorgunþúfu 004. Tóftin sést illa í grónu túni, hún er lítið annað en smá hólbarð þar.



Tóft ÁR-492:016, horft til norðurs.




Teikning af tóft 016.

Slétt, ræktað tún er austan við bæinn. Fjárhúsin eru innan gamla heimatúnsins og þar enn tún.
Tóftin er 12x9 m að stærð og snýr norður-suður. Það er búið að slétta og plægja yfir tóftina og hún er mjög sigin. Ytri brún langveggja sést einna best til norðurs, þeir eru 3 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Aðrir veggir eru ógreinilegir. Tóftin skiptist líklega í 2 hólf. Þau sjást sem lautir inni í tóftinni og op var líklega til suðurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 1

**ÁR-492:017** *Torfholt* heimild um ristu 63°57.280N 21°06.442V
"Torfholt. Smáholt í Brennimýri, austan Kirkjuferjuvegar," segir í örnefnaskrá. Torfholt er tæplega 680 m vestan við bæ 001 og um 150 m sunnan við nýbýlið Bræðrahól. Torfholt er mosagróið og eru aflíðandi brekkur til austurs og vesturs. Þrjár stórar bungur eru greinanlegar á suðurhlið holtsins. Það glittir í einstaka berg á vissum stöðum á holtinu. Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði en sennilega hefur það verið rist í Brennimýri, um 40 m vestan við Torfholt, og í kjölfarið þurrkað á Torfholti. Brennimýri hefur nú verið ræst fram fyrir tún. Til norðurs og austurs eru ræktuð tún en til suðurs er landspilda í órækt og er gras þar mikilsráðandi. Skammt vestan við hólinn er akvegur.
Til norðurs og austurs eru ræktuð tún en til suðurs er landspilda í órækt og er gras þar mikilsráðandi. Skammt vestan við hólinn er akvegur.
Ekki sér til minja.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 2

**ÁR-492:018** garðlag túngarður 63°57.261N 21°05.686V



Túngarður ÁR-492:018, horft til suðausturs.

Hluti túngarðs sést liggja til norðurs, upp og niður Hólinn. Hann sést liggja við vörðu 003 og sveigir til vesturs þegar komið er niður. Túnakort jarðarinnar er ekki til og ekki vitað hvar eða hversu stórt heimatúnið var. Ekki er heldur ljóst hvert að túngarðurinn afmarkaði allar hliðar túnsins en það verður að teljast líklegt. Þetta var að öllum líkindum norðaustur horn túnsins.
Uppi á hólnum er grasivaxið svæði, nokkuð óslétt. Það er nýtt til beitar og lauftrjáreitur er nokkru sunnar. Túngarðurinn liggur norður-suður og sveigir til vesturs. Hann er um 100 m langur, 0,5 m á hæð og 1-3 m á briedd. Túngarðurinn er breiðastur til suðurs en þynnstur um miðbikið. Það sér í einstaka stein ofan á garðinum og malarlag er ofan á við suðurenda. Að norðan sker vígirðing og trjágróður túngarðinn. Til norðvesturs hverfu túngarðurinn undir reiðvöll

og önnur mannvirki en til annarra átta fjarar hann út í gróin tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-492:019** varða 63°57.952N 21°03.982V

Varða er 2,1 km norðaustan við bæ 001, uppi á Ingólfsfjalli. Hún er á bungu í fjallinu. Um 20 m suðvestan við hana er lítið gil í fjallinu.
Varðan er á ógrónum mel á fjallinu með mikið af smærri og stærri steinum. Inn á milli má sjá lyng og mosa en einnig ógróin moldarflög
Varðan er grjóthlaðin, 2 x 2 m að stærð og 0,4 m að hæð. Hún er hrunin að hluta til en enn sjást uppistandandi 2-3 umför af grjóti. Grjótið er frekar stórt og mosavaxið. Það sést þó að nýlega hefur litlum steinum verið bætt í hana sem eru ofan á flötum steini ofarlega í vörðunni. Neðstu steinarnir í henni eru grónir.
**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-492:019, horft til norðausturs.

**ÁR-492:020** heimild um landamerki

Landamerki Hvols 1890, nr. 283. "1. Gagnvart Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu: Úr markavörðu austan í "Tótubrún" [...]". Ekki er vitað hver þessi varða var staðsett fyrir utan að hún var á suðurmerkjum. Örnefnið Tótubrún er týnt og ekki varðveitt á nærliggjandi jörðum. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörðuna. Þarna eru nú vélgrafnir skurðir og ekki ólíklegt að varðan sé komin í þá og horfin. Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki 1890

**ÁR-492:021** varða landamerki 63°56.895N 21°05.841V

Landamerki Hvols 1890, nr. 283. "1. Gagnvart Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu: Úr markavörðu austan í "Tótubrún" [sjá 020] beina stefnu í markavörðu á "Hádegisholti" […]." Í svörum við spurningu í örnefnalýsingu Hvols segir: „Hádegisholt (ekki Hádegishóll) var fyrir sunnan bæinn, og var miðað við, að klukkan væri 12 á hádegi, þegar sólin var yfir holtinu,". Í örnefnalýsingunni sjálfri segir um Hádegishól : "Hádegishóll. Hóll vestur af Stekkatúni [sjá 012], mikið til úr grjóti. Eyktarmark frá Hvoli,". Ekki er vitað hvar þessi varða var staðsett en líklega var hún vestan við Stekkatún 012. Skrásetjara var ekki kunnugt um þessa vörðu fyrr en að lokinni vettvangsvinnu. Úr fjarlægð sér móta fyrir vörðubroti á Hádegisholti um 550 m sunnan við bæ 001 og rúmum 330 m vestan við Stekkatún. Skrásetjari fór ekki á staðinn og því var vörðunni ekki lýst á vettvangi. Hnit var tekið af loftmynd, Þessi staður er ekki á merkjum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki 1890; Ö-Hvoll a, 4; Ö-Hvoll b, 1



Varða ÁR-492:021, horft til norðausturs.

**ÁR-492:022** *Ferjuborg* tóft landamerki 63°57.180N 21°06.855V

Landamerki Hvols 1890, nr. 283. " 2. Gagnvart Bakkárholti og Borgarkoti: Úr áðurnefndri "Ferjuborg" beina stefnu í markavörðu við "Fremstagil". Örnefnið Ferjuborg kemur einnig fyrir í landamerkjalýsingu Grænhóls ÁR-510 og Kirkjuferju ÁR-493 (sjá ÁR-493:020). Örnefnið Ferjuborg kemur ekki fyrir í

örnefnaskrám en um 120 m sunnan við Hvolsskyggni er tóft af fjárborg. Hvolsskyggnir er nefndur í öðrum landamerkjalýsingum en þar er ekki að finna mannvist, skrásetjari gaf sér því að tóftin væri svokölluð Ferjuborg og er hún rúmum 800 m vestan við bæ 001 og tæpum 120 m sunnan við Hvolsskyggni.
Gróin, framræst tún. Hóllinn er á holti og gróðurþekja þunn þar. Tré eru á milli beitarhólfa en hross hafa sparkað túnum upp.



Teikning af minjum 022.


Ferjuborg ÁR-492:022, horft til norðausturs.

Ferjuborg er ennþá á merkjum, vírgirðingar á milli Bakkárholts og Bræðrabóls eru þarna nú. Þetta er náttúrulegur hóll en það mótar fyrir vegg og mannvist uppi á honum. Þó er ljóst að tóftinni hefur verið mikið raskað í gegnum tíðina. Hóllinn er 13x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hæstur til vesturs og suðurs en til hinna áttanna fjarar hann út. Til austurs sést hann ekki og girðingar eiga þar einhverja sök. Hóllinn er 0,2-2,5 m á hæð, algróinn sinu og þýfður. Á vesturhluta hólsins mótar fyrir vegg, hann er 11x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er algróinn og þýfður. Hann er 0,2-,3 m á hæð að utan en lægri að innan og óljós. Hann er lítillega bogadregin. Þetta er hluti af vesturvegg hússins sem var hér og líklega var það fjárborg eins og nafnið gefur til kynna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki 1890

**ÁR-492:023** heimild um landamerki
Landamerki Hvols 1890, nr. 283. " 2. Gagnvart Bakkárholti og Borgarkoti: Úr áðurnefndri "Ferjuborg [022] " beina stefnu í markavörðu við "Fremstagil". Fremastagil er líklega hornmark milli Hvols og Bakkárholtstorfunnar, það er bein stefna úr Ferjuborg/Hvolsskyggni að Hólsstaðagili í gróinni, deiglendri mýri. Fremsta gil var því á milli Ferjuborgar og Hólsstaðagils en ekki er vitað hvar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörðuna, á þessum slóðum eru nokkur nýbýli og fjölmargir skurðir en allt þetta svæði er framræst.
Framræst mýri. Þar eru fjölmörg tún og nýbýli og allt þetta svæði nýtt til beitar og sláttar. Þarna var áður ófær mýri.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Landamerki 1890


Varða ÁR-492:024, horft til norðurs.

**ÁR-492:024** varða
63°57.821N 21°04.166V
Lítil varða er uppi á Ingólfsfjalli, á svæði sem kallast Arnarnýpa. Hún er tæpum 290 m SSV við vörðu 019 og rúmum 1,8 km norðaustan við bæ 001. Varðan er ekki forn en fær að njóta vafans og talin hér til fornleifa

Varðan er á ógrónum mel á fjallinu með mikið af smærri og stærri steinum. Inn á milli má sjá lyng og mosa en einnig ógróin moldarflög
Varðan er á suðvesturhorni Ingólfsfjalls, fyrir neðan hana er svokallað Silfurberg og leið 009. Varðan er ekki umfangsmikil, hún er um 1x1 m að grunnflatarmáli og það má greina 3-5 umför af illa hlöðnum grjóthleðslum í henni. Allt umhverfis vörðuna eru steinar sem standa uppúr sverði. Varðan er 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-492:025** heimild um beitarhús
„Grænuskjól eru upp af (norðaustur af) Langholti. Svo hér staðurinn þar sem Nautaflatir [nýbýli] eru nú," segir í örnefnalýsingu Hvols a. Í svörum Jórunnar G. Gottskálksdóttur við spurningum úr örnefnalýsingunni (Ö-Hvoll b) segir: „Ég hef aldrei heyrt getið um Grænuskjól,". Við úrvinnslu skráningarinnar komu í ljós viðbætur við örnefnalýsingu Jórunnar í Sarpi, gagnasafni Þjóðminjasafnins. Þessar viðbætur eru ekki í prentuðu eintaki sem skrásetjarar fengu afhent, af þeim sökum var ekki leitað eftir þessum stað né hann hnitsettur. Heimildarmenn höfðu ekki vitneskju um hann heldur. Í Sarpi segir: „Skráð samkvæmt símtali við Guðmund Gottskálksson 29. okt 1996: Grænuskjól: Guðmund minnir, að Þórður Jóhannsson hafi sagt, að þau væru vestur frá, uppi í mýri, þar sem gömlu fjárhúsin (beitarhúsin) voru. Þar höfðu verið gamlar tóftir, þegar fjárhúsin voru byggð." Ekki er vitað hvert hlutverk gömlu tóftanna sem hér er getið var. Líklegt er að Grænuskjól hafi verið beitarhús en nýtt sem skjól eftir að staðurinn féll úr notkun. Ekki var hægt að staðsetja minjarnar með fullri vissu en Nautaflatir eru um 1,1 km norðan við bæ 001.
Engin ummerki minjanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 1; Ö-Hvoll b, 1; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=584036




Túnakort Kirkjuferju ÁR-493

## ÁR-493 Kirkjuferja




"Jarðdýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum og hefur ei tíundast so lángt menn minnast" JÁM II 395. „42 hdr, bændaeign." JJ, 74.
1397: „LXXXI. Kirkiuferia. Ad Kirkiuferiu fylger fylger kyr oc ein ær. Hun a jnnan sig krossa .ij. crucifixum j hvsi med vnderstodumm. paxspialld. kluckur .ij. alltarizklædi oc dvkur. nportio Ecclesiæ vmm .x. är næstu .ijc. fellur nidr .ij. merkur af portione firir vppgiord a kirkiunni". DI IV, 92.
1544: „skylldi [sr. Jón Bjarnason] suara halfkyrkiunni a Kyrkiuferiu þeim iiij kugilldum sem eg atti ad suara." DI XI, 295.
1545: segir Gissur biskup í minnisgrein að ráð sé fyrir gert að Arnór Eyjólfsson skuli taka 4 kúgildi "sem nu uoru radstafalaus og fylgt hafa kirkiuferiu enn ec skal sialfur j suari uid kirkiuna vm þau kugilldi." DI XI, 450.
1569: „16.9.1569 selur Vigfús Jónsson með samþykki Ólafs bróður síns Skálholtsdómkirkju Kirkjuferju, og var kaupahlutinn 30 hdr að dýrleika en kirkjuhlutinn 10 hdr og fylgdu jörðinni 8 málnytukúgildi." DI XV, 313.
"Landamerki: Úr Mókeldukjafti við Ölfusá lína til norðurs í Árnadys (sjá Auðsholt). Þaðan í hol norðan við Hvolsskyggni (Hvolsborg/[Ferjuborg?]). Þaðan lína til austurs í hornmark Hvols og Þórustaða. Þaðan lína til suðurs í Ölfusá, milli Kirkjuferju og Þórustaða. Þessi mörk eru ekki gildandi nú. Bræðrabýli hefur fengið drjúga landspildu af Hvolslandi." Ö-Kirkjuferja, 1.
1917: Tún 5.5 ha, þar af c. 1/4 slétt. Garðar 960 m2.

**ÁR-493:001** *Kirkjuferja* bæjarhóll bústaður 63°56.530N 21°06.760V
"Tvíbýli var lengi á Kirkjuferju [...] Bærinn á Kirkjuferju hefur staðið á sama stað og hann er nú," segir í örnefnalýsingu. Bærinn er einnig sýndur á túnakorti frá 1920, nyrst í túninu. Komið er að bænum úr austurátt, ekið er framhjá Kirkjuhól 002, þá hesthúsum og svo að gamla íbúðarhúsinu. Yngra íbúðarhús er um 80 m vestar. Samkvæmt Guðmundi Baldurssyni, heimildamanni, hefur bærinn og útihúsin alltaf verið á þessu svæði, og þá um leið á bæjarhólnum.
Gamla íbúðarhúsið er á miðjum bæjarhólnum, í smá halla. Það ber meira á kjallara þess sunnan til, þar er bakgarður hússins. Norðan við húsið er bílastæði. Bæjarhóllinn er um 60x30 m að stærð og snýr austur - vestur. Íbúðarhúsið er byggt 1956, er með niðurgröfnum kjallara og er í beinni línu við Kirkjuhól 002. Hesthúsin eru á austurhluta bæjarhólsins en ekki er ljóst hvernig afmörkunin er til norðurs og vesturs. Þar eru bílaplön og gróin tún. Mikið af hríslum er við hesthúsið og upphækkun á landi eins og á bæjarhólnum. Eldri bærinn var nærri íbúðarhúsinu og snéri stöfnum til suðurs. Ekki er hægt að áætla hæð bæjarhólsins vegna jarðrasks en hann er 1-2 m á hæð að sunnan. Þar er brekka til



Bæjarhóll ÁR-493:001, horft til suðvesturs.

suðurs að ánni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 1; Túnakort 1920

**ÁR-493:002** þúst kirkja 63°56.550N 21°06.678V
1397: LXXXI. Kirkiuferia. Ad Kirkiuferiu fylger fylger kyr oc ein ær. Hun a jnnan sig krossa .ij. crucifixum j hvsi med vnderstodumm. paxspialld. kluckur .ij. alltarizklædi oc dvkur.nportio Ecclesiæ vmm .x. är næstu .ijc. fellur nidr .ij. merkur af portione firir vppgiord a kirkiunni; DI IV, 92. 1544 skylldi [sr. Jón Bjarnason] suara halfkyrkiunni a Kyrkiuferiu þeim iiij kugilldum sem eg atti ad suara – DI XI, 295. [1545] segir Gissur biskup í minnisgrein að ráð sé fyrir gert að Arnór Eyjólfsson skuli taka 4 kúgildi "sem nu uoru radstafalaus og fylgt hafa kirkiuferiu enn ec skal sialfur j suari uid kirkiuna vm þau kugilldi." DI XI, 450. 16.9.1569 selur Vigfús Jónsson með samþykki Ólafs bróður síns Skálholtsdómkirkju Kirkjuferju, og var kaupahlutinn 30 hdr að dýrleika en kirkjuhlutinn 10 hdr og fylgdu jörðinni 8 málnytukúgildi – DI XV, 313. "So segja menn hjer jafi að fornu kirkja verið; sjást enn nú merki kirkjugarðs, og er þar nú tóftarstæði eftir, sem kirkjan skyldi staðið hafa. Enginn minnist hjer hafi tíðir verið fluttar," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í örnefnaskrá segir: "Kirkjuhóll. Hóll austur á túninu, sunnan vegar. Álagablettur [sjá 007]. Blettur við hólinn, sem ekki mátti slá (sennilega tún huldufólksins, sem í hólnum bjó)." Kirkjuhóll er um 75 m norðaustan við bæ 001, austan við hesthús og gamla íbúðarhúsið. Hóllinn er sunnan megin við núverandi heimtröð sem liggur meðfram honum.
Svæðið er í mikilli notkun og áberandi ummerki eftir yfirferð stórra vinnuvéla. Svæðið er afgirt og notað sem bithagi fyrir hesta. Fyrst var komið að Kirkjuferju árið 2004 í tengslum við skráningu á bænhúsum á Íslandi. Miklar breytingar hafa átt sér stað síðan, nú er Kirkjuhóll innan svæðis sem ekki er nýtt og þar er mikill gróður. Nýtt hús var byggt norðvestan við hesthúsið en raskaði ekki Kirkjuhól.



Kirkja ÁR-493:002, horft til vesturs.




Þúst 002, teikning gerð árið 2003.

Það litla sem ennþá sést er líklega skemmt af umferð og gæti orsakað skrítið lag tóftarinnar. Það má sjá að eitthvað mannvirki var þarna er það er tiltölulega mikill ágangur svo erfitt reyndist að áætla skörp skil. Tóftin er 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,15 m á hæð og algrónir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 395; Ö-Kirkjuferja, 2; DI IV, 92; DI XI, 295; DI XV, 313; Ö- Kirkjuferja, 2

**ÁR-493:003** heimild um hlöðu 63°56.534N 21°06.740V
Á túnakorti frá 1920 er sýnt útihús, með sambyggðum kálgarði til suðurs, fast norðaustan við bæ 001 en traðir 006 lágu á milli þeirra. Á túnakortinu er þetta merkt sem heyhlaða og peningahús. Þarna er nú gróinn bakgarður eldra íbúðarhússins, skemma því tengd og geymsluplan. 20. aldar útihús voru fast norðan og austan við áætlaða staðsetningu þessa útihúss en þau hafa verið rifin og mikið jarðrask af þeim völdum. Þau útihús sjást m.a. á ljósmynd sem var tekin af bænum 2004.
Bærinn var ofan við brekku sem er nokkuð brött til suðurs. Útihúsið var á sömu brún og sambyggður kálgarður sunnan þeirra, niður brekkuna.

Engin ummerki um minjarnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-493:004** heimild um útihús 63°56.576N 21°06.800V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 75 m norðan við bæ 001, norðarlega í heimatúninu. Á milli áætlaðrar staðsetningar þess og bæjarins er nú malarvegur.
Þar sem útihúsið var er nú óræktað svæði, vélarusl og vegslóði sem liggur fast vestar. Slóðinn er á milli ræktaðra túna og álagabletts 007.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-493:005** heimild um beitarhús 63°56.876N 21°07.202V
"Sauðhús. Lítið holt vestur af Ferjuheiði. Þar er nú fjárhús," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsin eru sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908 en þau hús hafa verið rifin. Þarna eru nú refahús, nýbýlið Ferjukot og starfsemi fyrirtækisins Ölfusglugga. Beitarhúsin voru um 740 m norðvestan við bæ 001 og 70 m norðvestan við rétt 015.
Á holtinu er mikið rask, þar eru nú tvö refahús og í þeim er íbúð, hesthús og starfsemi Ölfusglugga.
Við suðausturhorn syðra refahússins sést grunnur af fjárhúsum sem byggð voru á 20. öld, þau sjást á loftmynd hér aftar. Fjárhúsin voru rifin fyrir nokkrum árum en steyptur sökkull þeirra sést enn, líklega voru sauðahúsin á þessum slóðum.


Sökkull yngri fjárhúsanna, horft til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 3; Hkort 37 1:50000

**ÁR-493:006** garðlag traðir 63°56.527N 21°06.749V
Á túnakorti frá 1920 eru traðir sýndar liggja til suðurs frá bæ 001 og sveigja til suðausturs, út túnið. Hlaðnir garðar voru meðfram þeim og sameinast túngarði 009 þar sem þjóðleið ÁR-720:020 lá meðfram túninu.
Allt umhverfis traðirnar er ræktað tún.
Traðirnar lágu niður bratta brekku, milli bæjarins og útihúsa 003. Sá hluti er horfinn en traðirnar sjást í túninu þegar suðaustar dregur, þar sjást hlaðnir veggir. Austurveggurinn sést á stuttum kafla beint neðan við brekkuna en hverfur eftir 10 m í mýrlent svæði innan túnsins. Traðirnar sjást aftur 50 m suðaustar, og þá báðar hliðar þeirra. Veggirnir sjást á 30 m löngum kafla og um 7 m eru á milli þeirra. Þær hverfa við túngarð 009 sem sést enn á þessum stað.


Traðir ÁR-493:006, horft til norðurs.

Túnið lá að læknum og þar hverfa traðirnar einnig, líklega var vað 018. Veggirnir eru 1,5 m á breidd, 0,2 - 0,4 m á hæð og það glittir í 1-2 umför af grjóthleðslu í þeim.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-493:007** *Álagablettur* álagablettur 63°56.574N 21°06.816V



Álagablettur ÁR-493:007, horft til NNV.

"Álagablettur. Blettur við hólinn [Kirkjuhól], sem ekki mátti slá (sennilega tún huldufólksins, sem í hólnum bjó," segir í örnefnalýsingu. Álagablettur er ekki við Kirkjuhóll að sögn Guðmundar Baldurssonar, heimildamanns, og það er villa í örnefnalýsingunni. Álagabletturinn er rúmum 90 m norðvestan við bæ 001 og 50 m vestan við útihús 004. Þar er strýtumyndaður hóll og stuðlaberg syðst í honum. Ekki eru frekari sagnir tengdar þessum hól eða huldufólkinu sem í honum bjó.

Hóllinn er 2-3 m á hæð og klettar syðst í honum. Þeir eru 2,5 m á hæð en aðrar hliðar eru grónar. Umhverfis hólinn er gróin brekka og hér og þar smá hólar og mishæðir. Vegslóði er fast norðaustan við hólinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 2

**ÁR-493:008** *Hjáleigutóft* heimild um bústað 63°56.671N 21°06.793V

"Hjáleigutóft. Tóftarbrot austan Kinnar," segir í örnefnalýsingu. Hjáleigutóft var líklega nýtt frá Kirkjuferjuhjáleigu smbr. örnefnið. Tóftin var uppi á hæð, rúmum 260 m norðan við bæ 001. Þar er lítill hryggur og þar var Hjáleigutóft. Hólinn er nú beittur hestum og þar er tún.

Þar er grasivaxið, óræktað svæði. Það er í aflíðandi halla til suðvesturs, niður holtið sem bæirnir eru á. Engin ummerki um minjar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 2

**ÁR-493:009** garðlag túngarður 63°56.525N 21°06.632V



Túngarður ÁR-493:009, hoft til ANA.

Túngarður sést afmarka gamla heimatúnið á túnakorti frá 1920. Hann er ennþá varðveittur á þremur stöðum, fyrir norðan bæ 001 og á tveimur stöðum suðaustan við túnið. Túngarðurinn sést liggja til norðurs og suðurs, frá tröðum 006 og þjóðleið ÁR-720:020 lá þar meðfram.

Gamla heimatúnið er nú innan framræstra túna og það var stækkað það til muna á 20. öld, eftir að túnakortið var gert. Túngarðurinn er í aflíðandi halla til suðurs, sunnan við bæinn. Þar liggur túngarðurinn á lækjarbakka. Votlendisgróður er áberandi en á vissum stöðum hefur landið rofnað. Fyrir norðan bæinn eru klettar og þar má enn sjá hluta túngarðsins. Í lýsingu þessari fær hver hluti túngarðsins númer til aðgreiningar. Hluti 01; suðurhluti túngarðsins sést í gróinni laut á vesturbakka lækjarins, sunnan við afgirt hrossagerði. Hann hverfur skammt norðan við traðir 006, þar sem þær lágu út túnið. Hann sést á tæplega 40 m löngum kafla, er hlaðinn úr torfi og grjóti, 2,5 m á breidd, 0,3 - 0,5 m á hæð og gróinn. Kindastígur liggur eftir honum endilöngum og víða glittir í mel og grjót. Hluti 02 er suðvestan við hluta 01, sunnan við traðir 006. Garðurinn er 77 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, en mikið gróin. Greina má 1 umfar af hleðslu í honum. Garðurinn er 0,5 m breiður og er mesta hleðsluhæð 0,4 m. Hann liggur í suður en beygir til suðvestur um hann miðjan og hverfur undir mýrlendi til suðvesturs. Ekki er óhugsandi að hann hafi sigið þar niður í jörðina. Hluti 03 er norðan við bæinn. Hann var líka á landamerkjum við Kirkjuferjuhjáleigu ÁR-494 að hluta. Hann er L-laga og liggur til norðvesturs frá steyptu vatnsbóli/kassa. Hann er uppi á klapparholti, fer eftir vesturhlíðum þess. Vírgirðing er á hluta hans. Túngarðurinn er raskaður að hluta,

það eru m.a. tvö op eftir vegslóða á honum. Hann er 2-3 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og algróinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-493:010** *Ferjunef* heimild um ferju 63°56.293N 21°05.069V
"Ferjunef. Klettanef, sem skagar út í ána við mörk Þórustaða. Í skjóli við það var ferjunni lent, þegar ferjað var. Þar sjást enn kengir í klöppum, leifar frá tímum ferjunnar. Einnig eru uppi á bakkanum (á Ferjuvöllum) einhverjar leifar af byggingum, ef til vill skýli fyrir þá, sem biðu eftir ferjunni," segir í örnefnalýsingu. Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar í Ölfusi safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps í ítarlega skýrslu og þær staðsettar á korti. Skýrslan var ekki útgefin en skrásetjari fékk afrit hjá einum heimildamanna sinna. Fjallað er um ferjuna í kafla 3.7 um stíga, slóðir og vörður og staðsetning hennar sýnd á uppdrætti sem fylgir handritinu. Ferjan er staðsett á sama stað og í örnefnalýsingu. En málið flækist, á Herforingjaráðskorti frá 1908 er ferjan sýnd mun nær bæ 001, í viki sem gengur þar inn í landið. Guðmundur Baldursson, heimildamaður, sem er fæddur og uppalinn á jörðinni, telur að ferjan hafi verið þar sem örnefnalýsingin getur hennar eða á næsta nefi til vesturs. Af þeim sökum er ferjustaðurinn staðsettur á þremur stöðum. Ferjustaðurinn var um 760 - 1,5 km austur af bæ 001, við lítið nes sem vísar út í Ölfusá.
Meðfram Ölfusá er grasivaxið svæði. Norðan við árbakkann hækkar landið allmikið og þar er þýft graslendi og stöku grjót og beitarhólf fyrir hross.
Ekki sjást nein ummerki um minjar á yfirborði á öllum stöðunum. Ferja 01 er í miðjunni, þar skagar lítið klettanef út í ánna. Þessi staður er tæpum 1,5 m austan við bæ 001. Ferja 02 er þar sem örnefnalýsingar staðsetja hana, í landi sem nú tilheyrir Hvoli. Það hafa orðið breytingar á merkjum hér með tilkomu nýbýlisins Bræðrabóls sem er byggt úr landi Hvols og Kirkjuferju. Hér skagar einnig lítið klettanef út í ánna. Ferja 03 er rúmum 750 m austan við bæ 001, þar er ferjan ásamt húsi staðsett á Herforingjaráðskorti frá 1908.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 4; Hkort 37 1:50000; Skráning menningarminja í Ölfusi, kafli 3.7

**ÁR-493:011** *Helluholt* heimild NÁMA63°58.599N 21°07.524V
"Helluholt. Hæð á ferjuholtinu. Þar var hellutak," segir í örnefnaskrá. Hvar á Ferjuholti grjótið var tekið er ekki vitað. Það gæti hafa verið á nokkrum stöðum enda holtið stórt og mikið. Gamlir ruslahaugar eru fast vestan við holtið og gróin tún til austurs. Uppi á holtinu er mói, nokkrir hólar og víða eru lágir stuðlar og berg.
Ferjuholt er hærra að austan en til annarra átta. Ölfusá rennur sunnan við það. Hér og þar sjást klettar en holtið sjálft er blásið og víða melur.
Engin ummerki hellutaksins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 2


Völukirkja ÁR-493:012, horft til vesturs.

**ÁR-493:012** *Völukirkja* þjóðsaga huldufólksbústaður
63°56.676N 21°08.125V
"Völukirkja. Strýtumyndaður hóll, að hluta úr stuðlabergi, með fuglaþúfu á. Kunn úr þjóðsögum sem álfakirkja. Guðjón hafði þá sögn eftir Birni bónda, samkvæmt heimildum móður hans, Ingigerðar, að kona frá Kirkjuferju var á leið til kirkju að Arnarbæli. Átti hún leið fram hjá Völukirkju. Settist hún þar niður til að fara í sokkana. Hún hafði gengið berfætt yfir mýrina og Rauðukeldu. Heyrði hún þá sungið inni í Völukirkjunni. Sálmaversið nam hún, og var það ekki í sálmabók hinnar íslenzku þjóðkirkju. „Hjá Völukirkju gengu menn ávallt með mestu virðingu

við huldufólkið.” (Halldóra Jónsdóttir),” segir í örnefnaskrá. Völukirkja er tæpum 1,5 km vestan við bæ 001, rétt austan við landamerki við Auðsholts ÁR-495. Þetta land tilheyrir í dag Kirkjuferjuhjáleigu. Völukirkja er syðst í holtaröð sem er á merkjum Kirkjuferju og Auðsholts. Þarna raðast nokkur stuðlabergsholt frá norðri til suðurs, Völukirkja er syðst og minnst. Hóllinn er um 30x15 m að stærð, brattur og áberandi. Austurhlíð holtsins er með stuðlabergi en til vesturs er hún lægri og grónari. Hóllinn er 3-5 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 3

**ÁR-493:013** *Móra* þjóðsaga draugur 63°57.007N 21°07.251V



Móruhóll ÁR-493:013, horft til vesturs.

“Móra (Móruhóll). Hóll austur í Móru. Þar var draugur, og sumir veiktust, sem voru þar á ferð í myrkri,” segir í örnefnalýsingu. Móra er um 980 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 400 m norðan við rétt 015. Hóllinn er í norðvesturhorni jarðarinnar, milli Ferjukots (nýbýli) og Kirkjuferjuhjáleigu.
Umhverfis Móru er mýrlendi og óræktuð tún. Hóllinn er á víðfeðmu svæði og sést víða að.
Móra er 4x2 m að stærð og 1,5 m á hæð. Hólinn snýr svo að segja austur-vestur og er strýtulaga, svo og heildargróðurþekja mikil. Gróður er fremur lágvaxinn og á vissum stöðum glittir í mosagróið bjarg og klappir. Einnig eru smáir moldarflagsblettir sjáanlegir á víð og dreif á hólnum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 3

**ÁR-493:014** *Fjárhúsholt* tóftir fjárhús 63°56.425N 21°05.858V




Teikning af minjum ÁR-493:014.

“Fjárhúsholt. Gróið holt austan Ferjulækjar. Þar voru fjárhús og tún frá Ferju,” segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru tvær og eru tæpum 770 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 380 m austan við mógrafir 017.
Gróinn hóll innan svæðis þar sem þýft graslendi er ríkjandi. Víða eru samt rof í jarðvegi og moldarflög. Svæðið norðan og vestan við tóftirnar er nýtt undir tún.
Minjasvæðið samanstendur af tveimur tóftum sem byggðar eru sitt hvoru megin við hólinn og er það 40x20 m að stærð. Til aðgreiningar er minjum gefinn bókstafur í þessari lýsingu, hefst hún að vestan, á tóft A. Hún er 16x13 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og er ferhyrningslaga. Hún er tvískipt og fengu bæði hólfin númer til aðgreiningar. Lýsing hefst að vestanverðu, á hólfi 1. Það er 15x7 m á stærð að innanmáli og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Veggir eru torfhlaðnir og er breidd þeirra mest 1 m á austurvegg. Norðurveggurinn er horfinn á stökum stöðum, sem og er afmyndaður vegna þýfis. Innan hólfsins er sléttlendi svo og smáþýft graslendi. Dyr eru sjáanlegar fyrir miðju á vesturveggi hólfsins. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 13x7 m á stærð að innanverðu og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru torfhlaðnir á norður- og suðurvegg, en til austurs afmarkar náttúrulegur hóll hólfið. Á norðvesturvegg má sjá gróna grjóthleðslu. Hleðslan er voldug og eru 4-5 umför af stórgrýti greinanleg. Breidd veggja er 0,5 m og mesta veggjahæð 1,5 m. Ekki er óhugsandi að op sé fyrir miðju á norðausturvegg hólfsins, en sökum þess hve þýft það er ekki hægt að segja af eða á um það að svo stöddu. Hólfið er niðurgrafið um 1-1,5 m. Gefur það til kynna að um hlöðu



Tóft ÁR-493:014a, horft til vesturs.



Tóft ÁR-493:014b, horft til norðvesturs.

sé að ræða. Tóft B er tæpum 6 m norðaustar. Hún er 23x22 m að stærð og er sömuleiðis tvískipt. Hólf I er 17x6 m að innanmáli og er grafið niður í suðvestan- og suðaustanverðan hólinn. Það snýr suðvestur-norðaustur og opið er til norðausturs. Veggjahæð er 0,5-1,5 m. Hólfið er torf og grjóthlaðið og mjög gróið, þó að þá sjáist glitta í eitt og eitt grjót. Hólf II er 3x2,5 m á stærð að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til norðvesturs. Veggjahæð er 0,5-0,7 m og sést í 2-3 umför af grjóti, hellugrjóti í suðausturvegg en stærra grjót í öðrum veggjum. Við suðausturvegginn er hlaðinn kantur, um 2 m út frá veggnum. Tóftin er torf og grjóthlaðin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja, 4

**ÁR-493:015** tóft rétt 63°56.851N 21°07.144V
Tóft er tæpum 680 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 380 m sunnan við Móru 013.
Tóftin er bggð suðaustan við við hraunhól og landið hallar lítillega til austurs. Graslendi er allsráðandi ef frá er talið moldarflagsblettur til suðurs.
Óljóst vottar fyrir tóft á kafi í grasi suðaustan við náttúrulegan hól eða holt. Hún er einföld og er 6x6 m á



Rétt ÁR-493:015, horft til austurs.




Uppdráttur af rétt 015.

stærð. Hún er L-laga, en til vesturs afmarkar klettur tóftina. Veggir eru torfhlaðnir og eru þeir breiðastir til norðurs, um 2 m. Að öðru leyti er tóftin örmjó og fremur lítilmótleg. Austurveggur hennar er 0,2 m á breidd og er mesta veggjahæð 0,3 m. Tóftin er opin til suðurs. Ekki vottar fyrir garði, jötu, hlöðu eða öðru innan tóftarinnar sem gæti gefið til kynna hlutverk hennar. Stærð hennar og lögun er þó til marks um hún sé heimarétt eða stekkur en ekki er hægt að segja af eða á um það að svo stöddu.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-493:016** heimild um bústað
"Hjáleiga hefur hjer verið, nú í auðn, en bygð innan 12 ára, og segjir ábúandi, að ei kunni aftur

byggjast nema til skaða jörðinni.” Ekki er vitað hvar þessi hjáleiga var staðsett en líklega er ekki um Kirkjuferjuhjáleigu að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 395

**ÁR-493:017** heimild um mógrafir 63°56.328N 21°06.201V
Samkvæmt Guðmundi Baldurssyni, heimildamanni, eru mógrafir við Ölfusá, um 590 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 380 m vestan við fjárhús 014. Þær sjást ekki lengur, líklega var fyllt upp í þær.
Á þessum slóðum er frjósamt votlendi og svæðið er nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki um mógrafir sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-493:018** frásögn vað 63°56.474N 21°06.623V
Ferjulækur rennur austan við heimatúnið. Suðaustan við heimatúnið koma traðir 006 að læknum og sameinast leið ÁR-720:020. Þar var vað á læknum en hann gat orðið nokkuð umfangsmikill. Vaðið sést ekki en var um 160 m suðautan við bæ 001.
Þetta svæði er töluvert raskað og gróðurþekja þunn. Beggja vegna við lækinn eru grónir bakkar og mikið gras,
Engin ummerki um vaðið sjást yfirborði,
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-493:019** heimild um útihús 63°56.431N 21°06.732V
Samkvæmt Guðmundi Baldurssyni, heimildamanni, var tóft rúmum 180 m sunnan við bæ 001 í sléttuðu túni. Hún var í suðausturhluta túnsins, nálægt jaðri þess, ekki langt frá slóða sem liggur neðar í brekkunni.
Tóftin er horfin, hún var sléttuð út.
Þar er nú ræktað og slétað tún.
Engin ummerki um minjarnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-493:020** heimild um landamerki 63°57.170N 21°07.119V
Í landamerkjalýsingum Grænhóls ÁR-510 frá 1930 segir: «[…] úr Árnadi[y]si [sjá ÁR-495:026] ræður landamerkjagirðing Kirkjuferju í vörðu sem hlaðin er 200 m. vestur af Ferjuborg [ÁR-492:022].» Ekki er vitað hvar þessi varða var staðsett en milli Árnadysjar og Ferjuborgar er vélgrafinn skurður, líklega hvarf varðan í hann. Varðan var á norðurmerkjum Kirkjuferju, þarna er nú land Kirkjuferjuhjáleigu, um 1,3 km norðan við bæ 001.
Engin ummerki um vörðuna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki 1930

**ÁR-493:021** *Gilsbakki* þúst býli 63°56.749N 21°06.545V
“Þurrabúð, sem stóð austan við Rásina, suðaustur af núverandi Hjáleigu. Í byggð í skamman tíma eftir síðustu aldamót,” segir í örnefnalýsingu. Býlið stóð um 440 m norðan við bæ 001, austan við núverandi heimreið. Þar er nokkur dæld í landslaginu þar sem girðingin liggur samsíða þjóðveginum og mætir honum.
Þarna er nú óræktað grasivaxið svæði sem hallar til austurs. Það er nokkuð blautt og deiglent undir.
Minjarnar eru mjög grónar og vex þar hátt og mikið gras. Þar sést óljós veggur sem liggur austur-vestur. Hann er um 4 m langur og beygir til suðurs þar sem örlítill og óljós veggur er varðveittur. Veggurinn er um 0,4 m á hæð. Dæld er í landslaginu þar sem býlið hefur staðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kirkjuferja,4




Teikning af Gilsbakka 021.



Gilsbakki ÁR-493:021, horft til austurs.

**ÁR-493:022** garðlag landamerki 63°56.431N 21°06.732V

Árnadys ÁR-495:026 er á landamerkjum Kirkjuferju, Auðsholts ÁR-495 og Bakkárholts ÁR-506. Þar má greina lágan klapparhól, gjarnan talin dys. Hlaðið garðlag liggur til suðurs úr landi Bakkárholts, sveigir vestan við klapparhólinn og fjarar út skammt sunnar. Garðlagið var líklega á merkjum og nokkuð sunnar má sjá undirhleðslu undir landamerkjagirðingu. Garðlagið er rúmum 1,4 km norðvestan við bæ 001 og tæpum 800 m norðan við Völukirkju 012.

Gróið deiglendi ofan á klapparholti.

Garðlagið er 27 m að lengd, 1,5 m á briedd og 0,5 m á hæð. Það er algróið og þýft. Það liggur til vesturs og sveigir til suðurs áður en það hverfur í rof.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Garðlag ÁR-493:022, horft til VSV.



Túnakort Kirkjuferjuhjáleigu ÁR-494
002 útihús
001 bær
004 traðir
Skýringar
bæjarhóll
horfinn minjastaður
tóft
gömul bygging sem stendur enn
mörk túns og garða
leifar túngarðs
traðir
Byggt á túnakorti frá 1920
0
50
100
metrar

## ÁR-494 Kirkjuferjuhjáleiga

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir, líklega um Kirkjuferjuhjáleigu sé tekið mið af lýsingum af staðsetningu: „Önnur hjáleiga efst menn að hjer hafi verið til forna: líkindi eru þar til fornar tóftaleifar og garða, og er ómögulegt að hjer eftir að byggjast kunni nema til meins heimajörðinni. Liggur þetta byggingarlag utangarðs og má ei byggjast ábúendanum án skaða.“ JÁM II; 396.

Hjáleiga frá Kirkjuferju. “Þessi jörð hefur yfirleitt verið jafnstór aðaljörðinni, Kirkjuferju, og eru landkostir jarðanna svipaðir.” SB III, 391.

1917: Tún 2.9 ha, þar af c. 1/2 slétt. Garðar 352 m2.




**ÁR-494:001** *Kirkjuferjuhjáleiga* bæjarhóll búastaður 63°56.668N 21°06.661V

Bærinn er merktur í norðvesturhluta heimatúnsins á túnakorti frá 1920. Þar er einnig sýndur kálgarður fast sunnan við bæinn. Í Sunnlenskum byggðum III segir: “[b]ærinn stóð áður sunnan í holtinu, en var færður upp á holtið 1940.” Í örnefnaskrá segir: “Gamla-Hjáleiga. Sýnilegar leifar af gamla bænum, áður en byggðin var færð norður fyrir túnið.” Bær 001 er tæpum 120 m sunnan við yngra bæjarstæðið og tæpum 20 m vestan við akveg að Kirkjuferju. Bæjarhóllinn sést vel þegar ekið að Kirkjuferju, uppi í holtinu. Bærinn er á sama holti og Kirkjuferja, um 270 m eru á milli bæjanna.

Bæjarhóllinn er ofarlega á náttúrulegum hól sem er hluti af ósléttuðu túni. Landið er algróið og smáþýft.



Bæjarhóll ÁR-494:001, horft til NNA.




Teikning af bæ 001.

Til norðurs og vesturs er sléttað tún og það nýtt til hrossabeitar.
Bæjarhóllinn er 32x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er nær óraskaður ef frá er talinn norðvesturhlutinn, hann er sléttaður vegna túnagerðar. Auk þess liggur vírgirðing yfir endilangan norðvesturhluta bæjarhólsins. Bærinn er grafinn inn í hól og stafnar snéru til suðausturs, það eru enn fimm hólf varðveitt. Enginn kjallari var í húsinu. Hólfin eru aðgreind með tölustöfum í eftirfarandi lýsingu en hún hefst syðst, á hólfi 1. Það er 12x6m á stærð að innanverðu og eru veggir torf- og grjóthlaðnir. Hólfið snýr norðvestur-suðaustur. Utan á suðurveggi má með ágætum vilja telja 1 umfar af stórgrýti. Breidd veggja er 2 m og eru þeir 0,4 m á hæð. Gengið er inn í hólfið til suðausturs. Hólf 2 er 4 m norðaustan við hólf 1. Það er 4x2 m að stærð að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er á kafi í grasi. Veggir eru grjóthlaðnir, en ekki sér til greinilegra ummerkja vegna gróðurs, þó glittir í stórgrýti hér og þar í veggjum. Mesta veggjahæð er 0,3 m og op er sjáanlegt til suðausturs. Hólf 3 er 3-4 m norðaustan við hólf 2 og er það 4x4 m að stærð að innanverðu. Veggir eru 2 m breiðir og 0,6 m háir. Þeir eru grjóthlaðnir, en ekki er hægt að telja umför vegna gróðurs. Hólfið er opið til suðausturs. Hólf 4 er 2 m norðaustan við hólf 3 og er það 2x2 m að stærð að innanmáli. Breidd veggja er 1 m og hæð þeirra mest 0,5 m. Veggirnir eru grjóthlaðnir og þótt glitti í stórgrýti er ekki hægt að telja umför sökum mikils gróðurs. Op er í suðausturhorni hólfsins. Hólf 5 er 5 m norðaustan við hólf 4. Það er 5x4 m að stærð að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Botn þess er sléttur og eru endimörk norður- og austurhluta hólfsins óljós sökum túnasléttunar; því ekki er unnt að greina op á yfirborði. Þó má leiða að því líkum að það hafi fylgt hinum hólfunum og sé opið til suðausturs, þau gera það öll og ekki er innangegnt á milli þeirra. Veggir eru grjóthlaðnir, en ekki sér í ummerki um umför, þótt að það sjáist til stórgrýtis sum staðar í veggjum. Veggir eru 1 m breiðir og er mesta veggjahæð 0,4 m. En veggir eru óljósir til norðurvesturs og norðausturs. Ekki sér til garða, jötu, hlöðu eða öðru innan þessara 5 framangreindra hólfa sem gætu gefið hlutverk þeirra til kynna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB III, 391; Túnakort 1920; Ö-Kirkjuferja, 2

**ÁR-494:002** heimild um útihús 63°56.697N 21°06.662V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 30 m VNV við bæ 001. Það var uppi á háholtinu, fyrir ofan bæinn. Núverandi útihús í Kirkjuferjuhjáleigu eru um 70 m norðar og á milli eru nokkar vírgirðingar enda allt þetta svæði nýtt sem beitarhólf fyrir hross.
Óræktað tún sem búið er að slétta. Þarna eru vírgirðingar og svæðið er ekki slegið.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-494:003** heimild um myllu 63°56.551N 21°06.596V
Í Sunnlenskum byggðum segir: «Vatnsmylla var í læk sem rennur meðfram túninu.» Myllan er einnig sýnd á Herforingjaráðskorti 37 frá 1908. Myllan var þar sem stórir, flatir og brúnir steinar eru í læknum, neðan við hænsnahúsið, rúmum 220 m sunnan við bæ 001 og rúmum 140 m ANA við Kirkjuferju 493. Lækurinn sem um ræðir er Ferjulækur, hann rann austan við túnið.
Þarna er lítil dæld í landslaginu, grasivaxin en grýtt og ógróið svæði við bakka lækjarins.
Ekki sjást nein ummerki um mylluna á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB III, 391; Hkort 37 1:50000

**ÁR-494:004** heimild um traðir 63°56.665N 21°06.592V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir til suðausturs frá bæ 001, út heimatúnið. Traðirnar lágu niður brekku og öll ummerki þeirra eru horfin.
Á þessu svæði er slétt, ræktað tún sem nýtt er til beitar. Það er ekki slegið.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

## ÁR-511 Kotströnd

"Jarðdýrleiki er óviss, því engin geldst hjer tíund af." JÁM II, 404. „22 hdr, 1847." JJ, 75.
1917: Tún 3.8 ha, þar af c. 4/5 slétt. Garðar 1221 m2.




**ÁR-511:001** *Kotströnd* bæjarhóll búsetaður 63°58.200N 21°08.432V

Bærinn stóð í miðju heimatúninu, uppi á lágu holti sem þar er. Það er víðsýnt til allra átta. Stafnar bæjarins snéru til suðurs en ekki virðist hafa verið sambyggður kálgarður þar. Það er mikið rask á þessu svæði og erfitt að greina bæjarhólinn á holtinu. Miklar breytingar hafa einnig átt sér stað í túninu og allt landlagið breytt frá því áður var.


Bæjarhóll ÁR-511:001, horft til suðurs.

Þar sem bærinn stóð eru steinsteypt útihús frá 20. öld til norðurs, malarplan til suðurs frá þeim og vegslóði. Núverandi íbúðarhús er fast vestan við bæjarhólinn. Hluti 20. aldar útihúsanna eyðilagðist í jarðskjálfta 2008 og voru rifin.

Ekki er hægt að áætla stærð bæjarhólsins vegna allra þeirra framkvæmda sem þarna hafa verið á síðustu öld. Núverandi íbúðarhús er grafið inn í suðvesturhorn holtsins, líklega rétt utan við bæjarhólinn. Sagnir eru þó um að þar hafi komið upp mannvist (sjá 019). Ekki er vitað hvort að mannvistarlög komu upp þegar útihúsin norðan við bæinn voru byggð á 20. öld og um leið líklega á bæjarhólnum. Uppmokstur úr þeim framkvæmdum var settur í tjörn sem var austarlega í heimatúninu, fast sunnan við kirkjugarðinn. Það er að öllum líkindum búið að grafa stóran hluta bæjarhólsins í burtu og þá um leið mannvistarlög þrátt fyrir að þekkingin um þau hafi ekki varðveist. Fyrir sunnan bæjarhólinn er gróið svæði sem nýtt er til beitar. Heimildamaðurinn var ekki viss hvar nákvæmlega á bæjarhólnum bærinn stóð, hann gæti hafa verið skammt austar en þar er mun minna jarðrask.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Byggt á túnakorti frá 1920

**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 1; Túnakort 1920

**ÁR-511:002** hús kirkja 63°58.260N 21°08.385V



Kirkja ÁR-511:002, horft til suðurs.

"Kirkjutún, sléttur túnblettur sunnan undir kirkjugarðinum, sem nú er orðinn grafreitur," segir í örefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Kirkjan var byggð sumarið 1909 og vígð 14. nóv. Um haustið. […] Yfirsmiður var Samúel Jónsson frá Hunkubökkum á Síðu (faðir Guðjóns húsameistara). Kirkjuhúsið úr timbri, járnklætt, 85 m2 að flatarmáli. […] Gtafreiturinn var tekinn í notkun um sama leyti og kirkjan. Nokkru síðar var hann afgirtur með grjótgarði. Efnis í þá girðingu var hægt að afla með vinnu sem kostaði þá ekki beina peninga. Grjótið var flutt á vögnum um 3 kmm leið og prýðiega byggt úr því. Sá garður stóð óhaggaður þar til krikjugarðruinn var stækkaður. Efnis dugði þá aðeins á tvo vegu um kirkjugarðinn." Kirkjan er um 120 m NNA við bæ 001, líklega rétt utan heimatúnsins. Hún er ekki sýnd á túnakorti frá 1920 sem bendir einna helst til þess að hún hafi verið utan þess. Kirkjan er reist 1909, þegar kirkjur á Arnarbæli og Reykjum voru lagðar niður, fyrir þann tíma var ekki kirkja á Kotströnd. Kirkjan er ennþá í notkun og tilheyrir Hveragerðisprestakalli.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 3; SB III, 311

**ÁR-511:003** heimild um útihús 63°58.256N 21°08.396V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m NNA við bæ 001 og 20 m sunnan við kirkju 002, norðarlega í heimatúninu. Það er horfið, þarna er nú malarvegur að kirkjunni.
Á þessu svæði er malarvegur og -plan fyrir kirkju og kirkjugarð.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-511:004** heimild um útihús 63°58.193N 21°08.363V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 60 m suðaustan við bæ 001 og um 50 m vestan við hesthús 014 , suðaustarlega í heimatúninu.
Útihúsið var í suðausturhorni núverandi túns, skjólbelti er fast austan þess nú. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, niður holtið og var útihúsið neðarlega í henni.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-511:005** *Steinvararhús* heimild um bústað
"Bær var í túninu, kallað Steinvararhús. Kona að nafni Steinvör hafði búið þar," segir í örnefnalýsingu. "Steinvararhús er ekki lengur til. Búið er að slétta allt út. Sigmar man eftir húsinu; það var síðast haft fyrir fé," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Steinvararhús var staðsett, ekki fannst heimildamaður fyrir jörðina nema að hluta. Þekkingin um staðsetninguna hvarf að öllum líkindum með Sigmari. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja býlið en það var innan heimatúnsins líkt og segir í örnefnaská.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 1; Ö-Kotströnd c, 1

**ÁR-511:006** *Stöðullinn* heimild um kvíar 63°58.204N 21°08.295V
„Stöðullinn var norðan við heimreiðina, út við hraðbrautina, sem nú er. Þar norðan við var tjörn, sem

nú er búið að fylla upp og gera að túni," segir í örnefnalýsingu. Stöðullinn var rúmum 110 m austan við bæ 001 og 13 m norðaustan við hesthús 014. Þetta svæði er mikið breytt, uppmokstur úr útihúsum á bæjarhólnum var notaður til þess að fylla upp í tjörnina. Árið 2019 var haldið áfram með uppfyllingu á svæðinu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega Stöðullinn var eða hvort að þar var hóll.
Þarna er nú ræktað svæði og það slegið. Tjörnin verður rök í miklum rigningum.
Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 1

**ÁR-511:007** *Ullarklettur* heimild um þvottastað 63°58.458N 21°08.549V
"Ullarklettur: Klettur þessi var við ána norðan hraðbrautar, þar sem ullin var þvegin," segir í örnefnaskrá. Ullarklettur er horfinn, hann var sprengdur við vegagerð á Þjóðvegi I fyrir alllöngu. Hann var um 490 m norðan við bæ 001, sunnan við Gljúfurholtsá. Ullin var þvegin í ánni og líklega þurrkuð eða sett á klettinn í þeirri vinnu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 1

**ÁR-511:008** *Móvöllur* heimild um mógrafir 63°58.734N 21°07.524V
„Móvöllur: Gott mótak var við suðurenda Balakeldu (8-10 stungur niður, 4-5 stungur af rofi ofan á). Þar var tóft sem mór var geymdur í," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Balakelda endar og Balalækur tekur við. Móvöllur var rúmum 1,2 km norðaustan við bæ 001 og 600 m sunnan við Mógrafir 016, á merkjum Keldunnar og lækjarins. Norðurhluti Balakeldu er kominn í skurð en syðsti hlutinn er enn varðveittur. Þar sést ekki til mógrafa á yfirborði. Mýrin er kílræst og það raskaði mógröfunum líklega.
Þetta svæði er mjög gróið og þýft. Það er ekki nýtt til beitar.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2

**ÁR-511:009** tóft skemma 63°58.657N 21°07.660V
Móvöllur: Gott mótak var við suðurenda Balakeldu (8-10 stungur niður, 4-5 stungur af rofi ofan á). [sjá 008] Þar var tóft sem mór var geymdur í," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er 180 m suðvestan við áætlaða staðsetningu mógrafa 008 og rúmum 1 km norðaustan við bæ 001. Hér er líklega um mókofann að ræða en hún er afar ógreinileg.
Tóftin er á grænni tungu, rúmum 40 m vestan við gróið, framræst tún. Djúpr, vélgrafinn skurður er þar á milli. Þetta svæði er óræktað og ekki nýtt til beitar.
Tóftin er mjög gróin og óskýr. Hún er 9x4 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhlaðin og illa farin til suðurs. Suðurhliðin er mikið skemmd og ekki er ljóst hvernig tóftin var afmörkuð til austurs. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og algrónir.



Tóft ÁR-511:009, horft til norðausturs.




Teikning af tóft 009.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2

**ÁR-511:010** *Kotstrandarbrunnur* heimild um brunn 63°58.176N 21°05.415V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: «Vatnsból bregst oft til skaða sumar og vetur.» «Kotstrandarbrunnur: Vatnsból bæjarins rétt sunnan við bæinn, við mýrarjaðarinn, rétt við heimreiðina; yfirbyggður, vel hlaðinn úr grjóti, hurð að sunnanverðu,» segir í örnefnalýsingu. «Kotstrandarbrunnur sést ekki lengur, en ekki eru mörg ár, síðan hann var notaður,» segir í athugasemdum við örefnalýsingu. Brunnurinn er rúmum 60 m sunnan við bæ 001 og 30 m suðaustan við álagablett 018. Öll mannvirki við brunninn eru horfinn og líklega var fyllt upp í hann.
Óræktað beitarhólf er á þessu svæði. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, niður holtið og sléttað.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2; Ö-Kotströnd c, 1; JÁM II, 405

**ÁR-511:011** *Illkelda* álagablettur 63°58.150N 21°08.601V
"Illkelda: Heitir svo í fornum ritum; ófær nema á einum stað. Endaði vestur í heimamýri fyrir vestan Bakkárholt og við túnfótinn á Kotströnd suðvestur af bænum. Þessa keldu mátti ekki slá," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamanni, Þorsteini Gunnarsyni, var þessi kelda 200 metrum vestan við bæ 001 í túni, undir rafmagnsvírum. Fyllt hefur verið upp í kelduna og svæðið framræst.
Rafmagnsvírar liggja þvert yfir túnið suðvestanvert sem er allt framræst og sléttað.
Illakelda er horfin í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2

**ÁR-511:012** *Beitarhúsið* heimild um beitarhús 63°58.586N 21°06.971V
"Beitarhúsið: Austur á Kotstrandarmýri var beitarhús fram til 1936. Þar er tjörn; húsið stóð sunnan við tjörnina," segir í örnefnalýsingu "Ekki sjást lengur tóftirnar af Beitarhúsi," segir í annarri örnefnaskrá Kotstrandar. Suðurendi tjarnarinnar var 1,4 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 570 m norðan við vörðu 030. Engar tóftir sjást þar á yfirborði.
Tjörnin sjálf er uppþornuð, líklega vegna framræslu, tjarnarbotninn er moldarflag og umhverfis er þýfður mói sem notaður er sem beitarland. Skurður hefur verið grafinn nýlega sem liggur upp að tjörninni að sunnan og liggur í norðaustur-suðvestur. Engar minjar er að sjá í sniðinu á honum og ekkert vatn var í honum.
Öll ummerki beitarhúsanna eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2; Ö-Kotströnd c, 1

**ÁR-511:013** *Kotstrandarmýri* heimild um ristu 63°58.331N 21°07.902V
"Kotstrandarmýri: Austan og ofan við þjóðveginn; þar var rist torf," segir í örnefnaskrá. Ristan var tæpum 500 m norðaustan við bæ 001 og um 300 m norðaustan við hesthús 029.
Nú er hér framræst tún.
Engar ummerki torfristunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2

**ÁR-511:014** *Pósthestahúsin* þúst hesthús 63°58.197N 21°08.302V
"Pósthestahúsin: Gamlar grasi grónar tættur norðan við heimreiðina [sjá 020] að bænum. Þar hýstu póstarnir hesta sína í póstferðum milli Reykjavíkur


Þúst ÁR-511:014, horft til suðausturs.

og Suðurlands," segir í örnefnalýsingu Sigmars Sigurðssonar. "Ekki sjást lengur tóftirnar af [...] Pósthestahúsum," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. Pósthestahúsin voru rúmum 100 m suðaustan við bæ 001, í jarði heimatúnsins. Tjörnin sem getið er um hér ofar er horfin, fyllt var uppi í hana um miðja síðustu öld með uppmokstri á útihúsum sem eru í norðurhluta bæjarhólsins. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og mögulega var það fallið úr notkun þá.
Gróið tún, milli Þjóðvegar I til austurs og bæjarhúsanna til vesturs. Kirkja 002 er skammt norðar, þar á milli var tjörnin. Hér er búið að vera mikið jarðrask, bæði vegna sléttunar og fyllingar.
Hér sést enn þúst í túninu. Hún er um 9 m í þvermál, 0,2 m á hæð og óljós dæld er í henni miðri. Ekki er ólíklegt að hér séu ummerki um Póshestahúsin en heimildamenn voru ekki vissir, allt eins gæti verið um uppmokstur að ræða eða að útihús 004 sé rétti staðurinn. Það er líklegt að mannvist leynist hér undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2-3; Ö-Kotströnd c, 1

**ÁR-511:015** *Bali* heimild um bústað
"Upp með ánni var kallaður Bali. Þar var gamalt býli, og var þar tekinn mór [sjá 016]," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Sigmars Sigurðssonar segir: „Bali: Þurrlendur, kúptur mýrarfláki; er norður við Gljúfursmörk.“ Í skýrslunni Fornleifaskráning vegna skipulags í Ölfusi segir að engin ummerki um býlið sjáist á yfirborði. Hnitið í skýrslunni lendir hins vegar skammt sunnan við beitarhús 012 og það er nokkuð langt frá staðsetningu þess í örnefnaskrám. Bali var líklega vestan við mógrafir 016, þar er holt en engin mannvist sést þar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja staðinn með betri nákvæmni en hann var rúmum 1,7 km norðan við bæ 001.
Þetta svæði er mýrlent, framræst og mjög gróið. Það er nýtt til hrossabeitar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd b, 1; Ö-Kotsrönd a: 1; Margrét Hallmundsdóttir; 112

**ÁR-511:016** heimild um mógrafir 63°59.009N 21°07.100V
"Upp með ánni var kallaður Bali. Þar var gamalt býli, og var þar tekinn mór." Ekki er vitað hvar þessar mógrafir voru né býlið Bali 015, frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar með fullri vissu. Mógrafirnar voru þau í norðurhluta jarðarinnar, rúman 1,8 km norðaustan við bæ 001.
Framræst mýri nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd b, 1

**ÁR-511:017** þjóðsaga huldufólksbústaður
"Í klettunum (?) var sögð vera kirkja; þar mátti ekki hreyfa stein," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað í hvaða klettum þessi kirkja var. Líklega eru það þó klettarnir norðan við heimatúnið sem átt er við, innan nýbýlisins Mæri. Frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.
**Heimildir:** Ö-Kotströnd b, 1


Álagablettur ÁR-511:018, horft til suðurs.

**ÁR-511:018** álagablettur
63°58.190N 21°08.450V
Að sögn Þorsteins Gunnarssonar, heimildamanns, var álagablettur í hlaðinu á Kotströnd. Hann er um 20 m sunnan við bæ 001 og 30 m norðan við Kotstrandarbrunn 010.
Álagabletturinn er fast við núverandi heimreið að bænum. Heimreiðin er malbikuð og skjólbelti er fast austan blettsins.
Hóllinn er 7x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Beinn bakki er til suðvesturs í hólnum, mögulega vegna vegagerðar þegar heimreiðin var

malbikuð. Í hólnum glittir víða í grjót án þess að um greinileg umför sé að ræða. Hóllinn er 0,3-0,5 m á hæð og algróinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-511:019** frásögn 63°58.193N 21°08.465V

Að sögn Þorsteins Gunnarssonar, heimildamanns, komu upp hleðslur þegar núverandi íbúðarhús á Kotströnd var byggt um 1960. Það er 50 m suðvestan við bæ 001, í jaðri bæjarhólsins. Ábúendur voru ekki heima þegar skrásetjari var á ferðinni en við húsið var brot úr kvernasteini sem mögulega kom upp við þær framkvæmdir. Frekari rannsóknir á svæðinu þarf til þess að skera úr um hvort að um hluta bæjarhólsins sé að ræða, útihús eða annað mannvirki.
Íbúðarhúsið er byggt suðvestan í holtið sem bærinn var á, það er með niðurgröfnum kjallara.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Kvarnasteinninn sem fannst er enn varðveittur við íbúðarhúsið.

**ÁR-511:020** heimild um traðir 63°56.189N 21°08.432V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir að bæ 001 úr suðaustri og sveigðu síðan til suðurs áður en komið var að bænum. Þær eru á sama stað og núverandi heimreið að bænum. Hún er malbikuð og öll ummerki um eldri traðir horfin. Traðirnar lágu upp brekku að bænum.
Umhverfis heimreiðina eru grasflatir og skógrækt.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-511:021** frásögn mógrafir 63°58.131N 21°08.405V

Mógrafir voru við Kotströnd II, fyllt var upp í þær og sléttað yfir löngu áður en húsið var byggt. Mógrafirnar náðu yfir í land Sandhóls ÁR-507 og voru um 130 metrum sunnan við bæ 001.
Allt svæðið er ræktunarland núna, tún og kálgarðar til suðurs.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-511:022** renna áveita 63°58.226N 21°08.906V

"Kotstrandarskurður: Skurður sem grafinn var úr Sandá (Gljúfurá) utarlega á Kotstrandarengjum, og lá skurðurinn fram á mitt Sandárengi í Bakkárholti. Áin var stífluð á vorin og vatninu veitt á engjarnar um skurðinn," segir í örnefnaskrá. Kotstrandarskurður liggur til suðurs frá Sandá, þvert í gengum land Kotstrandar og yfir í land Bakkárholts. Hann er tæpum 400 m vestan við bæ 001 og minni skurðir liggja víða þvert á hann. Kotstrandarskurður er rúmum 2,5 km að lengd, 4-5 m á breidd og 1-2 m á dýpt. Suðurendi skurðsins sveigir til vesturs.
Tún eru beggja vegna við skurðinn, minni skurðir og áveitugarðar.
Áveitan sést sem niðurgrafin renna, hún er 4 metrar á breidd, um 600 metrar að lengd og endar í Glúfurá.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2



Kotstrandarskurður ÁR-511:022, horft til norðvesturs.

**ÁR-511:023** heimild um landamerki 63°58.900N 21°06.532V
“Langanef: Varða á Langanefi er á landamerki milli Kotstrandar, Hvamms og Gljúfurs; er að austanverðu við Hvammsána,” segir í örnefnalýsingu. Í landamerkjabréfi nr. 216 frá árinu 1889 segir um landamerki milli Kotstrandar og Bakkárholtstorfunnar: “þaðan í þúfu (sjá 030) á litla “Öskjuholti” þá beina stefnu í Langanef, […]”. Hér er um sama stað að ræða. Páll Auðar Þorláksson, heimildamaður, hjálpaði til við staðsetningu á þessari vörðu, landamerki virðast hafa breyst síðan þetta var skráð. Varðan er horfin en var tæpa 2 km norðaustan við bæ 001 og um 570 m norðan við vörðu 024.
Varðan var við Hvammsá, ekki er vitað með vissu hvar nákvæmlega. Þetta svæði er gróið, framræst og nýtt til beitar.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2; Landamerki 1889

**ÁR-511:024** *Gljúfurvarða* heimild um landamerki 63°58.591N 21°06.541V
“Langaflag: Austan við ána; upphlaðin varða hornmark milli Kotstrandar og Bakkárholts,” segir í örnefnalýsingu. Í landamerkjalýsingu Bakkárholtsparts frá 1930 segir: “að norðan úr Gljúfurvörðu í hæsta klettinn á Litla-Öskjuholti, þaðan í grjótvörðu [030] 100 m suðaustan við nefndan klett […]”.Páll Auðar Þorláksson, heimildamaður, hjálpaði til við staðsetningu á þessari vörðu, landamerki virðast hafa breyst síðan þetta var skráð. Varðan er horfin en var tæpa 1,7 km norðaustan við bæ 001 og um 570 m sunnan við vörðu 023.
Varðan var við Hvammsá, ekki er vitað með vissu hvar nákvæmlega. Þetta svæði er gróið, framræst og nýtt til beitar.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2; Landamerki 1930

**ÁR-511:025** brú leið 63°58.239N 21°08.624V
„Hellistún var túnblettur neðst í túninu, sem farið var yfir þegar hey var flutt af engjum,“ segir í örnefnalýsingu. Þetta var engjavegur sem lá niður í Ölfusforir. Hann var um 170 m VNV við bæ 001 og 230 m austan við áveitu 022. Leiðin lá fyrir sunnan brekkuna þar sem kirkjan stendur.
Túnið þar sem leiðin lá er í órækt. Þarna er umhverfið þýft, vaxið grasi, mosa og villiplöntum.
Erfitt er að sjá einhver merki engjavegar þar sem túnið er í órækt og grasið klofhátt. Þó er stallur austan megin í túninu þar sem líklegt er að leiðin hafi legið. Hlaðinn brú sést 300 m vestar, innan afgirts beitarhólfs og var hún að öllum líkindum hluti af þessari leið. Hún sást ekki á vettvangi en er greinileg á loftmyndum og skráð þannig. Hún er um 190 m ða lengd, liggur norðvestur-suðaustur og 3 m á breidd. Austurhlutinn er komin undir malarveg og tún,
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 2

**ÁR-511:026** heimild um mógrafir 63°58.142N 21°08.087V
Að sögn Páls Auðar Þorlákssonar, heimildamanns, voru mógrafir um 300 m suðaustan við bæ 001 og um 200 m sunnan við hesthús 029. Það er langt síðan þær voru sléttaðar út í tún að sögn Páls. Ekki er vitað hversu stór svæðið var eða hversu margar mógrafirnar voru.
Þarna eru nú ræktuð, framræst tún. Þau eru nýtt til sláttar og beitar.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-511:027** tóft útihús 63°58.181N 21°08.424V
Tóft er um 40 m sunnan við bæ 001 og um 20 m sunnan við álfhól 018. Ekki er vitað um hvaða mannvirki er að ræða, mögulega er það ekki mjög fornt. Það fær að njóta vafans og talið hér til fornleifa enda nærri bæ og innan heimatúns. Líklega var hér um útihús að ræða. Ofan á tóftinni er „valtari“ eða svipað tæki sem líklega var hengt aftan í dráttarvél.

Tóftin er á grónu svæði, fast sunnan við heimreiðina að Kotsrönd, þar sem hún beygir til norðurs. Fyrir sunnan þústina er afgirt tún sem nýtt er til beitar. Þústin er 9x9 m að stærð og 0,2-0,3 m á hæð. Hún er grasivaxin og slétt að ofan. Það mótar óljóst fyrir innri brún veggja, það er einna greinilegast til norðurs. Ekki er hægt að geta sér til um nánara hlutverk þústarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Þúst ÁR-511:027, horft til suðvesturs.

**ÁR-511:028** heimild 63°58.283N 21°08.398V
„Holtið: Allstórt malarholt norðan við kirkjuna; var notað til vegagerðar, meðan malarvegir voru hér um slóðir," segir í örnefnalýsingu. Í skýrslunni Fornleifaskráning vegna skipulags í Ölfusi segir að Holtið sé við kirkju 002, þjóðvegur liggi á milli þeirra. Ekki er ljóst hvaða þjóðveg er átt við, Þjóðvegur 1 er austan við kirkjuna frekar en norðan. Malarnámurnar voru um 150 m norðan við bæ 001.
Þetta svæði er innan svæðis sem tilheyrir nýbýlinu Mæri. Þar er gróið svæði en ekki sér til malarnáms þar. Mögulegt er að malargryfjan hafi verið nokkuð norðan við kirkjuna, þar er Þjóðvegur 1 á milli. Ekki er heldur ólíklegt að holtið hafi verið grafið í burtu og gryfjurnar sléttaðar út.
Engin ummerki námunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 1; Margrét Hallmundsdóttir, 113-114

**ÁR-511:029** tóft hesthús 63°58.242N 21°08.203V
Í kafla Bjarna F. Einarssonar, Fornleifaskráning á Suðurlandi vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar, í skýrslunni Suðurlandsvegur- Frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss segir : «5 x 6 (ANA-VSV). Veggir úr grjóti og torfi, 1-2 m breiðir og 0,1-,7 m háir. Dyr eru í SA-horni á suðurvegg. Garðlög eru greinileg að innanverðu og á stökustað á utanverðum suðurvegg. Rústin er grafinn inn í hallann þannig að norðurveggur er nær allur grafinn niður. Rústin er vel gróin grasi og mosa. Að sögn ábúenda var þarna hesthús, sem engin hestur tolldi í sökum álfa í hólnum. Man hann vel eftir húsinu. Ekki er hægt að útiloka að húsið sé eldra en 100 ára að stofni til, þó heimildamann telji það yngra."
Hesthúsið er um 200 m ANA við bæ 001 og tæpa 40 m austan við Þjóðveg 1. Það er byggt suðaustan við svokallaðan Hól.
Fyrir norðan, austan og sunnan hesthúsið eru slétt, framræst tún sem eru í rækt og slegin. Þjóðvegur 1 er



Hesthús ÁR-511:029, horft til austurs.




Teikning af hesthúsi 029.

til vesturs. Hóllinn er hæstur til vesturs.
Litlu er við lýsingu Bjarna að bæta. Tóftin er 8x6 m að utanmáli, hún er einföld og snýr ANA-VSV, Hún er grafinn inn í hólinn til vesturs, veggir úr torfi og grjóti og það má greina 2-3 umför af grjóti í þeim. Hleðslur í veggjum eru teknar að hrynja en að öðru leyti er hún ágætlega varðveitt.
**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bjarni F. Einarsson, 26

**ÁR-511:030** heimild um landamerki 63°58.308N 21°07.242V
Landamerki 1930: "[…] úr nefndri vörðu [sjá 024] í grjótvörðu sem stendur syðst á Litla-Öskjuholti 100 m suðaustur frá landamerkjum Kotstrandar, […]". Hér er verið að lýsa landamerkjum Bakkárholtstorfunnar og Kotstrandar. Skrásetjarar vissu ekki af þessari heimild ekki fyrr en vettvangsvinnu var lokið. Að sögn Páls Auðar Þorlákssonar, heimildarmanns, sést varðan ekki og var lítið annað en fuglaþúfa. Hnit var tekið á loftmynd, syðst á Litla-Öskjuholti, um 990 m austan við bæ 001.
Framræst mýrlendi er til allra átta. Svæðið er nýtt til beitar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki 1930.

**ÁR-511:031** heimild um landamerki
Landamerki 1930: "[…] úr nefndri grjótvörðu [030] í vörðu sem hlaðin er í miðri mýrinni neðan Öskjuholts […]" Hér er verið að lýsa merkjum Kotstrandar og Bakkárholtsparts. Í sömu landamerkjalýsingu er fjallað um merki Bakkárholts II. Þar segir: "[…] þaðað í vörðu sem hlaðin er í mýrinni miðjavegu upp í Öskjuholt og er í stefnu norðanhalt við nyrðra Hólsstaðagil úr nefdri vörðu [030] sem stendur syðst á Litla-Öskjuholti. […]» Hér er um sömu vörðu í mýrinni að ræða. Ekki er vitað hvar í mýrinni varðan var staðsett, á þessum merkjum er nú djúpur skurður.
Mýrin er framræst og skipt í beitarhólf ásamt minni túnum. Varðan fannst ekki enda líklegt að hún hafi horfið við jarðrask á svæðinu.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki 1930

**ÁR-511:032** heimild um landamerki
Landamerki 1930: "… Ennfremur landspilda sunnan þjóðvegar, sem takmarkast að austan með línu úr túngirðingarhliði Bakkárholtsparts í Búra, þaðan í vörðu, sem hlaðin er sunnan við túnið á Kotströnd […]. Ekki er vitað hver þessi varða var staðsett nákvæmlega og öll ummerki hennar eru horfin. Hún var þó ekki langt sunnan við bæ 001, þar er nú framræst mýrelndi og sumarbústaðir.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Landamerki 1930

## ÁR-513 Gljúfur




“Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.” JÁM II, 397. 30 hdr. 1847. JJ, 75.
“Landamerki: Úr Sauðaklöpp, til austurs í Langanef [sjá ÁR-511:024]. Þaðan til norðurs í Orustuhól, þaðan lína í Sandfell. Þaðan, til norðvesturs stefna í Efjumýrarvörðu (sjá Sogn), í miðgilið í Klyftartungum, síðan Gljúfurá og Gljúfursá móts við Sauðaklöpp.” Ö-Gljúfur, 1.
1917: Tún 5.9 ha, þar af c. 7/8 slétt. Garðar 1584 m2.

**ÁR-513:001** *Gljúfur* bæjarhóll bústaður 63°59.816N 21°07.240V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og Stefáni Jónssyni, heimildamanni, var bær 001 vestan við núverandi íbúðarhús, nánast í miðju heimatúninu. Nú er þar skemma, önnur útihús frá 20. öld og heimahagi. Nýtt íbúðarhús var byggt árið 1964, um 40 m austan við bæjarhólinn, en eldra íbúðarhús sem byggt á fyrrihluta 20. aldar sést á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum III. Það hús eyðilagðist í jarðskjálfta árið 2000 en það var á vesturhluta bæjarhólsins. Bærinn á túnakortinu var undir útihúsunum, fast austan við staðsetningu eldra íbúðarhússins. Bærinn snéri stöfnum til suðurs og kálgarður var þar framan við, niður holtið sem bærinn er á.


Bæjarhóll ÁR-513:001, horft til norðurs.

Tún í órækt er sunnan við hólinn, í vesturhluta hans eru tré sem áður voru í bakgarði íbúðarhússins sem var rifið. Til annarra átta eru grasivaxin ræktuð tún.
Bæjarhóllinn er 50x35 metrar að stærð og snýr í austur-vestur. Hann er 0,2-0,4 m á hæð og fjarar út til suðurs. Bæjarhóllinn er horfin til norðurs, þar eru 20. aldar útihús og malarplan. Ekki mótar fyrir upphækkun þar í landslaginu. Til vesturs sést bakki, um 0,2 metra hár. Þar var eldra íbúðarhúsið og sunnan megin við það hefur verið kálgarður til suðurs og austurs. Engin merki um tóftir sjást á honum og skemman hefur eflaust raskað honum þar sem hún stendur. Það er greinilegt að mannvist er enn hér undir sverði, þrátt fyrir mikið jarðrask.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

# Túnakort Gljúfurs ÁR-513




Byggt á túnakorti frá 1920

**ÁR-513:002** heimild um útihús 63°59.859N 21°07.096V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m norðaustan við bæ 001, norðaustarlega í heimatúninu. Lítið hólbarð sést á svipuðum stað og útihúsið var á, líklega var það staðsett þar.
Slétt, ræktað tún. Skjólbelti er sunnan og norðan við túnið.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-513:003** tóft rétt 63°59.614N 21°06.614V
Á vefsjá Minjastofnunar Íslands sést uppmæld tóft sunnan við lækjargil, tæpum 90 m austan við helli 006 og tæpum 620 m suðaustan við bæ 001. Fjárhús eru 70 m norðaustar en þau eru líklega mun yngri og teljast ekki til fornleifa. Skrásetjurum var ekki kunnugt um þessa tóft meðan dvalið var á vettvangi og hún ekki heimsótt. Tóftin var mæld upp árið 2008. Nánari upplýsingar um tóftina vantar en lag hennar bendir til þess að um stekk sé að ræða eða heimarétt. Hún er um 8x5 m að stærð, einföld og veggir bogadregnir. Þeir eru byggðir upp að klettum til suðvesturs og afmarka þeir tóftina þar. Ekki er vitað hversu háir veggirnir eru eða almennt ástand tóftarinnar.



Uppmæling af réttinni.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Minjastofnun Íslands, vefsjá

**ÁR-513:004** *Hóllinn* þúst fjárhús 63°59.560N 21°06.777V
“Hóllinn. Hóll í Þýfinu austan gömlu götunnar [sjá 720:002]. Sennilega gömul fjárborg eða fjárhús. Sér ekki fyrir hleðslum,” segir í örnefnaskrá. Þúst sem er örlítið hærri en umhverfið er 600 m suðaustan við bæ 001 og 100 m suðvestan við hlöðu 007.
Sléttað hefur verið yfir svæðið og þar er grasivaxið tún nú.
Lítið sést til Hólsins, þar er aðeins 0,1 m þúst í landslaginu. Mörk hennar eru ógreinileg og ekki hægt að segja til um stærð fjárhúsanna sem þarna voru eða nánari gerð þeirra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 1

**ÁR-513:005** heimild um áveitu 63°59.453N 21°06.629V
“Gljúfursengjar (Engjarnar): Afgirtur mýrarblettur, norðaustan Graðhestagirðingar. Neðragilslæknum (Mólæknum) var veitt á engjarnar, hann bætti þær og sléttaði,” segir í örnefnaskrá. Hnit var tekið um 840 m suðaustan við bæ 001 en engin náðu lengra áfram til suðurs. Áveitan er horfin en Jón Stefánsson, heimildamaður, segir hana ekki hafa verið áberandi.
Nú eru hér sléttuð tún með mjög reglulegum skurðum. Skurðirnir eru nokkrir og túnin mjó.
Engin merki um áveitu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 2

**ÁR-513:006** *Gljúfurshellir* hellir fjárhús 63°59.624N 21°06.725V
“Gljúfurshellir: (Hellirinn) Sandsteinshellir ofanvert (norðaustur) í Neðragilinu vestanverðu. Notaður lengi sem fjárhús,” segir í örnefnaskrá. “Gljúfurshellir er í lækjargili austan bæjar um 100 m neðan þjóðvegar. Nýleg fjárhús standa við læk nokkru ofan við hellinn.” segir í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. Hellirinn er tæplega 550 m suðaustan við bæ 001 og rúmlega 170 m vestan við nýleg fjárhús sem nefnd eru í Manngerðum hellum. Hellirinn sést ekki frá fjárhúsunum og ekki fyrr en komið er nær honum, hann er í gilinu norðanmegin.



Gljúfurshellir ÁR-513:006, horft til norðurs.




Teikning af helli 006 úr bókinni Manngerðir hellar á Íslandi, bls. 64.

Uppspretta er í gólfinu innan við hellismunnann, en hún sést ekki lengur þar sem byggt hefur verið yfir hana. Hún rennur í lækinn sem er 3 metrum frá hellismunnanum. Litlir kindastígar liggja að hellinum beggja vegna við hann að norðan. Gilbotninn er grasigróinn, smáþýfður með villiblómum. Hellismunninn er tveim metrum ofan við lækinn.

Í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi er hellinum lýst. Þar segir: «Hann er grafinn í sandsteinsvöluberg, lárétt lagskipt með víxillaga linsum. Hellirinn er allur á breiddina sem er 10-11 m en dýpt hans inn í bergið er 6 m fyrir miðju en 5 m til endanna. Lofthæðin er 2,0-2,5 m. Muninn er jafnvíður hellinum sjálfum 10 x 2,5 m en honum hefur verið lokað með hlöðnum vegg sem á eru dyr fyrir miðju. Lítið uppsprettuauga er í gólfinu innan við munnann og smáspræna rennur út um hann í aðallækinn. Leifar af jötum sjást með veggjum [...] Hellirinn var hafður undir fé, en aflagður fyrir 20 árum. 70 ær voru við hellinn segir Gljúfursbóndi.» Litlu er við þessa lýsingu að bæta. Steypt hefur verið utan með hleðslunum og sést aðeins í þær fyrir ofan steypuna. «Örfáar unglegar áletranir eru á veggjum. Þar er m.a. hakakross.» segir einnig í Manngerðir Hellar á Íslandi. Áletranirnar eru mjög ógreinilegar en tveir hakakrossar eru enn sjáanlegir. Steypustyrktarjárn og bárujárn eru í hellismunnanum, ekki sést lengur móta fyrir jötum. Veggirnir eru mosavaxnir og gólfið er moldargólf með smásteinum. Hæð veggjar er fyrir dyrunum er 1,2 metrar en veggir hellisins eru aflíðandi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 2; Manngerðir hellar, 18

**ÁR-513:007** tóft hlaða 63°59.604N 21°06.712V

"Leifar af hlöðu eru við gilvegginn handan lækjarins [á móti Gljúfurshelli 006]. Þar hefur bergið verið lagað til þannig að sandsteinninn myndar vegg og gafl hlöðunnar," segir í örnefnaskrá. Sunnan við lækinn, um 45 metrum sunnan við Gljúfurshelli 006 eru tóftir hlöðunnar. Tveir veggir eru vel sjáanlegir, þeir sem voru klappaðir í bergið. Hlaðan er rúmlega 580 metrum suðaustan við bæ 001, sunnan við gilið. Umhverfis tóftina er gróinn mói með grasi, fíflum, sóleyjum og hundasúru. Austan megin við hana er lítil laut, um 10x15 m. Lækurinn rennur 20 metrum frá norðurenda hlöðunnar þar sem hann er næstur henni.



Hlaða ÁR-513:007, horft til suðurs.

Hlaðan er 18x5 m stór og snýr í norður-suður. Aðeins eitt hólf sést á yfirborði og veggir eru aðeins sjáanlegir til suðurs og vesturs, þar voru þeir grafnir í sandsteininn. Steypt hefur verið ofan á sandsteinsveggina og hafa hlutar af steypunni fallið niður í grasið fyrir neðan. Allt efni úr hlöðunni hefur verið fjarlægt og rétt sést móta fyrir veggjarbroti til vesturs. Sandsteinsveggirnir eru 3 metrar þar sem þeir eru hæstir vestanmegin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Manngerðir hellar, 18

**ÁR-513:008** *Vaðið* heimild um vað 63°59.656N 21°07.471V

"Vaðið: Þar var þjóðleiðin [sjá 720:018] yfir ána, sunnan Gljúfurstúns," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jóni Stefánssyni, heimildamanni, var vaðið þar sem brúin yfir gilið er núna. Þar eru grynningar í Gljúfurá og auðvelt að fara yfir. Vaðið var 360 m suðvestan við bæ 001 og 130 m suðvestan við Gráklett 014.
Árfarvegurinn er grýttur og leifar af eldri brú sjást vestan megin við ána. Núverandi brú er skammt sunnar. Umhverfis ánna er mosavaxið mólendi.
Austan við vaðið er náttúruleg lægð í landinu en til vesturs er aflíðandi lág inn í Sognsland. Vaðið hefur verið norðan megin við núverandi brú en er horfið.



Horft til norðurs yfir vað ÁR-513:008.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 2

**ÁR-513:009** *Kishóll* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°59.876N 21°07.203V

"Kishóll: Gróinn hóll, norðan bæjarins, gengur fram (suður) úr hæðunum ofan bæjarins. Þar bjó huldufólk," segir í örnefnaskrá. Kishóll er 100 m norðan við bæ 001 og 8 m norðaustan við tóft 018.
Hóllinn er vel gróinn mosa, lúpínum og birkikjarri.
Hóllinn er 7-10 metra hár klettur. Á honum miðjum er hola sem sést lítið fyrir gróðri. Þétt uppvið hann norðvestanmegin er hrunin kartöflugeymsla 018. Ekki sjást mannvirki á hólnum sjálfum.



Kishóll ÁR-513:009, horft til norðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 2

**ÁR-513:010** *Lindin* lind vatnsból 63°59.900N 21°07.103V

"Lindin: Uppspretta í Brunnlautinni, notuð sem vatnsból," segir í örnefnaskrá. Lindin er í litlu rjóðri tæplega 200 m norðaustan við bæ 001 og 90 m norðaustan við Kishól 009.
Lindin sést illa fyrir gróðri, gras og votlendisplöntur eru í kring um lindina. Mikil skógrækt er allt um kring.
Úr lindinni rennur lítill lækur í suður. Samkvæmt heimildarmanni á vatnið í henni að vera mjög ferskt, en hún er ekki í notkun núna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 3

**ÁR-513:011** *Gljúfurseldalur* heimild um sel 64°00.800N 21°07.260V

"Suður frá [Stórkonugilsbotnum] er Sognseldalur og Gljúfurseldalur," segir í örnefnalýsingu Hengils. Á heimasíðu Ferlis segir: „Í Seldalnum eiga skv. framangreindu að vera tvær selstöður í tvískiptum Seldal, annarsvegar í Gljúfurseldal og hins vegar í Sognsseldal, ofan Sogns. Sognasel [sjá 514:026] er í gróinni tungu norðan áa er koma úr Sognabotnalæk og gili norðanvert í dalnum. Vel sést móta fyrir tóftum. Gljúfursel er austan við ána í Seldal, þar í gróinni kvos. Vatnsstæði er í kvosinni og í henni rétt sést móta fyrir tóftum. Um er að ræða mjög gamalt sel frá Gljúfrum. […] Skv. lýsingu Björns átti selstaðan að hafa verið austanvert í dalnum. Einungis tók skamman tíma að finna tóftina. Hún hefur verið felld inn í



Gljúfurseldalur ÁR-513:011, horft til norðurs.

gróinn bakka og sjá má móta fyrir rýmum vestan við hana. Kaldavermsl eru sunnan við tóftina, sem án efa hefur verið hin ágætasta uppspretta." Ekki er hægt að sjá tóftir í Gljúfurseldal, dalurinn er lítill og vel afmarkaður. Sé tekið mið af lýsingum Ómars Smára Ármannssonar á heimasíðu Ferlis er einungis einn staður sem passar við lýsingar hans á staðnum. Selið var rúma 200 m norðaustan við Sognsel 514:026 og rúmum 1,8 km norðan við bæ 001.

Austurhluti Gljúfurselsdals er gróinn og brattar brekkur afmarka þann hluta til austurs. Landið fer lækkandi til vesturs, að ánni, og rakt undirlendi er þar á kafla. Lækur rennur til vesturs, syðst í dalnum, og sameinast ánni. Selið var að öllum líkindum þar, á bakkanum sé tekið mið af lýsingum Ómars Smára. Ekki er hægt að greina mannvist á þessu svæði. Þegar skrásetjari var á ferðinni var mikill gróður þarna, allt að mittishár. Þarna eru þýfðir bakkar en ekki hæft að greina neina lögun eða tóftir í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hengill, 3; http://www.ferlir.is/?id=6385

**ÁR-513:012** *Sauðaklöpp* heimild um landamerki 63°59.163N 21°07.552V



Sauðaklöpp ÁR-513:012, horft til norðvesturs.

"Sauðaklöpp: Smáhóll úr móbergi, með vörðu á, nyrst í Bala [sjá 511:015], austanvert við ána, þar sem hún kemur fram (suður) úr Haukamýrargljúfrum," segir í örnefnaskrá. Sauðaklöpp er 1,2 km sunnan við bæ 001 og var landamerki á milli Gljúfurs og Kotstandar ÁR-511.

Sauðaklöpp er klettur sem stendur út í gljúfrið, mosagróinn að ofan og með skófum á.

Á klettinum er náttúruleg strýta sem gaddavír hefur verið vafið utan um. Ekki er að sjá hlaðna vörðu og hún líklega horfin vegna rasks.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 1

**ÁR-513:013** heimild um traðir 63°59.823N 21°07.157V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir til austurs frá bæ 001. Núverandi heimreið að bænum er á sama stað og er malarborinn vegur.

Umhverfis veginn eru skjólbelti og grasflatir. Traðirnar lágu fast norðan við núverandi íbúðarhús sem er byggt árið 1964.



Gráklettur ÁR-513:014, horft til vesturs.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-513:014** *Gráklettur* frásögn huldufólksbústaður 63°59.708N 21°07.357V

Samkvæmt Stefáni Jónssyni, heimildamanni, er huldufólk í Grákletti. Kletturinn er 220 m suðvestan við bæ 001, skammt austan við Gljúfurá, syðst í túni. Þjóðvegur er 50 m sunnar og sést kletturinn vel þaðan. Ekki eru til frekari heimildir eða sagnir tengdar huldufólkinu.

Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis Gráklett. Kletturinn er hæstur til suðvesturs og er 3-4 m þar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-513:015** *Stíflur* heimild um leið 63°59.776N 21°07.386V
"Stíflur: (fara yfir á Stíflum) Klettar í gljúfrinu suðvestur af bænum, móts við þar sem Djúpagilslækurinn (sjá Sogn) rennur í gljúfrið. Þar var greiðasta leiðin yfir gljúfrið milli Sogns og Gljúfurs," segir í örnefnalýsingu. Leiðin var um 140 m suðvestan við bæ 001, þar eru klettar og á því svæði er grunnt yfir ánna.
Árfarvegurinn er grýttur. Klettarnir eru 4-5 metra háir og eru um 20 metrum frá vaðinu.
Vaðið sést ekki né götur sem liggja að því. Þetta var leiðin á milli bæjanna líkt og segir hér ofar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 2

**ÁR-513:016** heimild um leið 64°01.325N 21°06.918V
Að sögn Jóns Stefánssonar, heimildamanns, sést gömul þjóðleið yfir í Grafning, vestan í Bjarnafelli. Að hans sögn sést leiðin á köflum, inn á milli mels og steina, austan við gilbrún Gljúfursár. Leiðin lá til norðurs úr Seldal 011, yfir í Klyftatungur en ekki er vitað hvert framhaldið var þaðan. Leiðin er ekki sýnd á gömlum kortum.
Skrásetjari var leiðarinnar ekki var. Þetta svæði er lítt gróið og melur víða.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-513:017** varða samgöngubót 64°00.474N 21°07.158V
Varða er rúmum 600 m sunnan við Gljúfursel 011 og rúmum 1,2 km norðan við bæ 001. Varðan er uppi á Lynghól, blásnu klapparholti sem er suðvestan við Bjarnafell og austan við Gljúfurá. Vegslóði sem Jón Stefánsson, heimildamaður gerði, er 50-80 m austar. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan er hlaðin, mögulega vegvísir á leið að seli 011 eða á leið 016.
Lágir klettar og stakir steinar eru við vörðuna, uppi á hólnum. Þetta er aðallega sandsteinn og móberg. Mosabreiður sjást á stöku stað.
Varðan er grjóthlaðin, gjótið er úr Lynghól. Hún er 1,5x1 m að grunnfleti og 0,5 m þar sem hún er hæst. Það má greina 4-5 umför af grjóti í vörðunni og hún illa hlaðin. Hún er mosavaxin neðst, steinarnir grónir og ekki hægt að greina hvort hún er hlaðin á náttúrulegt grjót eða á kletti. Varðan er hæst til suðausturs.


Varða ÁR-513:017, horft til norðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-513:018** tóft útihús 63°59.859N 21°07.182V
Útihús er tæpa 90 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 70 m vestan við útihús 002. Útihúsið er ekki fornt en byggt með gömlu lagi og talið til fornleifa af þeim sökum. Þetta var m.a. kartöflugeymsla. Útihúsið er grafið suðaustan í Kishól 009.
Útihúsið er skammt norðvestan við súrheysturn. Það er grafið inn í brekku, þar er skógrækt til norðurs og slétt tún til suðurs.
Tóftin skagar fram úr bekkunni, rétt suðvestan við vegslóða umhverfis skógræktina. Hún er 8x7 m að stærð, snýr NNA-SSV og er einföld. Hún er opin til SSV, mjög gróin en veggirnir eru úr torfi og grjóti, það sést samt ekki. Veggjahrun er til suðurs, þar sést grjótið. Veggirnir eru 0,6-2 m a hæð, hæstir að innan til norðurs. Ekki sést til garða eða annars inni í tóftinni en þar sést bárujárn, líklega úr þaki.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar



Útihús ÁR-513:018, horft til norðurs.




Teikning af útihúsi 018.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

## ÁR-514 Sogn

“Jarðdýrleiki xx og so tíundast fjórum tíundum.” JÁM II, 398. 20 hdr. 1847. JJ, 75 “
1542: Þann 11.janúar 1542 var kveðinn upp dómur þriggja klerka og þriggja leikmanna um kæru Gissurar biskups Einarssonar í Skálholti á hendur Eyjólfi Jónssyni á Hjalla. Sakaði biskup Eyjólf m.a. um að hafa tekið sér fjögur kúgildi úr Sogni. DI X, 698 – 699.
Landamerki: Skráð eftir minni úr landamerkjabréfi, afriti úr embættisbókum sýslumanns, sem var í eigu foreldra minna, en látið af hendi þegar þau fóru frá Sogni (1935)... Gljúfurá... er markaá milli Sogns og Gljúfurs, austan Sognslands, allt þar til Gljúfurholtslands tekur við. Mörkin eru úr steini (merktum) efst við Haukamýragljúfur, þvert vestur í Stórumýri í “stefnu á Varghól” (svo í bréfinu) í hlaðna vörðu (Markavörðu) vestur undir Múla (sjá Reykjatorfu). Nú er girðing á þessum mörkum... Frá áðurnefndri vörðu bein lína um Fögrubrekku (miðja) til norðurs í vörðu, sem er austan á Álút (hana hef ég ekki séð),




þaðan í Efjumýrarvörðu. Þaðan á sveitarmörkum Grafnings og Ölfus stefna til suðausturs í Sandfell (Gljúfur), skammt ofan við Klyftartungur. Þar eru 3 gil og mörkin talin um miðgilið, sem rennur í Gljúfurá, svo er það hún og Gljúfursáin.” Ö-Sogn, 1
Árið 1970 keypti Náttúrulækningafélag Íslands Sogn og stundaði þar garðyrkju. Í ágúst 1978 hófu Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann rekstur eftirmeðferðarheimilis í Sogni. Nú er rekin þar réttargeðdeild fyrir afbrotamenn. Nú er rekið fangelsi á jörðinni og hún nýtt til beitar.
1917: Heimatún 4.9. Fjárhústún 1.0 ha, alls 5.9 ha, allt slétt. Garðar 1250 m2.

**ÁR-514:001** *Sogn* bæjarhóll bústaður 63°59.873N 21°07.995V
“Bæjarnafninu Sogn hafa ýmsir velt fyrir sér og sett það í samband við norsku merkinguna Sogn (fjörður). Afi minn Ögmundur Ögmundsson bar það ævinlega fram Sodn eða Sotn. Í tilvitnun í handrit í Þjóðsögum Jóns Árnasonar III, bls. 48 er sagt að í handriti standi Soðn. Kannske er þarna á ferðinni eldri mynd af nafninu,” segir í örnefnalýsingu. Í skýrslunni Hengill og umhverfi eftir Kristinn Magnússon segir: “ Bæjarhóllinn (nr. 767) er um 50 m vestsuðvestan við hús Réttargeðdeildarinnar á Sogni. Þar sjást engar rústir en aðeins vottar fyrir hól í sléttuðu, grasi grónu túni. Hóllinn er um 45m í þvermál. […] Gamla bæjarstæðið á Sogni hefur verið sléttað. Enn stendur þó eftir áberandi hóll sem eflaust geymir leifar

# Túnakort Sogns ÁR-514




Byggt á túnakorti frá 1920

bygginga og mannvistarlaga frá þeim tíma er bærinn stóð á þessum stað..” Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920, suðvestarlega í heimatúninu. Hann er um 130 m vestan við núverandi byggingar á Sogni. Bærinn brann en ekki er vitað hvenær, í kjölfarið var hann fluttur. Stafnar eldri bæjarins snéru til suðurs og þaðan víðsýnt yfir Ölfusforir.

Sléttað var yfir bæjarhólinn en þar eru ekki byggingar á yfirborði. Hóllinn er sléttur, grasivaxinn og sést sem hæð í túninu. Hann er 50x30 m að stærð, 0,2-1 m á hæð og snýr austur-vestur. Vírgirðing liggur yfir vesturhluta hans, meðfram Bæjargilinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sogn, 9; Túnakort 1920; Kristinn Magnússon, 65, 69



Bæjarhóll ÁR-514:001, horft til austurs.

**ÁR-514:002** heimild um útihús 63°59.855N 21°07.840V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 130 m austan við bæ 001, austast í túninu. Það er horfið, þarna eru núverandi byggingar á Sogni og mikið jarðrask tengst þeim.

Grónir bakgarðar við húsin á Sogni eru hér nú. Grónir bakgarðar við húsin á Sogni. Tún eru til suðurs. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-514:003** tóft útihús 63°59.866N 21°08.080V

Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi, segir: «Um 33m vestur af bæjarhólnum […] um 5,8m x 3,9m að stærð og vegghæð um 1,3m. Rústin snýr NV-SA með op í SA-horni, á langhlið. […] hefur verið byggt inn í gilbarminn […]. Tóft þess sést enn. […] Veggirnir eru hlaðnir úr gjóti og má víða sjá steinsteypu á milli steinanna.» Útihúsið er rúmum 70 m vestan við bæ 001, Bæjargilið er á milli. Brött brekka er til austurs frá tóftinni, niður að Bæjargili. Ræktað tún er allt umhverfis tóftina sem nýtt er til hrossabeitar.



Tóft ÁR-514:003, horft til NNA.




Teikning af útihúsi 003.

Tóftin er 5,8x3,9 m að stærð, einföld og snýr VNV-ASA. Op er í suðausturhorni, frá hryggnum sem tóftin er grafin inn í. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og það glittir í 2-3 umför af grjóti í steypunni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Kristinn Magnússon, 68

**ÁR-514:004** *Hesthúsin* tóft hesthús 63°59.944N 21°08.195V

“Hesthúsin: stóðu á gilbarminum norðvestur af flötinni, sér enn fyrir tóftum,” segir í örnefnalýsingu.




Uppdráttur af tóft 004.



Hesthús ÁR-514:004, horft til austurs.

Hesthústóft er rúmum 200 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 80 m norðan við tóft 015. Í skýrslunni Hengill og umhverfi segir: "Um 95m ofar (NV) í brekkunni er leifar nýlegrar byggingar. Um er að ræða mosavaxna dæld með hleðslu í kring úr vikursteini. Rústin er um 10,7m x 5,3m að stærð og liggur ANA-VSV." Í skýrslu Ágústar Dalkvist um örnefni á Sogni segir: "Hesthúsin: Stóðu á barmi gilsins sem Miðtungulækur rennur í, norðvestur af Hesthúsaflötinni. Sér enn fyrir tóftum." Tóftin er ekki forn að sjá og veggir gerðir úr múrsteinum og holsteini.
Mosavaxinn hvammur, milli Fosslækjar til suðurs og Miðtungulækjar til austurs. Tóftin er ofarlega á tungu á milli lækja, vírgirðing er fast sunnan hennar.
Tóftin er 11 x 5,5 m að stærð og suðurhluti hennar er einungis varðveittur. Ekki er ljóst af hverju hina veggina vantar, líklega var efni borið í burtu eða tóftin rifin. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1 m á breidd og eingöngu úr múr- og holsteinum. Að norðan er brún í jarðveginum en tilgangur hennar er óviss.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Kristinn Magnússon, 67; Ágúst Dalkvist, 9; Ö-Sogn, 2

**ÁR-514:005** varða 63°59.862N 21°08.351V



Varða ÁR-514:009, horft til NNV.

Varða er á stórum, stakstæðum kletti um 90 m norðvestan við Litla-helli 010 og 290 m vestan við bæ 001. Hún er á austurbún Hellisfjalls og víðsýnt er til austurs frá henni.
Gróinn mói. Mosi er áberandi á svæðinu og brattir klettar eru fast austar.
Varðan er uppi á kletti og hlaðin úr grjóti. Steinninn er 1,8 m á hæð og allar hliðar hans brattar. Varðan er 2 m að grunnfleti og 0,4 m á hæð. Í henni eru 3-4 umför af grjóti sem hrúgað er saman frekar en að um vandaða hleðslu sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-514:006** varða 63°59.996N 21°07.836V
Varða er 260 m NNA við bæ 001 og rúmum 150 m norðan við vörðu 007. Hún er uppi á móbergshrygg sem liggur að bænum úr norðri. Varðan er í hvarfi frá bænum og tilgangur hennar er óljós.
Varðan er uppi á háum móbergsás, á sléttri klöpp. Allt umhverfis hana er mosi og móberg kemur víða í gegnum svörð.
Varðan er vel hlaðin, úr smáum, grónum móbergssteinum. Víða er tekið að hrynja úr henni. Hún er 0,7 m á hæð og 2,5 m að grunnfleti. Járteinn stendur uppúr vörðunni miðri.
**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-514:006, horft til vesturs.



Varða ÁR-514:007, horft til austurs.

**ÁR-514:007** varða 63°59.915N 21°07.842V

Varða er uppi á móbergshrygg sem liggur til suðurs að bænum. Varðan er rúmum 150 m norðaustan við bæ 001 og um 150 m sunnan við vörðu 006. Hún sést vel frá bænum.

Varðan er uppi á háum móbergsás. Allt umhverfis hana er mosi og móberg kemur víða í gegnum svörð. Fyrir sunnan vörðuna er klettabelti og brekka að bænum.

Varðan er 2,5 m að grunnfleti og 0,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr smáu grjóti og ekki er um vandaða hleðslu að ræða, fremur eins og grjóti hafi verið staflað saman. Það er hægt að greina um 10-11 umför í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-514:008** *Hellismýri* álagablettur 63°59.804N 21°08.154V

"Hellismýri: Mýrin á milli Bæjargilsins og Hellisfjalls. Mýrin sú var álagablettur, mátti ekki slá. Þegar hún var slegin fyrst í búskap afa og ömmu (1903) brann bærinn um haustið. Oftast slegin þegar ég þekkti til. Nú ræst og ræktuð." Hellismýri er um 200 m suðvestan við bæ 001.

Hellismýri er framræst. Þar eru nú tún sem nýtt eru til beitar og sláttar. Ekki er ljóst hvort að álagabletturinn var á einhverjum ákveðnum stað eða öll mýrin undir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sogn, 2

**ÁR-514:009** *Stóri-Hellir* hellir fjárskýli 63°59.781N 21°08.302V

"Stóri-Hellir: Hellisgjögur í bergið ofan Hellisbrekku, sunnarlega í fjallinu, var notaður sem fjárhús áður. Notaður sem rétt þegar ég þekki til. Tók 100 kindur í innrekstri," segir í örnefnalýsingu. Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: "Stóri-Hellir er svo 98m suðsuðvestar. Fyrir framan þann helli er einnig hleðsla eða veggur sem er allt í allt um 6,7m á lengd og um 0,5m á hæð.



Stóri-Hellir ÁR-514:009, horft til vesturs.



Uppmæling af hleðslunni framan við hellinn.

Veggurinn hefur myndað einskonar aðhald og beint fénu inn í hellirinn sem bæði var nýttur sem fjárhús og rétt.” Hellirinn er um 300 m suðvestan við bæ 001 og 100 m sunnan við Litla-helli 010. Hann er enn uppistandandi en ekki nýttur.
Hellirinn er í Hellisbrekku, þar á mörkum kletta og gróinnar brekku. Efst í brekkunni eru háir hamrar en gróin brekka neðan þeirra, niður að Hellismýri 008.
Hellirinn er náttúrulegur og mesta lofthæð er 1,5 m. Hann er opin til austurs og þaðan er víðsýnt. Innst í hellinum eru tvö lítil gjögur, mögulega var hægt að skipta honum í fleiri hólf. Það eru þó ekki berghöld eða aðrar ristur í veggjum hellisins sem styðja þá tilgátu. Hleðslan fyrir framan hellinn sést enn, hún er afar sigin. Hún er líkust öngli í laginu, og snýr norðaustur-suðvestur. Það er gróið yfir alla steina í veggnum. Réttin var opin til suðurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2; Krisinn Magnússon, 68

**ÁR-514:010** *Litli-Hellir* hleðsla fjárskýli 63°59.831N 21°08.263V
“Litli-Hellir: Lítið gjögur undir stóru bjargi, sem fallið hefur úr fjallinu. Þar voru í mínu minni, hlaðnir kampar og einhvern tíman notað sem fjárhús,” segir í örnefnalýsingu. Í skýrslu Kristin Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: “Fyrir framan hellisskútann eru grasi grónar hleðslur, um 0,4m á hæð. Þessi veggjastubbar eða hleðslur hafa myndað inngang inn í hellinn sem var nýttur sem fjárskýli.” Litli-hellir er tæpum 230 m vestan við bæ 001 og um 80 m sunnan við Trippakofa 017.
Litli-hellir er í gróinni brekku, neðarlega. Allt umhverfis er gróið svæði sem nýtt er til beitar.
Litli-hellir er lítill og þegar skásetjari var á ferðinni var mikið gras á svæðinu sem gerði minjarnar óskýrar. Hellirinn er um 0,8-1 m á hæð, skrásetjari komst ekki inn í hellinn. Tóftin er fyrir austan hellinn. Hún er 4 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til austurs en hvergi sést glitta í grjót í veggjum.



Teikning af forskála Litla-hellis 010.


Litli-Hellir ÁR-514:010, horft til SSV.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2; Kristinn Magnússon, 67

**ÁR-514:011** *Trippalækur* heimild um áveitu 63°59.857N 21°08.208V
“Trippalækur: Lækur sem rann ofan af fjallinu norðan Hellisfjalls. Mikill í leysingum, notaður til áveitu á Hellismýrina, bar oft með sér grjót,” segir örnefnalýsingu. Lækurinn sést enn, sunnan við Trippakofa 017. Hann er rúmum 180 m vestan við bæ 001 og tæpum 50 m suðaustan við tóft 017.
Hellismýri er framræst og ræktuð. Þar eru nú tveir stórir skurðir og svæðið er nýtt til beitar. Ekki er vitað hvar vatni var veitt úr læknum en engin ummerki sjást um það, hvorki við lækinn eða í Hellismýri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2

**ÁR-514:012** heimild 63°59.900N 21°08.119V
Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: « […] lítil kofatóft, um 3,2m x 2,5m að stærð,

liggur NV-SA, skeifulaga með op í SA. Líklega er hér um Trippakofann að ræða sem nefndur er í örnefnalýsingunni. Tóftin stendur á smá grasbala í gili sem Trippalækur fellur um. Kofinn stendur alveg við lækinn. Hún er grasi vaxin og lækurinn er farinn að naga svolítið af henni.» Hér er ekki farið rétt með örnefni, Trippalækur er nokkuð suðvestar, sunnan við tóft 017. Þessi tóft var skammt suðaustan við mót Fosslækjar og Miðtungulækjar. Tóftin er horfin nú og ekki um Trippakofa að ræða. Tóftin var skammt norðan við Fjárhústún, rúmum 110 m norðvestan við bæ 001.



Uppmæling af tóftinni frá árinu 2008.

Gilið er gróið og um 20 m breitt. Svæðið er gróið, mýrlengt og nýtt til beitar.
Engin ummerki um tóftina sjást á yfirborði. Ekki er ljóst af hverju hún er horfin, líklega hefur hún brotnað í lækinn en hann er ekki umfangsmikill. Árið 2008 var tóftin 3,2 x 2,5 m að stærð, einföld og snéri NNV-SSA.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Kristinn Magnússon, 67

**ÁR-514:013** *Kot* bæjarstæði bústaður 63°59.879N 21°08.235V
“Kot: (upp í Kot, uppi í Kot) Þar var bær ( í byggð 1896). Mun hafa verið stutt í byggð og bjó þar Eyjólfur Símonarson. Þar stóð heyhlaða, sér enn fyrir,” segir í örnefnaskrá. Bæjarstæði Kots sést enn, á túnakorti frá 1920 er útihús á sama stað. Tóftir bæjarins voru því notaðar áfram eftir að hann féll úr ábúð. Kot var rúmum 210 m vestan við bæ 001 og 50 m sunnan við Ærhús 015. Tóftir 014 og 017 tileyrðu líklega þessum bæ.
Gróið tún, fast austan við Hellisfjall. Svæðið er í halla til suðausturs, niður að Hellismýri.
Kristinn Magnússon lýsir minjunum svohljóðandi: “Um 10m NA er grasi gróin dæld, líklega leifar



Teikning af Koti 013.


Kot ÁR-514:013, horft til norðvesturs.

byggingar, mikið sokkin. Hún er 9,7m x 9m að stærð með hvilft eða dýpri dæld í miðju. Mjög illgreinanlegt.” Bæjarstæðið er 14x14 m að stærð og 0,2 m á hæð. Tóftin er sigin og sést illa. Hún er skeifulaga og þúst er til suðvesturs, mögulega veggur. Tóftin er opin til suðausturs. Það er líklega tóft hlöðunnar sem enn sést hér. Þeir eru 0,2 m á hæð og algrónir. Til suðausturs sést kantur, mögulega hluti af bæjahúsunum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2; Túnakort 1920

**ÁR-514:014** þúst útihús 63°59.874N 21°08.258V
Þúst er 2 m norðvestan við Trippakofa 017 og um 170 m vestan við bæ 001. Útihúsið er ekki sýnt



Þúst ÁR-514:014, horft til austurs.

á túnakorti frá 1920, líklega var hún fallin úr notkun þegar kortið var gert. Kristinn Magnússon lýsir þústinni í skýrslu sinni Hengill og umhverfi: “Fast upp við tóftina [017], rétt fyrir ofan hana er ógreinileg, grasi gróin, þúst með smá hvilft í miðju. Hugsanlega náttúrulegt fyrirbæri. Engir steinar greinanlegir. Þústin er um 5,8m x 5,2m að stærð.” Þetta mannvirki var líklega hluti af húsakosti Kots 013.
Gróið tún, fast austan við Hellisfjall. Svæðið er í halla til suðausturs, niður að Hellismýri.
Þústin er 6x5 m að stærð, 0,2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni miðri er dæld og óljós hryggur liggur til suðausturs, mögulega ummerki um hólf.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2; Kristinn Magnússon, 70

**ÁR-514:015** *Ærhús* tóft fjárhús 62°59.906N 21°08.245V
“Ærhús: Stóðu í brekkunni norðan Kots, sér enn fyrir,” segir í örnefnalýsingu. Tóftin er sýnd á túnakorti frá 1920 innan fjárhústúns, stakstæðs túns vestan við heimatúnið sjálft. Ærhúsin eru 210 m VNV við bæ 001 og rúmum 40 m norðan við Kot 014. Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: “ […] er tóft upp í grasi gróinni brekku, vestan við Trippalæk. Lýsingin passar við ærhúsið. Mosa- og grasivaxin tóft. Greina má stalla meðfram veggjum sem líklega eru garðar. Veggir hafa verið úr torfi og grjóti og greina má vel um sex raðir hleðslusteina í veggjum. Tóftin er 11,2m x 11,3m að stærð og liggur NV-SA og vegghæð mest um 1,2m. Tvö hólf eru á tóftinni með sitthvorum innganginum sem snúa báðir í SA.”
Tóftin er norðan við Hellisfjall, ofarlega í gróinni brekku. Það er ekki búið að slétta yfir svæðið en það



Fjárhús ÁR-514:015, horft til suðausturs.




Teikning af fjáhúsum 015.

er innan túns sem nýtt er til beitar.
Litlu er við fyrri lýsingar að bæta. Það eru 2-3 umför af grjóti í veggjum, þeir eru hlaðnir úr móbergi sem víða er að finna í nánasta umhverfi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2; Túnakort 1920; Kristinn Magnússon, 68

**ÁR-514:016** *Stígurinn* heimild um traðir 63°59.840N 21°08.001V
“Stígurinn: Vegurinn heim að bænum (heimreiðin) var alltaf nefndur svo í daglegu tali. “Niður Stíg, austur Brú”,” segir í örnefnalýsingu. Traðirnar að bænum eru sýndar á túnakorti frá 1920. Þær lágu til suðurs frá bæ 001, hér erum sama stað og Stíg að ræða.

Núverandi malarvegur að bænum er á sama stað og heimreiðin lá. Slétt tún er til beggja átta og öll ummerki um heimreiðina eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 3; Túnakort 1920

**ÁR-514:017** *Trippakofi* tóft hesthús 63°59.873N 21°08.252V
“Trippakofi: Kofi á austurbakka lækjarins, sér enn fyrir,” segir í örnefnalýsingu. Trippakofi er sýndur innan Fjárhústúns, stakstæðs túns á túnakorti frá 1920. Trippakofi er tæpum 10 m suðaustan við Kot 013 og rúmum 200 m vestan við bæ 001. Kofinn tilheyrði eflaust Koti 013 en var áfram í notkun eftir að ábúð þar lagðist af.
Gróið tún, fast austan við Hellisfjall. Svæðið er í halla til suðausturs, niður að Hellismýri.
Í skýrslu Kristins Magnússonar er tóftinni lýst svo: «Greinilegustu fornleifarnar er lítil tóft, 6,6m x 6,4m að stærð, eitt hólf og inngangur á SA-hlið. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin en greina má enn hleðslugrjót í veggjum. Vegghæð er mest 0,8 m.» Litlu er við þessa lýsingu að bæta. Tóftin er algróin



Trippakofi ÁR-514:017, horft til suðausturs.




Uppmæling af hesthúsi 017 ásamt nálægum minjum.

og það má sjá 1-2 umför af grjóti í veggjum. Það er einna greinilegast til suðausturs, við opið. Veggirnir eru lægri að utan en innan, þeir eru 0,2-0,4 m á hæð þar þar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2: Túnakort 1920; Kristinn Magnússon, 70

**ÁR-514:018** *Stekkatún* tóft stekkur 63°59.721N 21°08.418V
“Stekkatún: Lítill hóll rétt austan við götuna á syðri gilbarminum, Sér enn fyrir stekknum,” segir í örnefnalýsingu. Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: “Um 140m SV (í loftlínu), við enda múlans/fjallsins er tóft […] Hún er grasi gróin, á litlum hól norðan við lítinn læk. Vegur eða




Teikning af stekk 018.



Stekkur ÁR-514:018, horft til SSA.

reiðstígur hefur verið lagður utan í hólinn. Tóftin er 11,4 m x 10,8m að stærð, tvö hólf og inngangur á NA-hlið. Vegghæð um 1m. Svo virðist sem veðrast hafi af austurenda tóftarinnar." Stekkurinn er rúmum 430 m suðvestan við bæ 001, sunnan við Heimri kleif 035. Stekkurinn er fast sunnan við þjóðleið ÁR-720:018.
Tóftin er á grónum, stakstæðum hól á mörkum mýra til suðrus og holta að norðan. Allt svæðið er gróið og þar ernú útivistarsvæði og reiðstígur.
Stekkurinn er 11x11 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Litlu er við lýsingar Kristins að bæta. Hólf 1 er norðvestar og hærra uppi en hin hólfin. Veggirnir eru algrónir en hér og þar glittir í steina. Aðrekstrargarður liggur að stekknum að norðaustar, og má segja að þar sé þriðja hólfið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 4

**ÁR-514:019** *Stóri-Einbúi* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°59.561N 21°08.504V


Stóri-Einbúi ÁR-514:019, horft til suðurs.

"Stóri-Einbúi: (Einbúinn, afbæjamenn kölluðu Sognseinbúa). Klettahóll í Einbúamýri, klofinn í kollinn. Í honum var gott skjól fyrir búfé. Þar bjó huldufólk samkvæmt þjóðsögum. Jafnvel álfakirkja," segir í örnefnaskrá. Í skýrslu Kristin Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: "Stóri-Einbúi er stór klettahóll sem stendur upp úr blautri mýri, Einbúamýri. Klettahóllinn er um 266m sunnan við stekkinn [sjá 018]." Stóri-Einbúi er um 720 SSV við bæ 001 og rúmlega 160 m ASA við áfangastað 040. Hóllinn sker sig úr út úr landinu og er auðgreinanlegur úr mikilli fjarlægð úr öllum áttum. Umhverfis Stóra-Einbúa er mýrlendi og þekur mýrastör og annar votlendisgróður stóran hluta af gróðurþekjunni.
Stóri-Einbúi er 60x40 m að stærð og snýr svo að segja austur-vestur. Hann er rúmlega 60 m hár. Einbúinn er grösugur til norðurs og suðurs, en gróðursnauður og erfiður yfirfærðar til austurs og vesturs. Í skýrslu Kristin Magnússonar er Stóra-Einbúa lýst svo: "Hann er um 70m x 50m að stærð. Engar sýnilegar tóftir eru á hólnum en sögusagnir eru um að þar hafi huldufólk búið [...]. Hann er stór og áberandi klettur sem rís upp úr flatlendinu í kring.
Það er því ekki skrítið að frásagnir um Álfakirkju hafi tengst klettinum.»
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 4; Kristinn Magnússon, 68, 69

**ÁR-514:020** *Mór* náma mógrafir 63°59.337N 21°08.750V
"Mór: (niður í mó, niðri í mó). Mótak syðst í Klettamýri. Besta mótakið á jörðinni Sogn," segir í örnefnaskrá. Mógrafir er um 1,2 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við áveituskurð, sem er á landamerkjum milli Sogns og Gljúfurárholts ÁR-515.
Búið er að ræsa fram syðsta hluta Klettamýrar og er það nú (2017) nýtt til hrossabeitar. Landið er gróið og ríkt af stinnastör. Greina má fáeinar moldarflákir hér og þar, einkum upp við fyrrgreindan áveituskurð. Engin ummerki um mógrafir sjást á yfirborði. Líkast til hafa þær verið fylltar þegar túnið var framræst.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 4

**ÁR-514:021** *Borgarkvos* tóft fjárskýli 63°59.887N 21°07.609V
"Borgarkvos: Grastunga á milli Djúpagilslækjar og lítils lækjar, sem kom upp við suðurenda Leynis. Þar sem hún er hæst eru leyfar af einhverri byggingu, líklega fjárborg," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 100 m norðaustan við tóft 036 og tæpa 320 m austan við bæ 001. Sé tekið mið af yfirferð örnefna í örnefnaskrá er tóftin í svokallaðri Borgarkvos.
Tóftin er í grónum hvammi. Þar eru lækir til austurs og vesturs, mikið gras, mosi og annar gróður.



Tóft ÁR-514:021, horft til suðausturs.




Teikning af tóft 021.

Svæðið er ekki nýtt til beitar.
Tóftin er 7x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 0,3-0,5 m á hæð og lækka til austurs. Í þeim má sjá 2-3 umför af smáum móbergssteinum. Ekkert rof er í veggjum en hrun er fyrir opinu. Tóftin er opin til suðurs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 5

**ÁR-514:022** *Réttarbali* tóft rétt 63°59.707N 21°07.555V
"Réttarbali: Móbergsholt. Þar var fjárréttin, sér enn fyrir. Vestan hans er fjárhús nú," segir í örnefnaskrá. Réttarbali er um 480 m suðaustan við bæ 001 og um 40 m norðaustan við áðurgreint fjárhúsi.
Tóftin er við rætur klettahryggar og efst á grösugum hól. Landið er vel gróið og hallar talsvert til austurs. Þegar því sleppir tekur við smáhæðótt graslendi með mosavöxnum rimum og eru lítil rofaborð sjáanleg hér og þar.
Réttin er 18x6 m að stærð og snýr ANA-SVS. Hún er ferhyrnd, einföld og auðveldalega má sjá 3-4 umför af stórgrýti í grjóthleðslum. Að vestan afmarkar 2-3 m hár klettarhryggur tóftina og eru dyr á




Teikning af rétt 022.



Rétt ÁR-514:022, horft til suðurs.

norðausturhorni hennar. Mesta veggjahæð er 0,7 m og eru veggir 1 m breiðir. Austurveggur tóftarinnar er grafinn um 0,5 m inn í hól. Engin greinileg ummerki eru um að réttinni hafi verið skipt upp í smærri hólf því botn hennar er frekar sléttur og grasivaxinn. Tóftin er fremur vel varðveitt, en til austurs má sjá leifar grjóthruns úr tóftinni, bæði innan hennar og utan, sem tekið er að gróa yfir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 6

**ÁR-514:023** heimild um útihús 63°59.891N 21°08.123V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 austan við tóft 015 og rúmum 90 m VNV við bæ 001, í

Fjárhústúni. Það var stakstætt tún vestan við Bæjarlækinn. Það er horfið en var á holti eða hrygg norðan við Hellismýri.
Slétt, gróið tún. Það er nýtt til beitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-514:024** *Brúin* heimild um leið 63°59.684N 21°09.681V
"Brúin: Gamall þjóðvegur, lagður og ofaníborinn, frá melnum suðvestan Réttarbalans [sjá 022] og að Bæjargilinu. Brúin skipti mýrinni í mýrina "fyrir ofan brúna" og "fyrir neðan brúna"," segir í örnefnaskrá. Brúin var líklega á sama stað og núverandi þjóðvegur. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909 og var hluti af þjóðvegi ÁR-720:018.
Núverandi þjóðvegur er í framræstri mýri. Gera má ráð fyrir að þarna hafi verið hlaðin brú. Svæðið er nýtt til beitar.
Engin ummekri um Brúnna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 6

**ÁR-514:025** *Sel* tóftir sel 64°00.774N 21°08.585V



Teikning af seli 025.

"Sel: Þýft móbarð og melar norðvestan Sogna. Vatn frá því fellur í litlu gili í Selá í Seldalnum. Þarna var selstaða frá Bakkárholti í Skiptum fyrir engjaland. Notkunarréttur fallinn niður vegna vannota Bakkárholts, 1703 (Jarðab. A.M.). Sér enn fyrir tóftum," segir í örnefnalýsingu. Selið er rúman 1,7 km NNV við bæ 001 og rúma 880 m vestan við Seldal 026. Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: "Milli fjallsins Sogna og Reykjafjalls er dalur. Selrústir eru í þessum dal. Þær eru á grasivöxnum velli sem liggur undir Reykjafjalli og hallar til suðurs. Milli vallarins og Reykjafjalls er lítið gil sem liggur meðfram fjallinu en sveigir svo til austurs norðan Sogna í átt að Selgili og Gljúfurá. Í gilinu er lækur. Selrústirnar eru við gilbrúnina."
Selið er á grónu svæði, skammt norðan við vírgirðingu sem afmarkar land Sogns. Mosi, gras og elfting er áberandi.
Tvær tóftir eru á svæði sem er 18x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í lýsingu þessari fá þær bókstaf til aðgreiningar. Í skýrslu Kristins segir: Tóftirnar eru tvær, vaxnar grasi og mosa. Syðri tóftin


Tóft ÁR-514:025a, horft til suðurs.


Tóft ÁR-514:025b, horft til suðausturs.

[B] er 7,2m x 5m að stærð, liggur NV-SA, með einu hólfi og inngangi á NV-hlið. Við SA-horn tóftarinnar er lítil þúst, 3,6m x 2m að stærð, sem annað hvort er lítið útskot eða hólf. Um 2-3m NV er önnur tóft [A]. Tengt henni er hólf eða garður sem gengur í boga út frá suðurenda rústarinnar. Við norðurenda rústarinnar er bil milli garðsins og hennar og gæti þar hafa verið inngangur í hólfið. Inngangur hefur verið í rústina sjálfa í norðurendanum." Tóft A er norðvestar, á gilbrún. Hún er um 9x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í þrjú hólf og hefst lýsingin til norðausturs, á hólfi 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op var líklega til norðurs. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og 2-3 m á breidd. Þeir eru algrónir og hvergi glittir í grjót. Þeir eru mjög grónir og hæstir að innan. Mögulega var einnig op til suðurs. Hólf 2 er suðvestar. Það er 2x2 m að innanmáli, veggirnir eru 0,4 m á hæð og 2-3 m á breidd. Þeir eru algrónir. Op er til norðurs, yfir í hólf 3. Það er 4x2 m að sinnanmáli og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og op er til norðurs. Tóft B er 2 m suðaustar. Hún er 9x6 m á stærð, einföld og snýr ASA-VNV. Tóftin er opin til norðvesturs. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og rof er í suðausturhorni. Ekki sér til fleiri mannvirkja á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 7; Kristinn Magnússon, 71-72

**ÁR-514:026** *Seldalur* tóftir sel 64°00.752N 21°07.495V

"Seldalur. Gróið dalverpi suðaustur af Selásnum, suður að ármótum Gljúfurár og Selár. Sognseldalur vestan Gljúfurár, Gljúfursseldalur [ÁR-513:011] austan. Þar var sel frá Sogni, sér enn tóftarbrot. Stundum var heyjað þar, aldrei í mínu minni," segir í örnefnalýsingu. Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: "Sel var í Gljúfursseldal sem er austan Gljúfurár. Rústir þessa sels eru á smá flöt á tanga er liggur á milli Selár og Gljúfurár. Hugsanlegt er að flötin hafi verið heyjuð. Þrjár tóftir eru fyrir ofan flötina. Þær eru fornlegar að sjá, engar hleðslur eru sýnilegar en þó sést í stöku stein. Eru vaxnar grasi og mosa. Syðsta tóftin (nr. 786) er 8,5m x 4,1m að stærð, liggur NA-SV, með inngang á SV-hlið. Rúmum 2m í NV er önnur tóft á litlum grasivöxnum hól. Hún er 9,2m x 7,3m að stærð og liggur NV-SA. Tvö hólf virðast vera á tóftinni og greina má inngang í annað hólfið, á SA-hlið. Tæpa 8m vestar er þriðja tóftin. Um er að ræða fremur ógreinilega þúst, 6m x 6m að stærð. Hvilft er í miðju en ekki er hægt að greina inngang." Selið er rúmum 880 m austan við sel 025 og tæpum 1,7 km norðan við bæ 001. Selið er líkt og segir í örnefnalýsingu, vestan við Gljúfurá, þarna eru tær tóftir auk tveggja óljósari mannvirkja.



Teikning af seli 026.


Tóftir ÁR-514:026a og 026b, horft til suðausturs.


Tóft ÁR-514:026c, horft til vesturs.

Rafmagnsgirðing á merkjum Sogns og Gljúfurs ÁR-513 er 50 m austan við selið. Selið er á gróinni tungu, þarna er mosi, lyng og elfting áberandi. Landið lækkar til suðvesturs, að ánum. Mýrarvik, að Selá, er sunnan við tóftirnar.
Svæðið er 50x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóll A er stærstur og greinilegastur á svæðinu. Þetta er rústahóll og mikið af uppsöfnuðum mannvistarlögum er í honum. Hóllinn er 16x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það má greina a.m.k. 5 hólf en þau gætu verið fleiri. Tóftin var mjög gróin þegar skrásetjari var á ferðinni. Gras var í mittishæð á köflum. Líklega eru hér tóftir frá nokkrum tímabilum. Hólf 1 er syðst, þar sem hóllinn er lægstur. Það er 4x2 m að innanmáli og opið til suðvesturs. Stórþýft er inni í hólfinu, Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og algrónir. Hólf 2 er norðvestar, Það er óljóst, framhlið þess horfin. Líklega var hólfið opið til suðvesturs. Það er 4x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Útveggir tóftarinnar (hólsins) sjást til allra átta. Þeir eru 0,4-0,6 m á hæð og algrónir. Norðurhluti tóftarinnar eru hærri, þar sést hóll undir hólfunum sem áður er lýst. Hólf 3 er í miðri tóftinni. Það er 3,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð að innan en 0,3 m að utan. Hólfið er opið til norðvesturs. Hólf 4 er norðar. Það var óljóst vegna gróðurs en er 3x3 m að innanmáli. Op inn í það er óljóst, suðurhorn veggja sést einna best. Líklega var op á norðurvegg. Veggir eru 0,3-0,5 m á hæð. Hóllinn sjálfur er 0,2-0,4 m á hæð. Tóft B er 1 m norðvestar. Hún er mun minni og óljósari en tóft A. Hún er 5x5 m að stærð, suðausturhornið sést einna best. Þar er jafnframt lítið veggjarbrot. Tóftin er líklega opin til norðausturs. Tóft C er 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er opin til vesturs. Tóftin er einföld, veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð. Þetta gætu verið lyngi- og mosavaxnar kvíar. Þúst D er óljós, þar mótar fyrir veggjarbroti. Það er 0,2-0,3 m á hæð. Þústin er lyngi vaxin. Þetta er mögulega suðvesturhorn tóftar sem að öðru leyti er horfin af yfirborði.


Þúst ÁR-514:026d, horft til norðurs.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 7; Kristinn Magnússon, 73-74

**ÁR-514:027** *Prestsbrú* heimild um brú
“Prestsbrú. Leyfar af gamalli kakkabrú sunnarlega í Gerðinu. Gerð fyrir Arnarbælisprest til þess að auðvelda honum för á annexíuna á Reykjum,” segir í örnefnalýsingu. Prestbrú var í Sognsengjum, í svokölluðum Ölfusforum. Sognsengjar voru sunnan við Reykjaengjar og norðan við Arnarbælisengjar. Ekki er vitað hver Prestsbrú var staðsett, Ölfusforir hafa tekið miklum breytingum með framræslu og áveitu sem gerð var um miðja síðustu öld. Frekari heimidlir þarf til þess að staðsetja brúnna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 8

**ÁR-514:028** heimild um brú 63°59.814N 21°07.768V
“Vindleysa: Uppsprettulind, kom undan Kinnarhólum, rann til vesturs, þornaði á sumrin í þurrkum. Í henni voru steinar, sennilega leyfar af gömlum flórvegi,” Lindin sést enn en ekki flórvegurinn. Við lindina sjást seinar í deiglendi en þeir eru stakir og á víð og dreif. Þeir eru um 220 m ASA við bæ 001 og 40 m suðaustan við tóft 031.
Deiglendi, á mörkum holta og mýra. Þarna er gras, mosi og svæðið er nýtt til beitar.
Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 3

**ÁR-514:029** gata leið 63°59.681N 21°07.514V
“Gegnum Réttarbalann [022] sér fyrir gamalli götu og sporuðum klöppum og norðvestan hans er gamall

flórvegur [028] í mýrinni," segir í örnefnaskrá. Götur eru um 540 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 50 m SSA við Réttarbala 022. Svæðið var gengið en það gróið að stórum hluta og engin ummerki leiðarinnar sáust á yfirborði. Líklega var leiðin efst á klettahryggnum og lá þar norðvestur-suðaustur en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.


Leið ÁR-514:029, horft til VSV.

Göturnar liggja í gegnum þýft og fremur blómríkt svæði. Landið er fremur hallalítið en smáhæðótt. Sóleyjar og annar blómgróður er ríkjandi til suðurs, en er norðar dregur taka við lágvaxnar graslendistegundir. Á þeim slóðum má sjá stór mosagróin björg hér og þar.

Göturnar sjást á rúmlega 200 m löngum kafla. Þær liggja svo að segja til norður-suður og auðveldlega má sjá 3-4 grasivaxna paldra, sem eru um 0,3 m djúpir og eru saman 2-3 m á breidd. Botn gatnanna er nær algróinn. Óljóst vottar fyrir vegslóðum austan og vestan megin við göturnar og fara þeir þvert í gegnum þær á norðurhluta þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sogn, 6

**ÁR-514:030** *Gamli-Garður* heimild um heygarð 63°59.883N 21°07.983V

"Gamli-Garður: Hóll norður af bænum. Sást vel fyrir heystæðum (beðum). Þar var heygarðurinn fram yfir aldamót að afi byggði heyhlöðu í bæjarröðinni," segir í örnefnalýsingu. Gamli-Garður var skammt norðan við bæ 001 en ekki er vitað hvort að hann var hluti af bæjarhólnum sjálfum. Hnit var tekið 10 m fyrir norðan bæ 001, þar mótar fyrir hól í túninu. Ekki er hægt að greina annan hól á svæðinu.

Slétt, grasivaxið tún í halla til suðurs.

Engin ummerki um Gamla-Garð sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sogn, 3

**ÁR-514:031** *Sauðhúsflöt* tóft fjárhús 63°59.891N 21°07.801V

"Sauðhúsflöt: Tunga austan lindarinnar og að múri, þar var sauðahús," segir í örnefnalýsingu. Tóft fjárhússins er tæpum 180 suðaustan við bæ 001 og 40 m vestan við leið 028. Hún er í brekku sem hallar til suðurs og rof er umhverfis hana. Hún var skammt austan við heimatúnið.

Tóftin er á mörkum mýrlendis til suðurs og holts til norðurs. Fyrir sunnan hana er melur og rof í jarðvegi. Tóftin er 8x6 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Hún er í halla til suðvesturs og sígur niður brekku. Austurveggur er raskaður og hluti hans er farinn niður brekkuna. Tóftin er algróin, veggirnir eru 0,3-1,2 m á hæð og hér og þar glittir í grjót. Veggirnir eru hæstir að innan. Tóftin er opin til SSV. Tóftin er ekki


Tóft ÁR-514:031, horft til NNA.



Teikning af tóft 031.

áberandi í landslaginu og sést ekki fyrr en komið er að henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 3

**ÁR-514:032** *Miðmorgunsvarða* heimild um eyktamark 63°59.861N 21°07.722V
"Miðmorgunsvarða: Stóð á miðri Kinninni í austur frá bænum," segir í örnefnaskrá. Miðmorgunsvarða er horfin en var um 230 m austan við bæ 001, uppi á móbergshrygg sem þar er. Ekki er vitað af hverju varðan er horfin, mögulega var efni í tóft 036 tekið úr henni.
Svokölluð Kinn er 10 m hár og brattur móbergshryggur sem skarar til suðurs úr Sognum. Hryggurinn hækkar til norðurs. Mosi og móberg er áberandi á svæðinu.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 3

**ÁR-514:033** *Blómtún* þjóðsaga 63°59.851N 21°07.753V
"Blómtún: Smábrekka með fjölgresi, suðvestan í Kinninni. Þjóðsögu heyrði ég um að eitt sinn var þessi brekka slegin, líklega fyrir orð húsfreyjunnar. Þá dreymdi hana að kom til hennar kona sem mælti af nokkurri reiði: "Illa gjörðir þú að láta slá túnið mitt, nú er ég heylaus fyrir mínar þrjár kýr." Húsfreyja bauð henni að taka hey úr garði sínum ágirndarlaust eftir þörfum, svo að ekki kom sök. Þær eru ekki þurftarfrekar álfakýrnar ef þessi brekka fóðraði 3 kýr, þó að hún hafi kannske verið stærri þá en hún var í mínu minni,» segir í örnefnaskrá. Blómatún er 70 m austan við útihús 002 og 200 m austan við bæ 001. Þetta er gróin brekka í halla niður svokallaða Kinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 3

**ÁR-514:034** *Lambhús* heimild um lambhús 63°59.902N 21°08.211V
"Lambhús: Stóð á flötinni við brekkufótinn neðan ærhúsanna," segir í örnefnaskrá. Lambhúsið er sýnt á túnakorti frá 1920, um 25 m austan við Ærhús 015 og um 160 m vestan við bæ 001.
Sléttur bali, fast við brekkuna. Svæðið var sléttað og er nú nýtt til beitar.
Engin ummerki um lambhúsin sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Sogn, 2; Túnakort 1920

**ÁR-514:035** heimild um brú 63°59.726N 21°08.401V
"Heimri-Kleif: Lítið gil, sem kemur ofan af þúfum, rennur í Bæjargilið skammt fyrir sunnan gömlu götuna. Á því var gömul brú á götunni suður af Hellisfjalli," segir í örnefnalýsingu. Brúin var 420 m suðvestan við bæ 001 og 15 m austan við stekk 018. Hún var notuð á þjóðleið ÁR-720:018 en er horfin. Ekki er vitað hvort hún var gerð úr timbri, hlaðin eða steinsteypt.
Yfir þjóðleið 720:018 er malarborinn reiðstígur og ræsi yfir Heimri-Kleif. Svæðið meðfram stígnum er gróið en hvergi sést til minja.
Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 4

**ÁR-514:036** tóft 63°59.866N 21°07.718V
Tóft er uppi á norðurhluta Kinnar, um 230 m austan við bæ og 10 m norðan við Miðmorgunsvörðu 032. Kinn er gróinn móbergshryggur sem skagar til suðurs úr Sognum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var gerð, hún er utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.
Svokölluð Kinn er 10 m hár og brattur móbergshryggur sem skarar til suðurs úr Sognum. Hryggurinn hækkar til norðurs. Mosi og móberg er áberandi á svæðinu.
Tóftin er norðarlega, uppi á Kinn og sést ekki fyrr en komið er að henni. Tóftin er 4x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Umfang veggjanna er lítið, þar mótar fyrir einfaldri móbergshleðslu í þeim. Þeir eru 0,1-0,2 m á hæð. Tóftin er opin til SSA. Stakstæður steinn er við suðausturhorn tóftarinnar.



Teikning af tóft 036.


Tóft ÁR-514:036, horft til norðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-514:037** hleðsla tún 63°59.846N 21°07.790V

Hlaðið gerði er fast austan við heimatúnið, á milli þess og Sauðahúss 031. Austurhluti þess er enn varðveittur norðan við tóft 032 og 160 m austan við bæ 001. Þetta eru að öllum líkindum ummerki um kálgarð. Kálgarðurinn liggur að læk til vesturs, mögulega afmarkaði hann þá hlið mannvirkisins. Hann er fast austan við heimatúnið líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.


Hleðsla ÁR-514:037, horft til SSV.

Kálgarðurinn er á mörkum mýrlendis til suðurs og Blómatúns 033 til norðurs. Til austurs er Kinn og mýrlendi til vesturs. Allt þetta svæði er gróið.

Kálgarðurinn er 23x14 m að stærð en vesturhliðin er horfin. Ekki er vitað hversu stór hann var upphaflega. Kálgarðurinn er U-laga og snýr NNA-SSV. Hann er í aflíðandi brekku til suðurs. Veggirnir eru 0,2-1 m á hæð og 0,2-1 m á breidd. Þeir sjást sem kantur á köflum til norðurs. Veggirnir eru algrónir, lágir og hvergi glittir í grjót.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-514:038** heimild um vatnsból 63°59.835N 21°07.884V

“Austurtún. […] Austast í því var lind, sem rann undan halla landsins, úr henni var leitt neyzluvatn 1926,” segir í örnefnalýsingu. Lindin var tæpum 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við útihús 002.

Vélgrafinn skurður liggur til austurs, að öllum líkindum frá lindinni. Hún sést ekki á yfirborði. Allt umhverfis eru ræktuð tún.

Engin ummerki um lindina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sogn, 3

**ÁR-514:039** heimild um myllu 63°59.835N 21°08.062V

“Bæjarlækur […] Í honum er nú fiskeldi en áður var mylla við lækinn,” segir í skrá sem Ágúst Dalkvist tók saman um örnefni í Sogni. Ekki eru til aðrar heimildir um mylluna en Ágúst staðsetur hana um 80 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 160 m austan við Litla-helli 010.

Myllan var í gili Bæjarlækjarins en öll ummerki hennar eru horfin. Fyrir vestan hana er vélgrafinn skurður í Hellismýri, hann liggur að Bæjarlæknum á þeim stað sem myllan var.

Engin ummerki um mylluna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 9

**ÁR-514:040** náttúrumin áfangastaður 63°59.557N 21°08.702V


Áningarstaður ÁR-514:040, horft til norðvesturs.

"Klettarnir, Sognsklettar: Móbergsklettar eða hnúkar, að mestu suðaustan götunnar, vestan Einbúagils. Vinsæll áningarstaður meðan þjóðleið lá þar," segir í örnefnaskrá. Áningastaðurinn er um 820 m suðvestan við bæ 001 og um 160 m vestan við Stóra-Einbúa 019.
Klettarnir eru milli fjallshlíðar annars vegar og deiglendis hins vegar. Landið umhverfis er störum vaxið og fremur sléttlent.
Klettarnir eru 130x40 m að stærð og snúa svo að segja austur-vestur. Mesta hæð er um 70 m. Klettarnir henta vel sem áfangastaður og er jarðvegur þar þurr í annars deiglendu umhverfi, eins og fyrr segir. Hlíðar þeirra eru grösugur og aflíðandi; vegna þess eru þeir auðveldir yfirferðar. Þeir standa hátt upp úr landinu og er gott útsýni til allra átta frá minjastaðnum. Ennfremur veita klettarnir gott skjól í hvassviðrum. Ekkert þekkt vatnsból er í grennd við minjastaðinn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 4

**ÁR-514:041** gata leið 63°59.485N 21°08.337V
"Þessi þrjú nöfn eru komin af því að heybandsgata lá upp með [Bæjar]Gilinu og voru þessar keldur mikill farartálmi áður en brýr voru settar í þau," segir í örnefnaskrá. Leiðin er um 790 m sunnan við bæ 001 og rúmlega 180 m suðaustan við Stóra-Einbúa 019.
Leiðin liggur í gegnum nokkuð þýft land sem hallar lítillega til suðausturs. Fyrrgreint Bæjargil er um 40 m austan við leiðina og er gilið vel gróið, með aflíðandi hlíðum og er það sæmilega djúpt. Í því rennur lækur.
Leiðin er illgreinanleg, en það sér til hennar á 40 m löngum kafla og liggur hún nálega norður-suður. Leiðin er 2 m á breidd og með miklum vilja er hægt að sjá 3 grasivaxna paldra sem eru um 0,2 m djúpir. Hún liggur samhliða áðurgreindu Bæjargili, en minjasvæðið hefur tekið talsverðum breytingum á síðastliðnum árum, m.a. hefur verið lögð háspennulína, sem og línuvegur. Mjög sennilegt er að það hafi raskað leiðinniI að einhverju leyti.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 6

**ÁR-514:042** heimild um landamerki
"Úr stórri grjótvörðu á austur taglinu á Álúti; varða sú er hornmark millum Sogns og Reykjatorfunnar, Úlfljótsvatnsland að austan," segir í landamerkjalýsingu frá 1890 og birt er örnefnalýsingu Ágústar Dalvist. Þessi varða er týnd og finnst ekki. Björn Pálsson, fyrrum Héraðskjalavörður Árnesinga, hefur m.a. leitað að þessari vörðu án árangurs. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörðuna sem var á norðurmerkjum jarðarinnar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3

**ÁR-514:043** heimild um landamerki
"úr Efjumýrarvörðu [043] sömu stefnu til landsuðurs í stóran stein merktan efst í Klyptatungunum," segir í skrá Ágústar Dalvkist sem birtir landamerkjalýsing Sogns frá 1890. Þessi áletrun er týnd og finnst ekki. Björn Pálsson, fyrrum Héraðskjalavörður Árnesinga, hefur leitað að þessari áletrun án árangurs. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja áletrunina sem var á austurmerkjum jarðarinnar.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3; Ö-Sogn, 1

**ÁR-514:044** heimild um landamerki
"úr Efjumýrarvörðu [043] sömu stefnu til landsuðurs í stóran stein merktan efst í Klyptatungunum," segir í skrá Ágústar Dalvkist sem birtir landamerkjalýsing Sogns frá 1890. egir í landamerkjalýsingu frá 1890 og birt er örnefnalýsignu Ágústar Dalvist. Þessi áletrun er týnd og finnst ekki. Skrásetjari veit að Björn Pálsson, fyrrurm Héraðskjalavörður í Hveragerði, hefur leitað að þessari landamerkjum án árangurs. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja áletrunina sem vará austurmerkjum jarðarinnar.
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3

**ÁR-514:045** heimild um landamerki 63°59.341N 21°08.916V
"Mörkin eru úr steini (merktum) efst við Haukamýrargljúfur, þvert vestur Stórumýri í "stefnu á Varghól" (svo í bréfinu) í hlaðna vörðu (Markavörðu) vestur undir Múla," segir í örnefnaskrá. Í Skrá Ágústar Dalkvist segir: "skammt austur af Varghól er hornmarksvarða millum Sogns og Gljúfurholts." Varðan var tæpum 1,2 km suðvestan við bæ 001 og rúmlega 140 m vestan við Mógrafir 020.
Á þessum slóðum er óræktað tún sem nýtt er til hrossabeitar.
Engin ummerki um vörðu sjást á yfirborði. Landið hefur tekið róttækum breytingum á undanförnum árum og hefur það verið ræst fram með voldugum áveituskurðum, sem liggja á landamörkum Sogns og Gljúfurárholts ÁR-515. Það er líklegt að varðan hafi lent undir skurðinum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Sogn, 4

**ÁR-514:046** varða landamerki 64°00.035N 21°08.886V
"úr þeirri vörðu [045] í grjótvörðu, sem stendur á mörkuðum steini á fjallsbrúninni upp af Fögrubrekku, Reykjatorfuland að vestan," segir í örnefnaskrá Ágústar Dalkvist, þar er birt landamerkjalýsing Sogns frá 1890. Varðan er um 770 m norðvestan við bæ 001 og rúma 550 m norðvestan við vörðu 005. Varðan sést enn, áletrunin er hins vegar ekki sjáanleg.


Varða ÁR-514:046, horft til vesturs.

Gróið dalverpi. Til vesturs er fjallsbrún Reykjafjalls, varðan er í klettum þar. Klettarnir eru 2-5 m á hæð og grýtt svæði þar ofar.
Varðan er hrunin en er á flötum kletti. Hún er 2 m að grunnfleti og mosi er fyrir henni að stórum hluta til vesturs. Það má enn greina 2 umför af grjóthleðslum og varðan er 0,2 m á hæð. Ekki er að sjá áletrun í klettunum en hér er afar líklega um sama stað að ræða og getið er í örnefnalýsingu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3

**ÁR-514:047** heimild um landamerki
"úr þeirri vörðu [046] eptir merkjavörðum vestan við svokallaða Sognsbotna alla leið inní áður nefnda hornmarksvörðu [042] á austur taglinu á Álúti." segir í landamerkjalýsingu frá 1890 og birt er örnefnalýsingu Ágústar Dalvist. Ekki sáust ummerki um landamerkjavörður þegar skrásetjari gekk yfir svæðið. Ekki var farið alla leið að Álúti. Ekki er vitað hversu margar þessar vörður voru eða hvort að umfang þeirra var mikið. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörðurnar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3

**ÁR-514:048** heimild um landamerki

"Engjastykki á Sogninu millum Reykjatorfunnar að vestan, Arnarbælis og Bakkarholtstorfunnar að sunnan og austan og Kotstrandar að norðan. Mörk á engjastykki þessu eru: Úr svokölluðum Farkeldupytti hornmark við Arnarbælistorfuna; úr Farkeldupytti stefna til austurs til næstu vörðu, við þá vörðu snýst stefnan til hafsuðurs, því Bakkarholtstorfulandið gengur þar styttra fram en Arnarbælistorfulandið til næstu vörðu, sú varða er hornmark millum Sogns og Bakkarholts, Arnarbælistorfulandið að vestan, við þá vörðu snýst stefnan til austurs í vörðu fyrir austan Sandá, varða sú er í stefnu á hól á mýrinni fyrir austan Kotströnd, úr þessari vörðu í vörðu, sem er hornmarksvarða milli Kotstrandar og Sogns upp á Sandárbökkunum fyrir austan ána; úr þeirri vörðu stefna til vestur-útsuðurs, hjerumbil stefnu á Kröggólfsstaði í merkjavörðurnar, sem verið hafa millum Sogns og Reykjatorfunnar tveimur næstum í sömu átt og þaðan í áður greindan Farkeldupytt." segir í landamerkjalýsingu Sogns frá 1890 og birt er í skrá Ágústar Dalkvist um örnefni á Sogni. Þessar vörður eru horfnar en voru í Ölfusforum.

Ölfusforir hafa tekið miklum breytingum eftir að landið var ræst fram og þar gerð áveita um miðja síðustu öld. Frekari heimilir þarf til þess að staðetja minjarnar með innan við 50 m skekkju.

Engin ummerki um þessar vörður sjást á yirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3-4

**ÁR-514:049** gata leið 64°00.556N 21°08.605V

Götur eru fast austan Sogna, líklega er þetta selstígur að báðum seljunum. Leiðin klofnar í tvennt norðan við fjallið, annar hlutinn lá til norðurs að seli 025 en hinn til austurs, að seli 026. Báðar útgáfurnar hverfa áður en þær koma að seljunum.

Leiðin liggur í heiðlendi. Hlutar þess eru rofnir, þar er melur. Mosi og lyng er áberandi ásamt stökum steinum hér og þar. Leiðin liggur á milli tveggja fjalla, Reykjafjalls til vesturs og Sogna til austurs. Víða eru lækjarfarvegir og -drög.



Leið ÁR-514:049, hoft til SSA.

Leiðin liggur til norðurs og sést ekki fyrr en á milli fjallanna. Nær bænum eru tún og deiglendi. Leiðin sést á tæplega 590 m löngum kafla, áður en hún klofnar til norðurs. Hún er 1-2 m á breidd og melur er í botninum þar. Á köflum eru 2-5 rásir sem sjást þar. Hluti B liggur áfram til norðurs að seli 025. Leiðin sést á tæplega 180 m lögnum kafla áður en hún fjarar út til norðurs skammt sunna við lækjardrag. Leiðin liggur norður-suður og er mun umfangsminni en hluti A. Hún er 1 m á breidd og það má greina 1 rás í henni. Hluti C liggur til austurs meðfram Sognsfjalli og að seli 026. Leiðin er svipuð g hluti B og hverfur að lokum í mel, fast austan við lækjargil.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-514:050** hleðsla varnargarður

63°59.624N 21°08.850V

Hlaðið garðlag sést liggja þvert yfir Fögrubrekku, fast austan við landamerki Sogns og Reykja ÁR-517. Það er líklega hlaðið undir girðingu en fær að njóta vafans og talið hér til fornleifa. Garðlagið er rúmum 830 m suðvestan við bæ 001 og 170 m norðvestan við áningarstað 040.

Fagrabrekka er uppblásin, smá gras er efst í henni. Stórgrýti, melur og mold er víða. Brekkan er brött til austurs.



Garðlag ÁR-514:050, horft til vesturs.

Garðlagið er 18 m langt, 0,2 m á hæð og liggur austur-vestur. Það er 1 m á breidd og grjóthlaðið. Það

glittir í 1 umfar af mógrýti í því. Í því miðju glittir í einn girðingarstaur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-514:051** garðlag áveita 63°59.483N 21°08.779V

Um 960 m suðvestan við bæ 001 og rúmlega 280 m NNV við vörðu 045 er fremur veigalítið garðlag.
Garðurinn liggur gegnum blautt svæði sem er vaxið votlendisgróðri. Óljóst vottar fyrir gömlum vatnsfarvegum sem eru nær algrónir.
Garðlagið liggur nálega í beinni línu í austur-vestur á 210 m löngum kafla. Það er torfhlaðið og er garðurinn 0,4 m á hæð og 0,3 m breiður. Þetta er eflaust áveitugarður enda er þetta svæði nokkuð blautt og grasgefið.
**Hættumat:** engin hætta



Garðlag ÁR-514:051, horft til vesturs.

**ÁR-514:052** heimild um landamerki 63°59.299N 21°08.213V

"þaðan í sömu stefnu eptir merkja vörðum á mýrinni beina stefnu á Varghól," segir í skrá Ágústar Dalkvist sem birtir landamerkjalýsingu Sogns frá 1890. Þessar vörður eru horfnar og finnst ekki. Á merkjum Sogns og Gljúfurholts ÁR-515 eru nú djúpir, framræstir skurðir.
Mýrin er framræst, svæðið er kílræst og nýtt til beitar. Ekki er vitað hvað vörðurnar í mýrinni voru margar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ágúst Dalkvist, 3

# ÁR-515 Gljúfurholt

"Jarðdýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af." JÁM II, 404. 30 hdr. 1847. JJ, 75.
1522: Jörðin er nefnd í fjárskiptabréfi milli Hólmfríðar Erlendsdóttur og Eyjólfs Einarssonar, sonar hennar og systkina hans. DI IX, 87.
"Mörk fyrir engjum Gljúfurholts voru mjög sérkennileg. Gömul árför í mörgum krókum á báða vegu. Austan gamall farvegur Gljúfurholtsár. Vestan gamall farvegur Varmár." Ö-Gljúfurholt, 3.
1920: Tún 3.8 ha, þar af c. 1/2 slétt. Garðar 1025 m2.

**ÁR-515:010** *Tættur* tóft fjárhús 63°58.755N 21°08.727V
"Tættur: klettahóll skammt norðvestur af Fjallabæjarveginum. Þar voru peningshús um eitt skeið. Þau átti Jóhann V. Daníelsson síðar kaupmaður á Eyrarbakka," segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin eru tæpum 380 m norðan við bæ 001 og tæpum 490 sunnan við stekk 016. Fjárhúsin eru uppi á hól, hann er hæstur til norðvesturs. Þar er hann um 10 m á hæð en fjarar svo út til austurs. Raflína liggur nánast yfir tóftina, sem er sunnarlega á hólnum.
Tóftin er sunnarlega á hólnum, þar sem skagar til suðausturs. Klettastrýta er fast norðvestan hennar. Svæðið er gróið og ræktuð, framræst tún þar umhverfis.
Tóftin er 12x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti.



Teikning af tóft 010


Tóft ÁR-515:010, horft til norðurs.

Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð, hæstir að innan til norðurs. Það glittir í 1 umfar af grjóthleðslu í vesturlangvegg. Aðrir veggir eru algrónir. Tóftin er opin suðurs og bratt til vesturs, niður frá henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Gljúfurholt, 2

**ÁR-515:011** *Neðri Rúst* heimild um fjárhús
"Neðri Rúst: Smáhóll, leyfar af fjárhúsi frá Gljúfurh. norðaustan við þar sem Graflækurinn beygir til austurs. Suðaustur af Hellholti," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar þessi tóft er staðsett, þeir heimildamenn sem fundust höfðu ekki heyrt hennar getið. Tóftin var líklega norðaustan við bæ 001, þar er mikið raskað svæði og Graflækurinn kominn í skurð. Nánari heimildir þarf til þess að staðsetja tóftina.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gljúfurholt, 2

**ÁR-515:012** *Efri Rúst* tóft fjárhús 63°59.342N 21°07.838V
Í örnefnalýsingu segir: «Efri Rúst: Smáhóll, leyfar af fjárhúsi á Haukamelsbörðum. Það fjárhús var frá Sogni.» Í örnefnalýsingu Sogns segir: „Ég heyrði sögn (afi Ö.Ö.) um að mörkin hefðu verið í Sauðaklöpp (sjá Gljúfur og Kotströnd ÁR-513:012). Innan þeirra marka er rúst af fjárhúsi (Efri-Rúst, Gljúfurholt). Þar hafði Magnús bóndi á Sogni (um 1830) sauði sína 16 og 20 að tölu, eins og það var orðað. Þessi rúst var greinileg í mínu minni og fannst mér ólíklegt að húsið hafi rúmað 36 sauði.“ Fjárhúsin eru rúma 1,6




Teikning af tóft 012.



Tóft ÁR-515:012, horft til norðvesturs.

km norðan við  bæ 001 og er innan Sogns.
Tóftin er efst á grasigrónum ási, en á víð og dreif má sjá moldarflagsbletti. Umhverfis holtið er mýrlent og til suðurs er akvegur og ræktað tún. Sinublettir eru allsráðandi norðan tóftarinnar.
Tóftin er 14x7 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Hólfunum var gefið númer til aðgreiningar og hefst lýsingin að sunnan, í hólfi I. Það er 8x7 m að innanmáli og eru veggir torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru 2 m á breidd og er mesta vegghæð 0,5 m. Norðvesturveggur hólfsins er ógreinilegur, en þó sést í grjóthleðslu á yfirborði. Veggjahrun er greinanlegt í suðurenda hólfsins. Steinhleðslur eru vallgrónar og ekki möguleiki að sjá umför á þeim. Hólfið er opið til suðurs. Milli hólfs 1 og 2 er grjóthleðsla frekar en eiginlegur veggur. Hólf 2 er  norðar. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru 2 m á breidd og 1,5 m á hæð. Á fáeinum stöðum hafa steinar ollið úr norðurveggnum. Hólfið er ögn niðurgrafið og ekkert op er sjáanlegt á yfirborði. Ekki fundust leifar að jötu né öðru sem gefur hlutverk hólfsins til kynna. Niðurgröfturinn gæti þó bent til að hún sé hlaða.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gljúfurholt, 3; Ö-Sogn, 1

**ÁR-515:015** heimild um leið 63°59.040N 21°08.690V
“Leirholt. Gróðurlaust melholt, norðaustur af Leirholtsbarði. Um það lágu engjagötur frá Sogni, sjást þær enn sporaðar í klappir,” segir í örnefnalýsingu. Heimildamenn könnuðust ekki við þessa leið né sporaðar klappir. Þeir mundu ekki eftir neinu grjóti á Leirholti, þar var bara melur að þeirra sögn.
Leirholt er mikið raskað.  Þar er nú íbúðahverfi, í því eru um 15 hús  sem raðast eftir holtinu að vestan og sunnan. Ennþá er verið að reisa hús á þessu svæði. Holtinu hefur öllu verið raskað með vegagerð og lagnagerð.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 2

**ÁR-515:016** tóft stekkur 63°59.004N 21°08.517V
“Hellholt: … sunnan við það var Stekkatúnið,” segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er tæpum 850 norðan við bæ 001 og rúmum 500 m norðan við tóft 010. Tóftin er sunnan í Hellisholti, 5 m norðaustan við malbikaðan veg sem liggur að íbúðabyggð á Leirholti. Raflína er 2-5 m norðaustan við tóftina. Grunnur 20. aldar fjárhúsa er um 200 m norðvestar.
Hellholt er klapparholt, þar er fremur lágt, 2-5 m á hæð og 270 m að lengd. Tóftin er við suðurenda holtsins, þar er beitarhólf fyrir hross. Holtið er gróið en víða koma klettar og grjót uppúr sverði.
Stekkurinn er 11x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann skiptist í 3 hólf og líklega var honum breytt í rétt eða fjárhús sbr. örnefnið Stekkatún.  Hólf 1 er austast. Það er 4x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru grjóthlaðnir og má sjá 1-2 umför af grjóti í þeim. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð. Hólfið er grafið inn í hól til norðausturs og þar er veggjahrun. Hólf 2 er norðvestar. Það er 7x5 m að stærð og óreglulegt í laginu. Að sunnan er grjóthleðsla eða hruninn veggur sem rétt



Stekkur ÁR-515:016, horft til norðurs.




Teikning af stekk 016.

sést glitta í. Ekkert op sést þarna á yfirborði. Til austurs og norðvesturs afmarkast hólfið af náttúrulegum klettum, allt að 1 m á hæð. Það glittir í 2-3 umför í norðvesturhorni. Hólf 3 er norðvestar. Það er hrunið og óljóst. Mjög lítið torf er í veggjum, ef eitthvað. Það er 4x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs en þar er hrun fyrir framan. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,5 m á hæð og algrónir. Hólfið er grafið inn í lága brekku.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Gljúfurholt, 2

# Heimildir


Árni Hjartarson, Hallgerður Gísladóttir og Guðmundur J. Guðmundsson. 1997.

*Manngerðir hellar á Íslandi*. Reykjavík: Menningarsjóður.

*Bakkárholtssel-Sognasel-Gljúfursel-Öxnalækjarsel*. Ferlir. Skoðað þann 16.10.2017. Slóðin er: https://ferlir.is/bakkarholtssel-sognasel-gljufursel-oxnalaekjarsel-saurbaejarsel/

Bjarni F. Einarsson. 2009. „Fornleifakönnun.“ *Suðurlandsvegur. Frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss*. Reykjavík: Efla og Vegagerðin.

*Biskupasögur II*. 1858-1878.  Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Brynjúlfur Jónsson. 1897. „Fjall í Ölfusi.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja, bls. 18-20.

**DI**: Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn. I-XV. 1857-1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred og Þóra Pétursdóttir. *Hernámið í ljósi fornleifafræðinnar*. Í vinnslu.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar.* 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd.

*Frásögur um fornaldarleifar 18171823*. 1985. Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss. 1. bindi*. Selfoss: Selfosskaupstaður.

Guðmundur Kristinssson. 1998. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. Selfoss: Árnesútgáfan.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Selvogs- og Ölfushreppi. FS084-99012*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: Íslensk fornrit. I-XVII. bindi. 1935-2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. II bindi*. 1918-1921. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

**JJ**: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: án útgefanda.

Kristian Kålund. 1984. *Íslenzkir sögustaðir* I. *Sunnlendingafjórðungur.* Haraldur Matthíasson þýddi. Reykjavík

Kristinn Magnússon. 2008. *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning*. Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:9. Fornleifavernd ríkisins: Reykjavík.

Lög um menningarminjar. Sótt þann 29.08.2014. Slóðin er: http://www.althingi.is/lagas/141a/2012080.html

Margrét Hallmundsdóttir o.fl. 2008. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1*. 2008/2. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Margrét Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise. 2009. *Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi. 2009/2*. Byggðasafn Árnesinga: Eyrarbakki.

Minjastofnun Íslands. 2017. *Minjagátt*. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: https://www.map.is/minjastofnun/

*Núpastígur-Núpasel-Skógarvegur-Valhnúksskarð.* Ferlir. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: http://www.ferlir.is/?id=6397

Orri Vésteinsson. 1998. „Patterns of Settlement in Iceland: Study in Pre-History.“ *Saga-Book XXV*: 1–29.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2015. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla I.* FS536-12021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*. FS626-12022. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Riftún-Kross*. Ferlir. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: http://www.ferlir.is/?id=17481

*Seldalur-Núpasel*. Ferlir. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: http://www.ferlir.is/?id=18711

**SSÁ***: Árnessýsla. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 18391843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson.*1979. Reykjavík: Sögufélag.

Stefán Ólafsson. 1885. *Kvæði* I. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

***SB III****: Sunnlenskar byggðir III*. 1983. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Þórður Sigurðsson. 1931. „Örnefnatal í Hellislandi 1931.“ *Skyggnir I*. bls.122-127.

## Óútgefnar heimildir

Ágúst Dalkvist. 2012. *Sogn í Ölfusi*. Óútgefið handrit.

**Herforingjaráðskort 47:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Sótt af http://islandskort.is/is/category/list/29

Kort Ingólfs Einarssonar 1969: *Afréttur Hjallasóknar. Skálafell, Hellisheiði, Reykjafell, Svínahraun, Sauðadalir, Lambafell, Meitlar.* Eiríkur Einarsson safnaði örnefnum en Ingólfur Einarsson gerði kortið. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Landamerkjabréf:** Árnessýsla – Landamerkjabók 1883-1949. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

*Skráning menningarleifa í Ölfusi, örnefni, þjóðtrú o.fl.* Eiríkur Einarsson og Þórður Ö.

Jóhannsson. Óútgefið handrit. Sveitarfélagið Ölfus.

*Túnakort* í Ölfusi frá 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: http://www.archivesportaleurope.net/ead-display/-/ead/pl/aicode/IS-PI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa+-+T%C3%BAnakort+1916-1929/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012/search/0/T%C3%BAnakort

**Ö-Alviðra a:** Örnefni í Alviðru. Árni Jónsson skráði 1963. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

